

Endurskoðun
sauðfjársamninga og
kvótakerfis í mjólk

Talin mesta ógnin við
lýðheilsu í heiminum

Hör spunnid í lín



Bændablaðið

1. tölublað 2019 • Fimmtudagur 17. janúar • Blað nr. 530 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Hörður Sigurjónsson, gæða- og sölustjóri á Hótel Sögu í Reykjavík, við glænýjan Mímisbar. Hann er að láta af störfum eftir 53 ára starfsævi og lengst af sem þjónn. Hefur hann verið drjúgum hluta þess tíma í Bændahöllinni þar sem hann segist hafa átt dásamlegan tíma á skemmtilegum vinnustað. Þar er búið að gera gríðarmiklar endurbætur á undanförunum misserum, m.a. með endurgerð fjölda herbergja, endurnýjun á Súlnasal og ekki síst er búið að taka fyrstu hæðina algjörlega í gegn. Þar er Mímisbar með nýju sniði og stórbættri aðstöðu fyrir gesti og veitingastað þar við hlið með opnu eldhúsi. Hörður hefur kynnst og þjónað fjölmörgum frægum gestum í gegnum tíðina, eins og forsetum Íslands, Charlton Heston, Ellu Fitzgerald, Louis Armstrong og Danadrottningu, svo einhver séu nefnd. – Sjá viðtal við Hörð á bls. 32 og 33.

Mynd / Hörður Kristjánsson

Kúabændur kjósa um hvort afnema beri kvótakerfið í mjólkurframleiðslunni

– Mikilvægt að þátttaka í kosningunni í næsta mánuði verði góð, segir Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda

Kúabændur munu í næsta mánuði kjósa í rafrænni kosningu um framtíðarskipan mála í greininni og hvort afnema beri kvótakerfið í mjólkurframleiðslunni eða ekki.

„Fyrst og fremst vænti ég þess að sem flestir bregðist við og taki þátt, ég hvet alla sem þátttökurétt hafa til að taka þátt í kosningunni. Það er mikilvægt fyrir endurskoðunarvinnuna fram undan að vilji bænda sé skýr, það sé á hreinu hvernig við viljum sjá mál í okkar atvinnugrein þróast til framtíðar,“ segir Arnar Árnason, formaður Landssamband kúabænda, (LK).

Senn verður opnað fyrir þátttöku og stendur kosning yfir í um það bil eina viku. Hver innleggjandi hefur eitt atkvæði, en Arnar segir atkvæðagreiðsluna einfalda.

„Þar er spurt hvort bændur vilji

afnema kvótakerfið í mjólkurframleiðslunni eða viðhalda því, einföld já eða nei spurning,“ segir hann. Allir þeir sem framleiða mjólk hér á landi hafa rétt á að taka þátt. Áður en atkvæðagreiðslan hefst munu verða birtar upplýsingar um hvað felst í því að kjósa á hvorn veginn fyrir sig.

Í framhaldi af atkvæðagreiðslunni verður einnig framkvæmd skoðanakönnun þar sem þeir mjólkurframleiðendur sem eru félagsmenn í LK og/eða BÍ hafa möguleika á að koma skoðun sinni á frekari útfærslum á framtíðarskipan mála í mjólkurframleiðslu á framfæri við forystuna.

Vilji bænda verður að vera ljós

„Það er mikilvægt fyrir okkur vegna þeirrar samningavinnu sem

fram undan er að vilji bænda liggja ljós fyrir áður en farið verður í samningalotuna. Það gengur ekki upp að eyða vinnu í útfærslu á kerfi sem svo kemur í ljós að enginn vilji er fyrir hendi meðal notenda þess að halda við,“ segir Arnar.

Hann segir að forysta LK vinni eftir samþykkt aðalfundar félagsins frá því í fyrra, en þar var þeirri skoðun lýst að verði kvótakerfi áfram við lýði í mjólkurframleiðslu skuli setja hámarksverð á kvótann og viðskipti með kvóta skuli fara fram í gegnum opinberan aðila. Hann nefndi einnig að í væntanlegum samningaviðræðum verði áhersla lögð á að nýliðar í greininni fái áfram forgang eða eins konar ívilnun þegar að kvótakaupum kemur. Auk þess þarf að semja um fyrirkomulag verðlagningar og hlutfallslegan stuðning á einstaka liði samningsins.

Hann segir fulltrúa bænda vissulega ganga að samningaborði með sínar áherslur, en fólk þurfi að átta sig á að viðsemjandinn, ríkið, hafi einnig sínar skoðanir á hvernig málum verði best fyrirkomið.

„Við væntum þess að aðilar nái saman um lausn sem allir geti sætt sig við.“

Nauðsynlegt að hafa framleiðslustýringu

„Ég vænti þess að kúabændur taki vel við sér og kjósi um framtíð mjólkurkvótans í þeirri kosningu sem fram undan er. Þessi kosning var skrifuð inn í síðasta búvörusamning og nú er komið að því að framfylgja því ákvæði samningsins og eyða jafnframt þeirri óvissu sem ríkt hefur í greininni undanfarin misseri og gert að verkum að mikil uppsöfnuð

spenna er í viðskiptum með greiðslumarkið. Við þurfum umfram allt að koma eðlilegri hreyfingu á þau viðskipti á ný,“ segir Arnar.

Hann kveðst ekki liggja á þeirri skoðun sinni að nauðsynlegt sé að hafa stýringu á mjólkurframleiðslu hér á landi, enda hafi hún sannað sig og gert kúabúskap jafn öfluga atvinnugrein og raun ber vitni um. Verði framleiðslan gefin frjáls, kvótinn afnuminn, megi búast við að stöðin hrynji. Framleiðslan aukist til muna þegar allir geta framleitt eins og þá lystir og því megi búast við að afurðaverð til bænda lækki í kjölfarið. Gera mætti ráð fyrir að það hefði þær afleiðingar að ekki yrði lengur hægt að leggja söfnunar- og kaupskyldu á mjólkuriðnaðinn og eins gæti flutningsjöfnunarkostnaður fokið út í veður og vind. *MPB*

KLETTAR

ÍSLENSK HEILSÁRSHÚS - SÉRHÖNNUÐ
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



NÝTT

Grunnflötur
80 fm
+ 49 fm svefnloft

- Forsniðin einingahús
- Fljótleg í uppsetningu
- Hagkvæm í innkaupum
- Íslensk hönnun



- Einfalt að stækka



Verð 9.349.000 kr. m/vsk

Grunnflötur 65 fm + 35 fm svefnloft
Verð 7.176.000 kr. m/vsk

JÖKLAR

Upplifun á Íslandi

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR
ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU

Forsniðin einingahús Fljótleg í uppsetningu



GRUNNHÚS - Verð m/vsk
2.589.600 kr.

JÖKLAR - FLATT ÞAK

Grunnhús
24,3 fm

Einfalt að
stækka



GRUNNHÚS - Verð m/vsk
2.797.600 kr.

JÖKLAR - BURST ÞAK

Grunnhús
24,3 fm

Einfalt að
stækka



GRUNNHÚS - Verð m/vsk
2.797.600 kr.

JÖKLAR - ÍSLENSKU HÚSIN

Grunnhús
24,3 fm

Einfalt að
stækka

Húsin afhendast ósamsett miðað við skilalýsinguna „Tilbúin að utan, fokheld að innan“ Húsin standast 100% íslenska byggingareglugerð.

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is



LANDSHÚS

FRÉTTIR

Framleiðsluvirði landbúnaðarins var tæpir 63 milljarðar 2017

Hagstofa Íslands hefur birt yfirlit um heildarframleiðsluvirði landbúnaðarins fyrir árið 2017 og gerir samanburð á framleiðsluvirðinu við tvö ár þar á undan. Þar kemur fram að framleiðsluvirðið var 62,8 milljarðar á grunnverði 2017 og lækkar um 0,5 prósent frá fyrra ári.

Framleiðsluvirði afurða búfjárræktar var 42,0 milljarðar króna og þar af vörutengdir styrkir og skattar um 11,6 milljarðar króna. Vörutengdir styrkir eru til dæmis beingreiðslur en vörutengdir skattar eru til dæmis búnaðargjald og verðmiðlunargjöld.

Virði afurða nytjaplönturæktunar 16,7 milljarðar

Virði afurða nytjaplönturæktar eru tæpir 16,7 milljarðar og þar af vörutengdir styrkir og skattar 604 milljónir króna, en var rúmir 16,1 milljarðar árið á undan. Aðfanganotkun landbúnaðarins í heild er 40,3 milljarðar árið 2017 og lækkaði um 0,8% frá fyrra ári.

Í yfirliti Hagstofu Íslands segir að lækkun á framleiðsluvirði árið 2017 megi rekja til 5,1 prósent lækkunar á verði, en á móti komi 4,9 prósent magnaukning. Notkun aðfanga eykst um 1,9 prósent að magni, en verð aðfanga lækkaði um 2,7 prósent. /smh

Yfirlit Hagstofu Íslands um framleiðsluvirði greina landbúnaðarins árin 2015-2017:

Afkoma landbúnaðarins 2015-2017

Á verðlagi hvers árs í milljónum króna	2015	2016	2017	Hlutfallsbreyting í % 2016/2017
Virði afurða nytjaplönturæktar	17.023	16.121	16.691	3,5
Þ.a. vörutengdir styrkir og skattar af nytjaplönturækt	295	118	604	411,9
Virði afurða búfjárræktar	43.807	42.538	42.039	-1,2
Þ.a. vörutengdir styrkir og skattar af búfjárrækt	10.336	10.574	11.598	9,7
Tekjur af landbúnaðarþjónustu	316	334	293	-12,3
Tekjur af óaðskiljanlegri aukastarfsemi	3.425	4.084	3.749	-8,2
Heildarframleiðsluvirði	64.571	63.077	62.772	-0,5
Kostnaður við aðfanganotkun	41.425	40.674	40.342	-0,8
Vergt vinnsluvirði	23.146	22.403	22.430	0,1
Afskriftir fastafjármuna	5.468	5.554	6.275	13
Hreint vinnsluvirði	17.678	16.849	16.154	-4,1
Aðrir framleiðslustyrkir	195	186	205	10,2
Aðrir framleiðsluskattar	0	0	0	..
Þáttatekjur	17.873	17.035	16.359	-4
Launakostnaður	4.855	6.186	6.511	5,3
Rekstrarhagnaður/einrykjatekjur	13.018	10.849	9.848	-9,2
Leiga og önnur leigugjöld af fasteignum sem ber að greiða (jarðaleiga)	154	235	169	-28,1
Fjármagnsgjöld	3.652	4.469	4.303	-3,7
Fjáreignatekjur	76	184	198	7,6
Tekjur af atvinnurekstri	9.287	6.329	5.574	-11,9

Greining Sjávarklasans:

Matarfrumkvöðlar flýja Ísland

Í Greiningu Sjávarklasans sem var gefin út nú í janúar er dregin frekar dökk mynd upp af þróun í starfsemi matarfrumkvöðla á Íslandi. Virðist tilhneigingin vera sú að þeir flýja nú Ísland með framleiðslu sína vegna óstöðugs rekstrarumhverfis.

Sjávarklasinn aflaði upplýsinga frá tíu matarfrumkvöðlum, sem hafa þróað vörur eða búnað til útflutnings innan vébanda Sjávarklasans og eru tveggja til tíu ára gömul. Þar kemur fram að nærri öll þeirra hafa átt í erfiðleikum með útflutninginn. Ástæður eru gjarnan gengishækkningar og innlendir kostnaður, sem hefur leitt til þess að sum fyrirtækjanna flýja framleiðslu til Evrópu þar sem dæmi er um að framleiðslukostnaðurinn hafi lækkað um allt að 60 prósent. Flutningskostnaður lækkar sömuleiðis þar sem framleiðslan er komin mun nærri markaði. Auk þess hafa stjórnmál og sveitarfélög í nágrannalöndunum boðið ýmsum frumkvöðlafyrirtækjum áhugaverða þjónustu og friðindi séu þau tilbúin til að flytja starfsemi til landanna. Íslensk fyrirtæki hafi nýtt sér slík tilboð.

Framleiðslan í Norður-Ameríku, þakkingar frá Evrópu

Í greiningunni er haft eftir stofnendum frumkvöðlafyrirtækis sem hóf starfsemi 2013 og selur hágæða fæðubótarefni úr íslensku hráefni að fyrirtækið hafi komist ágætlega frá íslenskum sveiflum þar sem framleiðslan sé í Norður-Ameríku en þakkingar komi frá Evrópu.

„Við erum þannig með í raun framleiðslukostnað mestmeðrin í dollurum og evrum og kostnaður



Frumkvöðlarnir í Pura Nature eru meðal þeirra sem hafa flutt framleiðslu sína úr landi. Um fæðubótavörur er að ræða sem unnar eru úr innmat og kirtlum lamba í bland við íslenskar villijurtir. Tæknileg vandamál á Íslandi er hluti ástæðunnar en einnig óstöðugt og erfitt rekstrarumhverfi til útflutnings.

því ekki fylgt íslensku krónunni eða launakostnaði hér heima. Við ætludum heim með framleiðslu og enn langar okkur til að framleiða heima. Það er auðvitað á margan hátt mun auðveldara,“ er haft eftir frumkvöðlunum.

Annar matvælafrumkvöðull greindi frá því í Greiningu Sjávarklasans að í byrjun starfseminnar hafi verið stefnt á sölu til Danmerkur og var markaði sett á að selja vöruna með 40 prósent framlegð. Það gekk eftir í byrjun, miðað við þáverandi gengi, en síðan hafi krónan styrkst um 30 prósent gagnvart dönsku krónunni sem hafi leitt til þess að ábatinn hafi að mestu horfið. Þegar svo laun hækkðu

og annar kostnaður á Íslandi hafi fyrirtækið staðið frammi fyrir taprekstri með útflutninginn.

Sjávarklasinn segir að raunin sé að íslensk fyrirtæki nýti sér í auknum mæli þjónustu ýmissa verktaka erlendis við framleiðslu sína, sem eru sérhæfðir í ýmsum þáttum framleiðsluferilsins; til dæmis í efnablöndum, niðurlagningu og niðursuðu, þökkun, prentun og áfyllingu.

Best að nýta heimamarkaðinn sem tilraunamarkað

Sjávarklasinn metur stöðuna á Íslandi þannig að best sé fyrir íslensk frumkvöðlafyrirtæki að

skoða í upphafi vel þann möguleika að hefja framleiðslu utan Íslands, helst nálægt þeim mörkuðum sem ætlunin er að leggja áherslu á. Reynslan á Íslandi sýni að þar hefur staðan verið nánast óbreytt í eina öld þegar skoðaðar eru þær vörur sem eru fluttar héðan út. Frumkvöðlafyrirtækjum virðist farnast vel að byrja þróun á Íslandi og nota innlenda markaðinn sem tilraunamarkað. Íslendingar séu þannig yfirleitt jákvæðir gagnvart íslenskri nýsköpun og þróunarteymi í rannsóknarstofnunum og háskólum héraðsins séu mjög jákvæð fyrir samstarfi. Þróunarvinna, rannsóknir og önnur fagvinna geti þannig haldist á Íslandi að hluta enda

sé samkeppnisstaðan í þessum þáttum sterkari í hinni eiginlegu framleiðslu.

Hlúa þar betur að fyrirtækjum

Sjávarklasinn segir mikilvægt að skoða hvernig betur megi hlúa að fyrirtækjum sem vilji eða þurfi að framleiða á Íslandi, til dæmis vegna nálægðar við hráefni sem notuð eru. Frumkvöðlafyrirtækin séu sammála um að koma þurfi á auknu samstarfi um flutninga og hugsanlega sameiginlegar vörugæmslur erlendis. Skoða þurfi hvort sameiginleg nýting vörumerkisins Ícelandic, sem sé í eigu stjórnvalda, geti nýst fyrirtækjum. /smh

GRÆÐIR

NÝR SEKKJUNARSTAÐUR

Framleiðslan hefur verið flutt til Finnlands. Nýr sekkjunarstaður uppfyllir allar okkar gæðakröfur. Finnar hafa mjög góða reynslu í meðhöndlun á hágæðaáburði.

NÝJAR TEGUNDIR

Í ár höfum við breytt og bætt við Fjölgræði 6 og Fjölgræði 12. Báðar tegundir innihalda góð NPK gildi með háu innihaldi af magnesíum og selen.

NÝIR STÓRSEKKIR

Græðir sekkirnir hafa verið endurhannaðir frá grunni og styrktir sérstaklega til að þola íslenska veðráttu og breytt á þann veg að auðvelda lokun sekkjana. Framleiddir í Bretlandi.



ÁBURÐARVERÐSKRÁ 2019

Verðskrá gildir til 31. Janúar 2019

EINGILDUR	Tegund:	Gjaldlagi		Greiddudreifing kr./tonn án vsk.	N	P ₂ O ₅	P	K ₂ O	K	Ca	Mg	S	B	Se
		1. mars kr./tonn án vsk.	1. maí kr./tonn án vsk.											
EINGILDUR	Magni 1 N27	55.154	56.953	59.950	27					8,4				
	Magni S N26 + 4S	57.293	59.161	62.275	26					7		4		
TVÍGILDUR	Fjölgræði 2 23-12	68.397	70.628	74.345	23	12	5,2			6		2		
	Fjölgræði 3 25-5 Selen	66.821	69.000	72.632	25	5	2,1			7		2		0,0015
	Fjölgræði 4 24-9 Selen	67.063	69.250	72.895	23,8	9	4			6		2		0,0015
ÞRÍGILDUR	Græðir 1 13-15-18	88.138	91.012	95.802	13	15	6,6	17,5	14,6		1	14	0,03	
	Græðir 8 21-7-11 Selen	72.100	74.452	78.370	21	7	3,1	11	9	1		2		0,0015
	Græðir 9 27-6-6 Selen	69.211	71.468	75.229	27	6	2,6	6	5	1,1		2		0,0015
	Fjölgræðir 5 17-15-12	75.798	78.260	82.379	17	15	6,6	12	10	4		2		
	Fjölgræðir 6 20-10-10 Se + Mg	68.338	70.566	74.639	20	10	4,3	10	8,1	1	1,6	3		0,0015
	Fjölgræðir 7 22-14-9 Selen	74.151	76.569	80.599	22	14	6,1	9	7,3	1		2		0,0015
	Fjölgræðir 12 22-8-7 Se + Mg	65.932	68.082	71.665	22	8,3	3,6	7,4	6,2	1	1,6	3		0,0015
	UREA	Er í skoðun, nánari uppl. síðar												

Listagripir verða til í Árskógum

Í Árskógum í Reykjavík er áhugavert opið félagsstarf í boði á smíðastofu fyrir fólk frá 18 ára aldri með leiðbeinanda þannig að fólk getur komið alla daga vikunnar og fengið leiðsögn. Hér lætur hagleiksfólk hugmyndaflugið ráða för og hafa ýmsir listagripir orðið til hér í árunna rás eins og standklukkur og fiðlur ásamt mörgu fleiru, undir handleiðslu Einars Jónssonar húsgagnasmíðs.

„Þetta eru mjög fjölbreytt verkefni sem fólk vinnur með hér og mitt hlutverk er að leiðbeina þeim sem hér vilja vera við smíðarnar. Þetta er opið fyrir alla frá 18 ára aldri en þetta er mest eldra fólk sem kemur hingað að smíða. Sjálfur er ég húsgagnasmíður og búinn að sinna þessu í rúm 20 ár. Í byrjun kom það þannig til að frænka mín starfaði sem leiðbeinandi á Dalbraut og kom mér inn í þetta góða starf sem hefur gefið mér mjög mikið. Ég er þrjú daga í viku hér og tvo daga í viku í Gerðubergi í Efra-Breiðholti. Það sem er skemmtilegast er að hér eru margir að uppfylla gamla drauma, eins og árið 2003 var hér maður sem hafði gengið með það í maganum í 60 ár að smíða fiðlu og lét verða af því hér. Einnig hafa útskrifast hér nokkrar stórar standklukkur, sumar útskornar í eik og er slíkt verkefni eitthvað sem tekur meira en ár að vinna með,“ útskýrir Einar brosandí.

Samkvæmt upplýsingum á vef Reykjavíkurborgar er Markmið félagsstarfsins að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á opið félags- og tólmundastarf auk fjölda námskeiða. Félagsstarfið er vettvangur samfunda, mannlegra samskipta og skapandi athafna. Leitast er við að virkja frumkvæði og hæfileika hvers og eins.

/ehg

Soffía Antonsdóttir byrjaði að sækja smíðastofuna í haust og hefur mætt þrisvar í viku. Hún sérhæfir sig í að tálga fugla og þarf að þússa þá vel eftir tálgunina.



Magnús Helgi Magnússon var búinn að smíða þrjú litla kistla sem unnir eru úr sérvöldu birki frá Vaglaskógi sem er algjörlega kvistalaust. Kistlarnir voru glæsilegir á að lita með útskornum nöfnum barnanna sem þá fá og sóleyjarblóminu á hverjum og einum.



Einar Jónsson er leiðbeinandi á smíðastofunni í Árskógum í Reykjavík þar sem margir eðalgripir hafa orðið til í gegnum tíðina.



Ómar Arason var að leggja lokahönd á tignarlegan örn sem hann hafði skorið út en hann hefur stundað félagsstarfið í Árskógum í þrjú ár.



Þeir voru einbeittir í útskurðinum þeir Hrafnkell Kárasón og Guðmundur Haraldsson sem hafa verið með í smíðastofunni í nokkur ár.



Gunnar Guðmundsson var langt kominn með fiðlu sem hann var með í smíðum.

MÆLT AF
MUNNI FRAM

217

Méð gleðilegum nýársóskum heilsar vísnaþátturinn ykkur, lesendur góðir. Í síðasta þætti liðins árs birtust nokkrar jólavísur eftir **Ingólf Ómar Ármannsson**. Því er gott tilefni að birta eftir hann nokkrar áramóta- og nýársstökur:

*Gleðin vex á gamlárskvöld,
gleymist dægurþrasíð.
Eftir vegleg veisluhöld
vil ég hella í glasið.*

*Nýárskveðju vanda vil,
vermi ykkur hlýja.
Megi fögnuð frið og yl
færa árið nýja.*

Líkt og margir Íslendingar aðrir, þá strengdi Ingólfur þess heit á gamlárskvöld að fara í megrun. Það hefur hann sennilega gert talsvert öli drifinn:

*Um matarvenjur mínar veit,
minnka þyrfti átið.
Stundum reynt að strengja heit
en stenst þó aldrei mátið.*

Þétur Þétursson ber okkur hjónum jólakort ár hvert. Efni þess er jafnan í bundnu máli. Þótt jólakort liðins árs væri ekki sérstaklega merkt vísnaþættinum, þá veit ég hann gleðjast rati efnið hingað inn:

*Heilsum við núna, er hækka fer sól
og hátíðarkveðjurnar sendum.
létti nú erfíðið lukkunnar hjól,
lánið svo færi ykkur gleðileg jól.
Á þökk fyrir árið svo endum.*

Ekki verður ánægja **Einars Kolbeinssonar** minni ef hans yrði að einhverju getið hér í þessum þætti, enda langt um liðið frá því afurðir hans hafa verið hér á borðum. Vísnaflökkur sá er hér fer eftir er, sem stundum fyrr, ortur á liðugri klukkustund þá hann ekur til sjóróðra heiman úr Bólstaðarhlíð hingað norður í Eyjafjörð. Vísnaflökkinn mætti því skröklaust nefna „Ökuljóð“. Brottför úr Bólstaðarhlíð gjörði Einar kl. 9.21:

*Ákefð skapar indæl tíð,
áfram þokast veginn,
var að kveðja Vörmuhlíð
voðalega feginn.*

*Áfram veginn ólmur fer,
andans fylli brunna,
Bakkasel að baki er,
býlið gamalkunna.*

*Áform þjóna andans gerð,
er með hönd á stýri
þeysandi á fullri ferð
framhá Engimýri.*

*Enn mér halda engin bönd,
og þér tjái í ljóði,
að Bægisá á hægri hönd
hef ég núna góði.*

*Svo náí um borð í okkar örk,
arga keyri staði,
þessa fjandans Þelamörk
þeytist nú með hraði.*

*Brúna líkt og bláleitt strik,
byggðir hrossa og manna,
er að kveðja eynd og ryk
Akureyringanna.*

Fimmtán mínútur yfir kl. tíu sendir **Einar** svo lokavísu leiðar sinnar:

*Innra með mér fiðring finn,
fegurð lít ég drafnar,
hvergi smeykur karlinn minn
kem ég nú til hafnar.*

Nokkrar vikur hafa liðið frá ofangreindri sjóferðasögu. En **Einar** spyr títt eftir svartfugli á Eyjafirði:

*Af mér hefur alla ró,
andinn í tómu rugli,
ef að báta sérd á sjó
sem eru á eftir fugli.*

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com




ÞÖKKUM TRAUSTIÐ

*Valtra og Massey Ferguson eru
söluhæstu dráttarvélar árið 2018*

Við erum stolt af þessum árangri og þökkum viðskiptavinum það mikla traust sem þeir sýna okkur og samstarfsaðilum okkar ár eftir ár.

Dráttarvélar yfir 40 hð samkvæmt tölum frá Samgöngustofu



JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Sprettur

ÁBURÐUR

Taktu sprettinn með okkur

REYNSLA - RANNSÓKNIR - TRAUST

VERÐSKRÁ 2019

Öll verð eru í íslenskum krónum pr. tonn og án vsk. Verðlisti getur breyst án fyrirvara

Áburðartegund	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	Na	B	Vatns uppl. P	Fyrirframgr. 1. mars	Greitt fyrir 15. maí	Greiðslu-dreifing
Sprettur N27	27			4,3	1,8						55.596	57.409	60.430
Sprettur N23+Sweet-Grass	23			3,4	1,4	2		3,7			57.072	58.933	62.035
Sprettur+ OEN 42+S+Selen	42					2	0,002				74.030	76.444	80.467
Sprettur 25-5	25	2,2		3,3	1,4	2,5				92%	63.130	65.189	68.620
Sprettur 25-5+Avail+Selen	25	2,2		3,3	1,4	2,5	0,002			92%	67.024	69.210	72.852
Sprettur 26-13	26	5,7		1,3	0,5	2				92%	68.912	71.159	74.904
Sprettur+ OEN 38-8+Se	38	3,5				3	0,002			92%	80.063	82.674	87.025
Sprettur+OEN 35-15 Nýtt	34,5	6,5				2,6				92%	79.514	82.107	86.429
Sprettur+OEN 20-10-15+Poly+Se+Sweet Grass Nýtt	20	4,4	12	1,4	0,5	2,4	0,002	3		92%	75.000	77.446	81.522
Sprettur+OEN 27-10-9+Polysulphate Nýtt	27	4,4	7,5	2	0,6	3,2				92%	74.328	76.752	80.791
Sprettur 22-7-6+Selen	22	3,1	5	2,9	1,2	2,5	0,002			92%	67.230	69.423	73.076
Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	20	2,2	11	2,4	1	2,5	0,002			92%	68.730	70.971	74.707
Sprettur 20-10-10	20	4,4	8,3	2,2	0,9	2,5				92%	66.178	68.336	71.933
Sprettur 20-10-10+Selen	20	4,4	8,3	2,2	0,9	2,5	0,0015			92%	68.672	70.911	74.643
Sprettur 20-12-8+Selen	20	5,2	6,6	2,1	0,9	2,5	0,0015			92%	69.484	71.750	75.526
Sprettur+ OEN 25-12-12+Polysulphate	25	5,2	10	1,6	0,5	3				92%	74.472	76.900	80.948
Sprettur 27-6-3+Selen	27	2,6	2,5	1,4	0,6	2	0,002			92%	68.324	70.552	74.265
Sprettur+ OEN 27-3-3+polysulphate+Sweet Grass	27	1,3	2,5	2,5	0,75	4		3,7		92%	65.608	67.747	71.313
Sprettur 16-15-12	16	6,5	10,	1,3	0,5	2,5				92%	70.725	73.031	76.875
Sprettur+ OEN 20-18-15+Polysulphate	20	7,8	12	1,3	0,4	3				92%	78.647	81.212	85.486
Sprettur 12-11-20+AV+Polysulphate+Bór	12	4,8	17	4,3	1,2	6,7			0,02	92%	73.950	76.361	80.380
Sprettur DAP	18	20								92%	80.190	82.805	87.163
Calciprill				36,4	0,1						35.482	36.639	38.567



Sölustjóri
Lúðvík Bergmann
Sími: 444 3009 / Gsm: 840 3009
bergmann@skeljungur.is



Vestur Húnavatnssýsla
Jón Benedikt Sigurðsson
Böðvarshólum, Hvammstanga
Gsm: 697 5717
jbs2101@gmail.com



Austurland og Austfirðir
Jón Björgvin Vernharðsson
Gsm: 862 0166
jonbvernharðs@gmail.com



Borgarfjörður og Hvalfjörður
Einar Guðmann Örnólfsson
Sigmundarstöðum
Gsm: 862 5075
einargudmann@vesturland.is



Eyja fjörður
Karl Heiðar Friðriksson
Brekku, Dalvík
Gsm: 867 6417
brekka80@simnet.is



Hornafjörður og Suðausturland
Eyjólfur Kristjánsson
Ási
Gsm: 840 8871
harpaey@gmail.com



Mýrar og Snæfellsnes
Sigurjón Helgason
Mel
Gsm: 867 8108
melursf@gmail.com



Eyja fjörður
Reynir Sverrir Sverrisson
Eyja fjörður
Gsm: 866 0921
reynirs68@gmail.com



Rangárvalla- og V-Skaftafellssýsla
Berglind Gunnarsdóttir
Ey1, Hvalsvíllur
Gsm: 899 9806
ey1@simnet.is



Dalir og Reykhólasveit
Anna Berglind Halldórsdóttir
Magnússkógum, Búðardal
Gsm: 895 0559
annaoglolli@simnet.is



Eyja fjörður
Þórarinn Ingi Pétursson
Grund
Gsm: 899 3236
toti@saudfe.is



Árnessýsla
Reynir Þór Jónsson
Gsm: 898 0929
reynirhurðarbaki@gmail.com



Norðvesturland
Eymundur Þórarinnsson
Saurbæ, Skagafirði
Gsm: 892 8012
eymundur@saurbaer.is



Norðausturland
Hallgrímur Hallsson
Sími: 464 1067
Gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is



Ráðgjafi í jarðvegs- og áburðarfræðum
Sigurður Max Jónsson
siggimax@gmail.com

Við erum um land allt og þjónustum þig með ánægju - Hafðu samband




Fylgstu með okkur á facebook / Sprettur áburður



Skeljungur

Borgartún 26 - 105 Reykjavík
sími 444 3000 - fax 444 3001
www.skeljungur.is

FRÉTTIR



Fyrsta fræið sem spírar á tunglinu.

Garðyrkja í geimnum:

Fyrsta fræið spírar á tunglinu


Kínverjar hafa gert tilraun með að láta fræ spíra um borð í tungflauginni Chang'e-4 sem lenti fyrir skömmu á dökku hlið tunglsins sem snýr frá jörðu.

Fræið sem um ræðir og plantan sem upp af því vex er bómullarplanta og um leið fyrsta plantan sem ræktað er á tunglinu. Fræ annarra tegunda sem Kínverjar sendu til tunglsins eru einnig farin að sýna fyrstu merki um að fara að spíra.

Tungflaugin Chang'e-4, sem nefnd er í höfuðið á kínverskri tunglgyðju, er fyrsta tunglfarið til að lenda á þeirri hlið tunglsins sem snýr frá jörðu. Á þeirri hlið er alltaf myrkur og nístingskuldi.

Tilgangur Chang'e-4 leiðangursins er að rannsaka yfirborð tunglsins á þeirri hlið sem fæstir hafa séð og að gera tilraunir með ræktun plantna í lokuðu rými tunglfarsins. Þrátt fyrir að rýmið sem er ætlað til ræktunartilraunanna sé ekki stærra en skúringarfata sem er 16 sentimetrar í þvermál og 18 á hæð er þar auk bómullarfræja að finna repju- og kartöflufæ og plöntu sem kallast gæsamat, egg silkiorma og ger. Auk vatns og jarðvegs.

Gangi allt eftir munu plönturnar framleiða súrefni fyrir silkiormanna og silkiormarnir áburð sem gerið sér



Chang'e-4 og rannsóknarökutæki geimfarsins á tunglinu.

um að brjóta niður fyrir plönturnar þannig að úr verði lítið en sjálfbært vistkerfi svo lengi sem plönturnar fá ljós og yl frá tunglfarinu.

Áður hafa verið gerðar tilraunir með að rækta salat um borð í alþjóðlegu geimstöðinni sem er á sveimi umhverfis jörðina og árið 2015 smökkuðu geimfarar á fyrsta salatinu sem ræktað var í geimnum. Rannsóknir sýna einnig að þörungar hafa lifað í 530 daga utan á geimstöðinni.

Rannsóknir á ræktun plantna og matvæla í geimnum eru líður í því að geta sent mönnum geimför í langar geimferðir sem taka mörg ár, áratugi og jafnvel aldir.

Tilraunir Kínverja með lif á tunglinu eru líklega merkilegustu rannsóknir sem gerðar hafa verið í geimnum frá því að Bandaríkjamönnum tókst að lenda mönnum á tunglinu. Satt best að segja hef ég aldrei verið eins spenntur fyrir neinum rannsóknum síðan þá. /MH

Samdráttur í sauðfjársæðingum um 40% frá 2016:

Staðan grefur undan starfsemi sæðingastöðvanna

– Slæmar fréttir fyrir kynbótastarfið

Í samantekt Eyþórs Einarssonar, ábyrgðarmanns í sauðfjársækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), um nýliðna sauðfjársæðingavertíð, kemur fram að samdráttur hafi orðið í sauðfjársæðingunum annað árið í röð.

Samkvæmt yfirliti Eyþórs er samdrátturinn á milli síðustu tveggja ára um 18 prósent og frá 2016 er hann um 40 prósent, mestur á Suðurlandi og Vesturlandi.

Eyþór birti niðurstöður sínar á vef RML á dögum þar sem fram kemur að nokkuð ljóst sé að þeir erfiðleikar sem greinin stóð frammi fyrir eftir að afurðaverð hrundi haustið 2017 hafi haft bein áhrif á umsvif ræktunarstarfsins og þar með neikvæð áhrif á rekstur sæðingastöðvanna. Til lengri tíma geti sú staða dregið úr kynbótaframförum og segir Eyþór að snúa þurfi vörn í sókn.

Minni tími aflögu hjá bændum

„Ástæður fyrir því að það dregur úr sauðfjársæðingum geta verið nokkrar en að öllum líkindum fyrst og fremst afleiðing af stöðunni í greininni. Í fyrsta lagi er framleiðslan heldur að dragast saman. En það sem vegur kannski þyngra er að margir hafa hreinlega ekki tíma til að sinna þessu, því þeir hafa bætt við sig aukinni vinnu til að mæta tekjutapinu og því minni tími aflögu til að sinna sauðfjársæðingunum. Þá eru einhverjir sem eru hreinlega að skera niður allan kostnað,“ segir Eyþór.

Framtíð sauðfjársæðinga í hættu

„Framfarir í sauðfjársækt hafa að miklu leyti verið drifnar áfram í gegnum sæðingarnar. Það má því leiða að því líkur að ef þátttaka í þeim minnkar mun hægja á framförum. Markmið kynbótanna er að rækta gripi sem skila meiri arði, fé sem hefur getu til að skila sem mestum afurðum af sem bestum gæðum. Það getur því verið vafasamur sparnaður, sértaklega fyrir bú sem á talsverð sóknarfæri í því að bæta afurðirnar, að skera niður í kynbótastarfinu.

Þá hlýtur einnig að verða óhagkvæmara að reka sæðinga-



Drjúgur 17-808 frá Hesti var vinsælastur í nýliðinni sauðfjársæðingavertíð.



Eyþór Einarsson er ábyrgðarmaður í sauðfjársækt hjá RML. Mynd / RML

stöðvarnar ef það verður mikill samdráttur í notkun sæðinga og verður það líklega talsverð áskorun á næstunni að halda úti öflugri sæðingastarfsemi. Ef til þess kemur að þurfi að hækka sæðingagjöldin til að standa undir rekstrinum má ætla að það dragi enn frekar úr þátttökunni og því þarf væntanlega að fara vandlega yfir það hvernig við getum sem best staðið vörð um þetta mikilvæga starf sem stöðvarnar sinna,“ segir Eyþór enn fremur.

Drjúgur frá Hesti vinsælastur

Sá hrútur sem fékk mesta notkun þennan veturinn var Drjúgur 17-808 frá Hesti en úr honum voru sendir út 2.020 skammtar. Þetta er nokkuð meiri notkun en 2017

þegar sendir voru 1.835 skammtar úr hrútnum Mávi 15-990 frá Mávahlið. Næstflestar skammtar voru útsendur úr Durt 16-994 frá Hesti, eða 1.685 skammtar. Af kollóttu hrútnum var mest sent út af sæði úr Guðna 17-814 frá Miðdalsgröf, 955 skammtar.

Í yfirferð Eyþórs tiltekur hann nokkra hrúta sem hafa verið í notkun en ákveðið hafi verið að að fella eða búið er að fella með tilliti til aldurs, heilsu og notkunar; Kölski 10-920, Borkó 11-946, Kraftur 11-947, Malli 12-960, Brúsi 12-970, Klettur 13-962, Bergsson 14-986 og Drangi 15-989.

Vinsælastu sæðingahrútarinn með 1.000 skammta eða meira

- Drjúgur 17-808 frá Hesti (2.020 skammtar)
- Durtur 16-994 frá Hesti (1.685 skammtar)
- Fáfnir 16-995 frá Mýrum 2 (1.571 skammtar)
- Klettur 13-962 frá Borgarfelli (1.450 skammtar)
- Fjalldrapi 15-805 frá Hesti (1.135 skammtar)
- Gunni 15-804 frá Efri-Fitjum (1.120 skammtar)
- Tvistur 14-988 frá Hríshóli (1.080 skammtar)
- Mávur 15-990 frá Mávahlið (1.060 skammtar)
- Spakur 14-801 frá Oddsstöðum (1.025 skammtar)

/smh



Guðrún Arna kann vel við sig í starfi mjólkurbílstjóra og segir sérstaklega gaman að heimsækja kúabændur og sækja mjólkina til þeirra. Mynd / MHH

Enginn rembingur í körlunum

„Ég hef fengið frábærar viðtökur, það er enginn rembingur í körlunum, það vilja allir hjálpa mér og gefa mér góð ráð, þetta er bara frábært,“ segir Guðrún Arna Sigurðardóttir, sem tók nýlega við starfi mjólkurbílstjóra hjá MS á Selfossi.

Guðrún er fyrsta fastráðna konan í starfi mjólkurbílstjóra hjá fyrirtækinu. Hún er þriðji ættliðurinn í fjölskyldunni til að gerast mjólkurbílstjóri en

pabbi hennar, Sigurður Júníus Sigurðsson, er mjólkurbílstjóri hjá MS Selfossi og afi hennar, Sigurður Óskar Sigurðsson heitinn, keyrði mjólkurbíl hjá Mjólkurbúi Flóamanna. Þá má geta þess að mamma Guðrúnar, Hjördís Gunnlaugsdóttir, sér um matinn fyrir starfsmenn MS á Selfossi og eiginmaður Guðrúnar, Sigþór Magnússon, er líka mjólkurbílstjóri hjá MS.

/MHH

Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar:

Telur úthlutun byggðakvóta vera algjörlega óviðunandi

Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur mótmælt harðlega niðurstöðum úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2018–2019.

Niðurstaða atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytis hvað Skagafjörð varðar, að því er fram kemur í bókun nefndarinnar, er að úthluta aðeins 15 þorskígildistonn til Hofsóss og 70 þorskígildistonn til Sauðárkróks. Nefndinni hefur borist rökstuðningur ráðuneytisins fyrir úthlutuninni.

Í bókun nefndarinnar segir að niðurstaðan sé með öllu óásættanleg hvað varðar úthlutun til Hofsóss og ljóst að reglur um úthlutun byggðakvóta mæta engan veginn

tilgangi þess að úthluta byggðakvóta til byggðarlaga sem standa höllum fæti, s.s. eins og til Hofsóss. Það punktakerfi sem úthlutað er eftir horfi aftur til síðustu 10 ára og mæli samdrátt af laheimilda og vinnslu á þeim tíma en taki í engu tillit til þess samdráttar sem orðið hefur fyrir lengri tíma en 10 árum.

970% samdráttur á 8 árum

„Má því ætla að reglur sjávarútvegsráðuneytisins geri ráð fyrir að annaðhvort hafi sjómenn gefist upp á þessum tíma eða þá að ástandið hafi lagast með öðrum hætti, en alls ekki að ástand geti verið óbreytt eða verra en áður eins og í tilfelli Hofsóss, sérstaklega þegar horft er til úthlutunar byggða-

kvóta til Hofsóss, en úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2010–2011 var 145 þorskígildistonn en nú fiskveiðiárið 2018–2019 einungis 15 þorskígildistonn, eða samtals 970% samdráttur á 8 árum,“ segir í bókun nefndarinnar vegna úthlutunar byggðakvótans.

Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra að breyta reglum um úthlutun byggðakvóta á þann hátt að tekið verði tillit til lengri tíma og fleiri aðstæðna en núverandi reglur kveða á um. Mikilvægt sé að reglur um byggðakvóta séu raunverulega sniðnar að því markmiði að styðja við byggðir sem standa höllum fæti vegna breytinga í sjávarútvegi.

/MPB

4X4 OF THE YEAR

AWARDED BY 4X4 MAGAZINE

4x4 jeppi ársins - nýr SsangYong Rexton

„Hörku samkeppni - Rexton sigraði“
4X4 Magazine

„Klárlega sigurvegari í sínum flokki“
The Guardian

„Yfirdrifið pláss er fyrir ökumann og farþega
og yfirbragðið og efnisval innandyrna
allt eins og í mun dýrara farartæki“
Morgunblaðið

Verð beinskiptur:
6.990.000 kr.

Drifbúnaður:

- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- 3000 kg dráttargeta
- 7 þrepa sjálfskipting

Vélbúnaður:

- 181 hestöfl
- 420 Nm frá 1600 sn. tog
- 8,3 l í blönduðum akstri
- Dísel vél

Öryggisbúnaður:

- Byggður á grind
- 9 loftpúðar
- Sjálfvirk neyðarhemlun
- Sjálfstæð fjöðrun að aftan

Stærðir:

- Lengd 4,85 metrar
- Breidd 1,96 metrar
- Hjólhaf 2,865 metrar
- Stærsta farangursými í sínum flokki



ssangyong.benni.is.

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636



Sérfræðingar í bilum

FRÉTTIR

Sunnlendingar leita að urðunarstað fyrir sorp

Sorpstöð Suðurlands leitar nú eftir landi undir urðunarstað til kaups eða leigu.

Æskileg staðsetning er á svæðinu frá Hellisheiði í vestri að Jökulsá á Sólheimasandi í austri. Þá þarf landið að vera vel staðsett gagnvart samgöngum á landi og dreifikerfi raforku, en fjarri

vatnsverndar- og útivistarsvæðum. Lágmarksstærð lands er 30 ha. „Á staðnum yrði tekið við almennum úrgangi til urðunar, þó ekki lífrænum úrgangi. Áætlaður rekstrartími er 30 ár en leigutími að lágmarki 60 ár ef um leigu yrði að ræða“, segir í tilkynningu frá sorpstöðinni. /MHH



Elsa Ingjaldsdóttir, formaður skólaneftndar Hrunamannahrepps, hér að spjalla við Jóhannes Kristjánsson skemmtikraft í Hrunarétum í haust. Hún reiknar með að breytingunni á leikskólajöldunum verði tekið fagnandi af samfélaginu í heild enda allra hagar að geta veitt sem besta þjónustu við íbúana á hvaða sviði sem er. Mynd / MHH

Hrunamannahreppur:

Frítt fyrir elsta árganginn í leikskólanum á Flúðum

Skólaneftnd Hrunamannahrepps samþykkti fyrir nokkru að breyta gjaldskrá leikskólans á Flúðum.

Tillagan felur í sér að gjaldfrælsi allra barna verði komið á í áföngum og leikskólinn verði þannig orðinn gjaldfrjáls að fullu haustið 2024. Frá áramótunum núna mun elsti árgangurinn strax verða gjaldfrjáls, eða fjögur börn. Auk þess mun breytingin hafa áhrif á tólf börn næsta haust en það þýðir að samtals 16 börn verða gjaldfrjáls á næsta ári.

„Þar sem leikskólinn er fyrsta skólastigið telur H-listinn eðlilegt að stefnt skuli að gjaldfrælsi þess á sama hátt og grunnskóla. Með því er jafnframt verið að gera Hrunamannahrepp að fýsilegri kost fyrir barnafjölskyldur til að setjast að í sveitarfélaginu sem jafnframt er ein af forsendum þess að styrkja enn frekar það faglega og öflugla starf sem fer fram í leikskólanum í dag,“ segir Elsa Ingjaldsdóttir, formaður skólaneftndar Hrunamannahrepps. /MHH

KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



HURÐIR fyrir kæla

Hentar afar vel fyrir tækjum í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði.

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is



Vaðlaheiðargöng voru formlega opnuð með hátíðlegri athöfn um liðna helgi. Um borðaklipningar sáu eldri borgarar sveitarfélaganna hvort sínum megin ganganna, Hólmfríður Ágústsdóttir, 92 ára á Svalbarðsströnd og Friðrik Glúmsson, í Vallakoti í Reykjadal, elsti íbúi Þingeyjarsveitar, en hann verður 100 ára á komandi sumri.

Vaðlaheiðargöng opnuð við hátíðlega athöfn: Gjörbreytir samgöngum á svæðinu og leysir af hættulegan veg um Víkurskarð

— Framkvæmdin kostaði um 17 milljarða króna og fór langt fram úr tímaáætlun

Vaðlaheiðargöng voru formlega opnuð með hátíðlegri athöfn um liðna helgi. Vaðlaheiðargöng eru á milli Eyjafjarðar og Fnjóskadal og er ætlað að leysa af veginn um Víkurskarð sem getur verið mjög erfiður og hættulegur yfirferðar á vetrum.

Heildarlengd ganganna með vegskálum er um 7,5 kílómetrar. Með tilkomu þeirra styttest þjóðvegur 1 frá Akureyri til Húsavíkur um 16 kílómetra.

Framkvæmdir hófust við gerð ganganna sumarið 2013 og hafa þær staðið yfir síðan, eða í fimm og hálfu ár. Forsaga gangagerðarinnar nær aftur til ársins 2002 þegar unnin var skýrsla um gerð jarðganga undir Vaðlaheiði og ári síðar stóð Eyþing fyrir stofun Greiðrar leiðar, félags um framkvæmd og rekstur Vaðlaheiðarganga, en að því stóðu þau 20 sveitarfélög sem mynduðu Eyþing auk 10 fyrirtækja.

Fordæmalausar tafir

Félagið Vaðlaheiðargöng var



Fornbílur óku um nýju jarðgöngin við opnunina.

stofnað árið 2011 um gangagerðina, Vegagerðin með 51% hlut og Greið leið með 49%. Upphaflega stóð til að opna göngin fyrir umferð síðla árs 2016, en fordæmalausar aðstæður, m.a. mikið rennsli bæði á heitu og köldu vatni, töfðu framkvæmdir verulega. ÍAV hf/Marti Constructors

Its - Ósafl var aðalverktaki við gerð ganganna, Vegagerðin stýrði hönnun þeirra og veglínu, en verkfræðistofurnar Mannvit, Verkis, Efla og Verkfræðistofa Norðurlands veittu ráðgjöf við hönnun. Framkvæmdaefirlit var í höndum GeoTek og Eflu. Hönnun og tæknileg útfærsla á gjaldtökukerfi var í höndum verkfræðistofunnar Raftákn og Stefna hugbúnaðarhús á um forritun.

Endurgreiðsla á tæpum 30 árum

Heildarkostnaður við gerð Vaðlaheiðarganga er um 17 milljarðar króna og ráð fyrir því gert að hann verði endurgreiddur á 28 árum. Vegfarendur greiða veggjald fyrir að aka um Vaðlaheiðargöng og er það greitt í gegnum vefsíðuna veggjald.is eða tunnel.is og þar er að finna upplýsingar um gjaldskrá en eitt stakt gjald fyrir fólksbíl kostar 1.500 krónur. Hægt er að lækka þann kostnað með því að kaupa fleiri ferðir í einu. Stakt gjald fyrir bíla yfir 3.500 kíló er 6.000 krónur. /MPP

Samþykkt aðalfundar Veidifélags Árnesinga hnekt af Fiskistofu:

Bann við netaveiðum í Ölfusá og Hvítá sumarið 2019 úrskurðað ólöglegt

Þann 10. desember síðastliðinn dæmdi Fiskistofa bann Veidifélags Árnesinga við netaveiðum í Ölfusá og Þjórsá ólöglegt. Tekur Fiskistofa þar með undir kærur eigenda Hrauns 1, Lága, Hraunshjáleigu, Hraunhóls í Ölfusi og Laugardæla í Flóahreppi á samþykkt Veidifélagsins frá því í apríl á síðasta ári um netaveiðibannið.

Tildrög málsins eru þau að Drífa Stefánsdóttir á Torfastöðum lagði fram tillögu á aðalfundi Veidifélags Árnesinga þann 26. apríl 2018. Hún fól í sér að einungis yrði heimiluð veiði á silungi og laxi á vatnasvæði Ölfuss og Hvítar á stöng sumarið 2019 og að netaveiði yrði þar með bönnuð.

Hart tekist á um tillöguna

Jörundur Gauksson mótmælti þessari tillögu harðlega og sagði að víða í jökulvatninu væri útilokað að veiða á stöng. Því væri með samþykkt þessarar tillögu verið að hindra að hægt væri að nýta hlunnindi fjölda jarða. Kraftið hann þess að tillagan yrði dregin til baka og henni vísað frá, enda væri hún ótæk og

ólögleg. Eftir hörð orðaskipti og umræður á fundinum var tillagan samt samþykkt með 88 atkvæðum gegn 68.

Kærðu samþykkt aðalfundar

Andstæðingar þessarar samþykktar töldu sig ekki geta unað þessari niðurstöðu. Var því lögð fram kærna af Hrafnkatli Karlssyni fyrir hönd Hraunóss ehf. og Haraldi Þórisyni í Laugardælum. Var kærnan til ógildingar ákvörðun félagsins og var Lex lögmánsstofa fengin til að reka málið.

Kærendur byggðu á því að ákvörðun um að samþykkja hina kærðu tillögu hafi verið tekin með ólöglegum hætti og ætti því að sæta ógildingum. Var krafa kærenda í fyrsta lagi reist á því að óheimilt hafi verið að taka hina kærðu tillögu til atkvæðagreiðslu þar sem fundarboð hafi verið ófullnægjandi. Í öðru lagi að samþykkt tillögunnar brjóti í bága við samþykktir Veidifélags Árnesinga. Er þar vísað til þess að samkvæmt 4. grein þeirra sem staðfest hafi verið af Fiskistofu segir verkefni félagsins sé að viðhalda góðri fiskgöngd og stuðla

áð sjálfbærri nýtingu fiskistofna og efla veiðihlunnindi á félagssvæðinu og ráðstafa veiði. Þar segir síðan:

1. Leiga á stangveiði.
2. Heimila félagsmönnum veiði í fastar veiðivélar eða á stöng.

Þá segir að ráðstafa megi þeirri stangveiði til annarra með þeim takmörkunum sem veiðitillögum félagsfunda og lög segja. Óheimilt sé að stunda neta- og stangveiði samhliða á sama veiðisvæði fyrir landi viðkomandi jarða eða landareigna. Félaginu beri einnig að vernda vistkerfi.

Með öðrum orðum, samþykktir félagsins heimila ótvírætt að netaveiði sé stunduð á vatnasvæðinu.

Samþykkt aðalfundar ólöglegt

Í ákvörðunarorðum Fiskistofu segir hreint úr að samþykkt Veidifélags Árnesinga frá 26. apríl sé ólöglegt. Undir það rita fyrir hönd Fiskistofu Guðni Magnús Eiríksson, sviðstjóri lax- og silungsvæðisviðs og Björn Jónsson lögfræðingur.

Samkvæmt 43. gr. laga um lax- og silungsvæði er ákvörðun Fiskistofu endanleg og ekki hægt að kæra hana til ráðherra. /HKr



Rekstraraðili óskast á Patreksfjörð

N1 óskar eftir rekstraraðila fyrir þjónustustöð félagsins á Patreksfirði.

Til sölu er veitingarekstur og vörubirgðir núverandi rekstraraðila í húsnæði félagsins.

Rekstraraðili mun jafnframt verða umboðsaðili N1 á Patreksfirði.

Hlutverk hans verður að þjónusta viðskiptavini á neytendamarkaði félagsins.

Miklir möguleikar fyrir einstakling eða samhent hjón sem vilja reka sitt eigið fyrirtæki.

Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst á pallorn@n1.is eða hafið samband í síma 440 1022.

Alltaf til staðar



Janúartilboð

Slípivélar, talíur, loftpressur..



FOSSBERG

Dugguvogi 6 • 104 Reykjavík • www.fossberg.is • 5757 600

og ýmislegt fleira!

STEEKUR

Áttunda heimsálfan

Í Indlandshafi út austurströnd Afriku er fjórða stærsta eyja í heimi og kallast hún Madagaskar. Ríkið Madagaskar nær yfir eyjuna og fjölda minni nærliggjandi eyja. Sérstæða eyjunnar er það mikil að með réttu mætti kalla hana áttundu heimsálfuna.

Madagaskar og nærliggjandi eyja var í eina tíð hluti af Indlandsskaga en klofnaði frá honum þegar meginlandið Gonvana brotnaði upp á fyrir milljónum ára. Vegna einangrunar eyjunnar þróadist þar einstakt og um leið sérstakt dýra- og plöntulíf sem hvergi er að finna annars staðar í heiminum. Á eyjunni er að finna 5% allra plöntu- og dýrategunda í heiminum og líffræðileg fjölbreytni þar hvað mest í heiminum.

Talið er að Madagaskar hafi að mestu verið skógi vaxin þegar fyrstu menn fundu eyna, en síðan hefur smám saman gengið á þann gróður. Nú er svo komið að aðeins fimmtánda hundradshlutar lands eru vaxnir skógi og þar sem skóginum hefur verið eytt hefur umhverfið og lífríkið orðið mun einhæfara.

Vegna þessa er náttúra eyjunnar viðkvæm og flóra hennar er til dæmis undir smásjá og í gjörgæslu grasagarðsins í Kew.

Fjöldi dýra eins og risalemúrar, filafuglar og madagaskarflóðhestar hafa dáðið út eftir að menn settust fyrst að á eyjunni.

Minjar benda til að menn hafi fyrst komið til eyjarinnar um 2000 fyrir Krist og að fóst búseta þar hefjist ekki fyrr en 1500 árum seinna. Í dag eru þjóðflokkar í landinu fjölmargir og halda flestir enn í sínar siðvenjur og menningararf. Merínar eru fjölmennasti þjóðflokkur landsins.

Skömmu eftir að menn settust að á Madagaskar var eyjan mikilvæg höfn við Indlandshaf og arabískir kaupmenn settu á fót verslun á vesturströnd hennar.

Á átjándu og byrjun níttjándu aldar var Madagaskar þekkt sem höfn sjóræningja og þrælakaupmanna.

Madagaskar var þar til seint á 18. öld skipt í yfirráðsvæði margra ættbálka. Snemma á 19. öld náði konungsríki Merína að leggja alla eyjuna undir sig og stofna Konungsríkið Madagaskar. Madagaskar var frönsk nýlenda árið 1897 en varð aftur sjálfstætt ríki 1960. Talsverðar róstur hafa verið á eyjunni undanfarið á enda misskipting gæða þar mikil og landið flokkað með minnst þróðu löndum heims, þrátt fyrir að búa yfir talsvert miklum gæðum frá náttúrunar hendi.

Íbúar landsins aðhyllast flestir einhvers konar blöndu af kristni og afrískri andatrú þar sem andar forfedranna eru í hávegum hafðir enda eru þeir alls staðar nálægir, yfir og allt um kring og öllum fyrir bestu að styggja þá ekki.

Landbúnaður og túrismi eru helstu atvinnuvegir Madagaskar og mikið er ræktað af vanillu og negul þar sem jafnframt eru helstu útflutningsvörur eyjunnar.

Höfuðborg og jafnframt stærsta borg landsins kallast Antananarívó. Borgin er staðsett á hálendi nærri miðju eyjarinnar. Antananarívó er gömul borg sem var stofnuð snemma á sautjándu öld sem vígi Andrianjaka konungs. Frakkar ákváðu því að setja nýlendustjórnina niður í borginni 1896 og borgin var áfram höfuðborg eftir að Madagaskar fékk sjálfstæði 1960. Árið 2017 voru íbúar borgarinnar tæplega 1,4 milljónir en ríflega 25,5 milljónir í landinu sem heild. *NH*

NYTJAR HAFSINS

Litu á loðnuna sem ódrátt

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com



Þótt Íslendingar hafi vitað af loðnunni í sjónum kringum landið um aldir og jafnvel gert sér mat úr henni í einhverjum mæli var það ekki fyrr en fyrir rökum 50 árum að farið er að nýta hana fyrir alvöru.

Það sætir nokkurri furðu að loðnan sem oft og tíðum hefur komist næst þorskinum í útflutningsverðmætum og hefur á liðnum áratugum verið einn af mikilvægustu nytjastofnum okkar skuli ekki hafa verið nýtt að neinu ráði fyrr en á sjöunda áratug 20. aldarinnar, eða fyrir rökum fimm áratugum.

Í riti Hjálmars Vilhjálmssonar fiskifræðings um loðnuna frá árinu 1994 segir að helstu heimildir um að menn hafi nýtt sér loðnu til matar sé að finna í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra um Ísland á árunum 1752–1757. Þar kemur fram að í ýmsum byggðum hafi loðnu, sem rak á fjörur á hrygningartímanum, verið safnað saman og hún notuð sem fóður. Reyndar gerðu Eyfirðingar gott betur því þeir nýttu loðnuna til mannelis á þessum árum.

Nótaveiði hefst um aldamótin

Á 19. öld eru heimildir um að fleiri landsmenn hafi farið að dæmi Eyfirðinga og hafi loðnu þá verið safnað saman á fjörum til mannelis, jafnt á Norðurlandi sem á Suðurlandi, að því er fram kemur í Íslenskum sjávarhátum, bókaflökki Lúðvíks Kristjánssonar. Þar segir að fyrstu eiginlegu loðnuveiðir, sem vitað er til að hafi verið stundaðar á Íslandi, hafi verið í Höfnum á Reykjanesi, en þar hafi menn háfað loðnuna og nýtt til beitu. Hjálmar Vilhjálmsson hefur það eftir Kristjáni Jónssyni á Akureyri að um síðustu aldamót hafi loðnan verið veidd í litlar nætur á fjörðum norðanlands til nota í beitu fyrir línu- og handfærabáta og svipaðri tækni virðist hafa verið beitt á Austfjörðum (Bjarni Sæmundsson 1899).

Tilraun til mjöl- og lýsisvinnslu

Veturinn 1958 stóð tæknideild Fiskifélags Íslands fyrir tilraun sem beindist að því hvort nýta mætti loðnu til mjöl- og lýsisframleiðslu. Niðurstöður þóttu lofa góðu og þær gáfu til kynna að hægt væri að hefja loðnuveiðar og landa aflanum til bræðslu ef ákveðnar breytingar væru gerðar á fiskimjölsverksmiðjunum. Þrátt fyrir það hófust loðnuveiðar ekki að marki fyrr en um miðjan sjöunda áratug aldarinnar. Afliinn árið 1964, þegar nokkur síldveiðiskip fóru til veiðanna, nam 8.600 tonn en ári síðar var afliinn kominn í 50.000 tonn.

Litid á loðnuna sem hreinan ódrátt

Hrólfur Gunnarsson, skipstjóri á Árna Magnússyni, varð fyrstur til að hefja loðnuveiðar hér við land í þeirri mynd sem við þekkjum í dag. Hann lýsti aðdraganda þess í viðtali við Fiskifréttri árið 1998 og vantrúnni sem eigendur fiskimjölsverksmiðjanna höfðu á því að hægt yrði að nýta loðnu til bræðslu.

„Sjómenn voru lítt hrifnir af loðnunni og það var litid á hana sem hreinan ódrátt,“ segir Hrólfur.

„Loðnan hafði oft valdið miklum erfiðleikum á síldveiðum. Þegar loðnan gekk upp að suðausturströnd Íslands og vestur með ströndinni



Loðna.



Árna Magnússon GK.

má segja að síldveiðum hafi verið sjálfhætt á meðan. Ef menn lentu í því að fá loðnu í síldarnæturnar þurfti að sigla á land til þess að hreinsa þær.“

Fyrsti farmurinn fór í beitu

Útgerð Árna Magnússonar lét setja upp nót sem var 30 faðma djúp og 130 faðma löng, en mun smáriðnari en síldarnæturnar, sem notaðar voru á þeim tíma. Hún var einnig helmingi grynnri en hefðbundnar síldarnætur. Með þetta veiðarfæri fóru Hrólfur og félagar austur undir Hornafjörð í byrjun febrúar árið 1964 og fengu strax 130 tonn af loðnu.

„Við höfðum því sýnt fram á að það var enginn vandi að veiða loðnuna, eins og menn þóttust reyndar vita, en erfiðara reyndist að telja menn á að kaupa hana til bræðslu og gera tilraun til að búa til úr henni mjöl og lýsi,“ segir Hrólfur.

„Það varð því niðurstaðan að mest af loðnunni úr fyrstu veiðiferðinni seldum við til beitu til útgerðarmanna á öllu Suðvesturlandi og allt til Vestfjarða. Á meðan stjórnendur fiskimjölsverksmiðjanna fusuðu og sveiðu tóku útgerðarmenn línubátanna okkur fagnandi.“

Lét loks til leiðast

Það var ekki fyrr en eftir aðra veiði-

ferð Árna Magnússonar á loðnu-miðin að hægt var að selja aflann til bræðslu.

„Guðmundur Jónsson sem var með bræðslu í Sandgerði lét loksins til leiðast og ákvað að gera tilraun til þess að bræða smávægis af þessum „verðlausu“ fiski. Hann greiddi okkur, að mig minnir, helmingi lægra verð fyrir loðnuna en þá var greitt fyrir síld. Þetta var ekki af því að hann ætlaði að hlunnfara okkur, heldur hafði hann einfaldlega enga trú á því að hægt væri að nýta loðnuna til mjölframleiðslu. Hann og fleiri urðu hins vegar hissa þegar í ljós kom að loðnumjöldi reyndist vera mjög gott og hið sama má segja um lýsið,“ segir Hrólfur.

Undir lok þessarar fyrstu loðnuvertíðar höfðu tveir aðrir bátar, Gullfaxi NK og Vonin KE, tekið þátt í veiðunum. Á vertíðinni 1965 fjölgaði bátunum svo enn meira og þá hækkaði hráefnisverðið um helming, að því er Hrólfur minnir.

Seint byrjað á loðnuveiðum

Hrólfur segist oft hafa hugsað til þess hve miklum verðmætum þjóðarbúið hafi orðið af vegna þess hve loðnuveiðar hófust seint. „Við hefðum vel getað hafid loðnuveiðar í kringum 1960 eða um leið og kraftblökkin kom til sögunnar í

síldveiðum og við losnuðum við nótabátana. Eftir að veiðarnar hófust stóð það þeim helst fyrir þrifum að við urðum að háfa allan aflann úr nóttinni og upp í skipið. Það var ekki fyrr en á vertíðinni 1969 eða 1970 að byrjað var að dæla loðnunni um borð.“

Tugmilljarða verðmæti

Eins og getið var um í upphafi er loðnan einn af mikilvægustu nytjafiskum þjóðarinnar. Auk þess sem loðnan hefur verið nýtt til mjöl- og lýsisvinnslu hafa fryst loðna og loðnuhroggn skapað mikil verðmæti. Í bestu árum fór afli Íslendinga yfir milljón tonn, síðast árið 2001. Eftir það tók loðnustofninum að hnigna verulega og er breyttum umhverfisaðstæðum í hafinu í kjölfar hlýnunar sjávar einkum kennt um.

Á síðasta ári nam loðnuafliinn tæplega 200.000 tonn að verðmæti 18 milljarða króna í útflutningi. Það er 9,1% af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða. Samkvæmt því var loðnan sú fisktegund á Íslandsmiðum sem skilaði næstmestum verðmætum, næst á eftir þorskinum sem enginn skákar. Útflutningsverðmæti þorskaforða nam 84 milljörðum eða 43% af heild.



FRAMKVÆMDASTJÓRI FRAMLEIÐNISJÓÐS LANDBÚNAÐARINS

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra. Starfið felst í að bera ábyrgð á og annast daglegan rekstur sjóðsins í samráði við stjórn sjóðsins. Skrifstofa Framleiðnisjóðs er á Hvanneyri í Borgarfirði og hefur framkvæmdastjóri fasta viðveru þar. Jafnframt fylgja nokkur ferðalög starfinu vegna funda í Reykjavík og í sveitum landsins.

Til greina kemur að starfið verði unnið sem hlutastarf og getur starfshlutfall því verið 50-100% eftir samkomulagi. Einnig kemur til greina að starfshlutfall sé breytilegt eftir árshlutum, þar sem umsvif sjóðsins eru nokkuð sveiflukennd yfir árið. Vinnutilhögun og vinnutími verður eftir nánara samkomulagi við stjórn.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg umsókn og rekstur skrifstofu, samskipti við Fjársýslu ríkisins
- Undirbúningur og frágangur stjórnarfundna, ritun fundargerða
- Kynningarmál, upplýsingamiðlun og svörun fyrirspurna frá umsækjendum
- Móttaka umsókna, skjalavarsla, bréfaskriftir og ritun ársskýrslu í samvinnu við stjórnarformann
- Samskipti við ráðunauta/ráðgjafa, samtök bænda, ráðuneyti og aðrar stofnanir
- Eftirlit með framvindu verkefna sem hlotið hafa styrk, m.a. með tilliti til úttekta og greiðsluhæfis
- Gjaldkera- og bókaraverkefni
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

Hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af rekstri
- Þekking á stoðkerfi atvinnulífs
- Þekking á íslenskum landbúnaði og atvinnulífi í dreifbýli
- Þekking á stoðkerfi landbúnaðar, helstu stofnunum og félagskerfi bænda
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum og mjög gott vald á íslensku
- Góð tölvukunnátta, þekking á bókhaldsforritinu DK er kostur
- Viðkomandi þarf að geta sýnt frumkvæði, vera ábyrgur, vandvirkur og talnaglöggur. Jafnframt að hafa ríka þjónustulund, jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum



Nánari upplýsingar veita:

Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is
Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2019.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst, en eigi síðar en 1. apríl.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Bændablaðið Kemur næst út 31. janúar 2019

www.volundarhus.is

ERTU BÚIN AÐ TRYGGJA ÞÉR GARÐHÚS EÐA GESTAHÚS

á gamla verðinu og með 10% aukaafslætti?
Gildir meðan birgðir endast

Sjá nánar á heimasíðunni okkar www.volundarhus.is <http://www.volundarhus.is/Husin-okkar/Gardhus/>




volundarhus.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400



Handaband Sveins Steinarssonar, formanns Fhb og Sigurðar Eypórs-sonar, framkvæmdastjóra BÍ, innsglaði yfirtöku Fhb á hlut BÍ í Landsmóti ehf.

Hrossabændur eignast hlut í Landsmóti ehf.

Félag hrossabænda hefur formlega tekið yfir hlut Bændasamtaka Íslands í Landsmóti ehf.

Með því er Félag hrossabænda orðið þriðjungs eigandi í eignarhlutafélaginu, sem er að 2/3 hluta í eigu Landssambands hestamannafélaga.

Aðalfundur Félags hrossabænda samþykkti boð BÍ um yfirtöku á eignarhlutinum í haust.

„Landsmótið er hrossaræktarstarfinu mikilvægt og ætlum við því að taka þessu verkefni fagnandi og sjá tækifæri í því. Allir fundarmenn voru þó á því að félagið muni ekki taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar,“ sagði Sveinn af því tilefni.

Landsmót ehf. var stofnað árið 2001 til að standa að rekstri og utanumhaldi á Landsmóti hestamanna. Næsta Landsmót verður haldið á Helli árið 2020.



Frá Landsmóti hestmanna 2018.

Myndbönd á Worldfeng

Myndbönd af kynbótahrossum á Landsmóti hestamanna í Reykjavík 2018 má nú finna á Worldfeng.

Gæði myndbandanna er sem best verður á kosið og er nú unnið í að bæta gæði myndbanda fyrir Landsmóta.

Félag hrossabænda samþykkti á aðalfundi sínum í haust að kaupa áskrift að LM-myndböndum í Worldfeng fyrir alla félaga sína og er þegar búið að opna fyrir aðgang þeirra.

Þá hafa Íslandshestafélögin í Noregi og Belgíu boðið upp á þennan aðgang fyrir sína félaga og viðræður standa yfir við Íslandshestafélagið í Svíþjóð skv. frétt Worldfengs.

Í dag eru um 2.000 áskrifendur WF komnir með aðgang að LM-myndböndum og helmingur þeirra á Íslandi.

Hægt er að kaupa ársáskrift á heimasíðu Worldfengs.

Bændablaðið
Kemur næst út
31. janúar

Yfirlit yfir útflutning íslenskra hrossa árið 2018:

Spennandi markaðir beggja vegna Atlantshafsins

– Hátt gengi krónunnar líkleg ástæða fækkunar útflutningshrossa



Paradís frá Steinsholti er hæst dæmda útflutta hrossið árið 2018. Hún er nú í þjálfun hjá Charlotte Cook í Danmörku. Mynd/Stald Lysholm

Útflutningur á hrossum dróst saman á árinu 2018 en hlutfall fyrstu verðlauna hrossa hækkaði. Hrossin fóru til tuttugu landa, nýir markaðir eru að stækka í Austur-Evrópu á meðan útflutningur til Noregs hefur sjaldan verið minni.

Alls voru 1.351 hross flutt frá Íslandi árið 2018 samkvæmt tölum Worldfengs, upprunaættbók íslenska hestsins. Af þeim voru 212 stóðhestar, 649 hryssur og 490 geldingar. Tölurnar sýna fækkun frá fyrri árum.

Hulda Gústafsdóttur útflytjandi rekur fækkunina aðallega til gengi krónunnar, en þurrkar í Skandinavíu gætu líka átt þar einhverja sök. Hún hefur þó litla áhyggjur og nefnir stækkandi markaði í Ameríku auk nýrra markaða í Austur-Evrópu máli sínu til stuðnings.

„Ég hef á tilfinningunni að Bandaríkjamarkaður sé að lifna við aftur. Þar er mikið beðið um reiðhross. Þá vorum við í fyrsta sinn í fyrra að flytja hross beint til Kanada, hross sem fóru enn vestar í landið en við höfum áður séð,“ segir hún en rúm 50 hross fóru til Ameríku í fyrra.

Þá fóru 23 hross til Slóveníu og hefur aldrei viðlíka fjöldi verið sendur þangað. Tæp 400 lifandi íslensk hross eru skráð í Slóveníu skv. Worldfeng, en íslensk hross hafa verið þar síðan árið 1987. Þá mun vera vaxandi fjöldi hrossa í Ungverjalandi, sem Hulda telur áhugaverðan markað.

Söluaðilar hrossa eru almennt jákvæðir gagnvart komandi ári. Stærsta áskorun þeirra felst í að svara eftirspurn eftir vel tömdum og þægum tölturum, sem fara vel í reið og kosta á bilinu 1–2 milljónir króna.

Fækkun til Noregs

Þýskaland trónir á toppi lista yfir útflutningslönd íslenska hestsins eins og fyrri ár, en 535 hross fóru þangað í fyrra, sem er tæp 40% útfluttra hrossa.

Næstflest fóru til Svíþjóðar, 191 talsins. Þá fóru 157 til Danmerkur og 100 til Sviss. Mikil fækkun er hins vegar á hrossum til Noregs en aðeins fóru 38 hross þangað í fyrra miðað við 86 árið áður. Gera má ráð fyrir að þurrkar hafi haft þar áhrif.


Eyrikið Malta er nýtt á lista útflutningslanda, en eitt hross fór þangað árið 2018 og er það eina skráða íslenska hrossið þar í landi.

Hæst dæmd stóðhesturinn til Bandaríkjana

Hlutfall þeirra hrossa sem hafa hlotið fyrstu verðlaun í kynbótadómi hefur aldrei verið jafn hátt og á árinu 2018, eða 9,3%.

Hæst dæmda hrossið sem flutt var út í fyrra var hryssan Paradís frá Steinsholti, sem hlaut 8,63 í aðaleinkunn sem var í 2. sæti í flokki 5 vetra hryssna á Landsmóti hestamanna í Reykjavík sl. sumar. Hún fór til Danmerkur.

Hæst dæmd útflutti stóðhesturinn, Stúdent frá Ketilsstöðum, fór til Bandaríkjana. /ghp



Fjöldi útfluttra hrossa frá Íslandi árin 2008–2018. Heimild: Worldfengur, upprunaættbók íslenska hestsins.



Stúdent frá Ketilsstöðum á Landsmóti hestamanna 2018. Knapi Bergur Jónsson. Mynd/Gangmyllan

ÚTFLUTNINGSLÖND

Land	Fjöldi
Þýskaland	535
Svíþjóð	191
Danmörk	157
Sviss	100
Austurríki	78
Holland	53
Bandaríkin	48
Noregur	38
Finnland	33
Frakkland	33
Slóvenía	23
Færeyjar	17
Belgía	11
Kanada	9
Lúxemborg	7
Ítalía	6
Bretland	5
Ástralía	4
Nýja-Sjáland	2
Malta	1

HÆST DÆMDU ÚTFLUTTU HROSSIN

Nafn	Uppruni	Aðale.	Útflutn.land
Paradís	Steinsholti	8.63	Danmörk
Stúdent	Ketilsstöðum	8.59	Bandaríkin
Mugison	Hæli	8.55	Þýskaland
Þeyr	Akranesi	8.55	Svíþjóð
Efemía	Litlu-Brekku	8.50	Danmörk
Prúður	Auðsholtshjáleigu	8.50	Danmörk
Asi	Reyrhaga	8.48	Danmörk
Arya	Garðshorni á Pelamörk	8.44	Slóvenía
Júpiter	Lækjamóti	8.42	Svíþjóð
Glaumur	Geirmundarstöðum	8.40	Danmörk
Jarl	Jaðri	8.40	Danmörk
Kleópatra	Lynghóli	8.39	Danmörk
Njörður	Teigi II	8.37	Þýskaland
Víðir	Enni	8.35	Danmörk
Ísafold	Lynghóli	8.34	Danmörk
Atorka	Varmalæk	8.34	Danmörk
Ófeigur	Árbæjarháleigu II	8.32	Þýskaland
Prins Valíant	Þúfu í Kjós	8.32	Nýja-Sjáland
Garpur	Syðra-Garðshorni	8.31	Þýskaland
Salka	Vindhóli	8.30	Svíþjóð

Hrímnis hestakerrur

Hannaðar á Íslandi fyrir einstaka aksturseiginleika



www.hrimnir.shop

runar@hrimnir.shop
861-4000 / 897-9353

FÁANLEGAR FYRIR 3 TIL 6 HESTA



www.kaupland.is sími 844-9484



20Wött
40Wött
60Wött

Hentar: Í öll votrými og allan
lðnað, landbúnað, bílageymslur
Og margt fleira.

Hliðarljós á kerrur
Verð 2327kr 10 stk.



Leitarljós og
Vinnuljós
verð 21900kr

Blikkljós
Verð 1980kr



KAUPLAND

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Hækkað verð!

Greiðum 30.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.


Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma 581 4138.

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu
í WorldFeng.

Erum að taka niður pantanir í lambamerki

Litir: hvítt, gult, grænt, blátt, bleikt, fjólublátt, grátt, appelsínugult
Sendum sýnishorn ef óskað er.



Búvís

Akureyri · Sími 465 1332
www.buvis.is

Verð: 28 kr. stk. án vsk.



LÍMTRÉSBITAR AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM.

VALMÖGULEIKARNIR ERU ÓENDANLEGIR FRÁ LÍMTRÉSBITUM UPP Í HEILU HÚSIN.



LÍMTRÉÐ RISIÐ Í SKEMMUNA HJÁ GUÐNA ÞÓR,
HÁARIMA Í ÞYKKVABÆNUM Í HAUST

HÚSIÐ ER 12 X 30M

HYSI

Hýsi-Merkúr / Lambhagavegur 6 / 113 Reykjavík / Sími: 534 6050 / Netfang: hysi@hysi.is

FRÉTTASKÝRING

Umbætur á Vestfjarðavegi orðið að pólitísku deilumáli milli sveitarstjórna eftir áratuga átök um leiðir:

Vegagerðin metur Þ-H leiðina ódýrasta, hagkvæmasta og öruggasta

– Háskólinn á Akureyri segir hvert ár í töf á vegabótum jafngilda kostnaðarauka vegfarenda um að minnsta kosti 200–230 milljónir

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Vegagerðin telur að öruggasti, hagkvæmasti og fljótlegasti kosturinn í veggerð í Gufudalssveit sé það sem nefnt hefur verið Þ-H leið. Hún liggur út vestanverðan Þorskafjörð, út á Hallsteinsnes og um kjarrlendi hinna margfrægu Teigsskóga, yfir grynningar í mynni Djúpafljótar og Gufufjarðar og yfir á Melanes. Þetta kom m.a. fram á opnum fjölmennum kynningarfundum sem haldin var á Reykhólum 9. janúar síðastliðinn.

Skógarþekja Teigsskógar, sem deilurnar snúast mest um, er samanlagt 667 hektarar sem samanstendur að mestu af birkikjarr eins og algengt er víða á Vestfjörðum. Leið Þ-H mun samkvæmt útreikningum Vegagerðarinnar geta raskað samtals um 2,8% af þessu gróurlendi, eða á um 19 hekturum.

Málið í höndum hreppsnefndar

Afstaða hreppsnefndar Reykhólahrepps sem taka átt í gær eftir að Bændablaðið fór í prentun mun væntanlega ráða úrslitum hvort yfir höfuð verður ráðist í vegabætur í austanverðri Barðastrandarsýslu á næstu árum eða ekki. Ef hreppsnefnd ákveður að afskrifa tillögur Vegagerðarinnar um

Vestfjarðavegur mat á kostnaði mismunandi leiða - í milljónum króna			
Verkþáttur	Leið A3	Leið Þ-H	Leið D2
Vegur	5.300	3.500	3.000
Brýr	5.900	3.800	2.000
Jarðgöng	0	0	8.300
Samtals:	11.200	7.300	13.300

Heimild: Vegagerðin

Teigsskóga leiðina er ljóst að þá er stál í stál og ekkert verður af framkvæmdum. Pólitískt kjörnir fulltrúar hafa ekki haft kjark til að höggva á þennan hnút til þessa og ekkert í stöðunni sem bendir til að það muni breytast. Því gæti þetta mál hæglega tafist í áratugi til viðbótar. Ef hreppsnefnd fellst hins vegar á tillögu Vegagerðar gæti útboð framkvæmda farið fram vorið 2020 og verkið þá klárað haustið 2023.

Afstaða hreppsnefndar breyttist eftir kosningar

Fram kom í kynningu Vegagerðarinnar að Reykhólahreppur hafi samþykkt á fundi sínum í mars 2018 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi sem miðaði við tillögu Vegagerðarinnar um Þ-H leið. Skipulagsstofnun samþykkti svo í apríl 2018 að auglýsa mætti aðalskipulagsbreytingu. Eftir sveitarstjórnarkosningar 26. maí söðlaði hreppsnefnd um og fékk norska fyrirtækið Multiconsult til að gera úttekt á valkostum og

sérstaklega með leið um Reykhóla í huga og þverun Þorskafjarðar með hábrú og vegi úr Reykjanesi yfir í Melanes. Þessa leið hefur Vegagerðin nefnt A3 en Multiconsult kallar R-leið. Þá óskaði hreppsnefnd eftir því 17. júlí 2018 að Vegagerðin tæki tillögu Multiconsult um R-leið til samburðar við aðra kosti.

Óbreyttur vegur um Berufjörð hættulegur

Eftir að Multiconsult lagði fram sína skýrslu, sem fól í sér að R-leiðin væri besti kosturinn, benti Vegagerðin á að í þeirra tillögu væri ekkert tillit tekið til þess að byggja þyrfti upp veginn frá Reykhólum inn Berufjörð með tengingu inn á Vestfjarðaveg, þjóðveg 60. Þessi kafla geti ekki að óbreyttu borið uppi stórukauna umferð, auk þess sem hann sé beinlínis hættulegur.

Þ-H leiðin fullfjármögnuð en ekki A3 leiðin

Leið Þ-H er fullfjármögnuð samkvæmt tillögu að samgöngu-

ætlan en leið A3 [R] ekki. Óvíst er um fjármögnun jarðganga undir Hjallaháls og líklegt að jarðgöng á Austurlandi [Seyðisfjarðargöng] verði næst í röðinni. Ekki er heldur víst að Hjallaháls verði efstur í forgangi um jarðgöng á Vestfjörðum og líklegra að göng sem leysi hættulegan Súðavíkurveg af hólmri yrðu þar framar í goggunnaröðinni. Samkvæmt mati Háskólans á Akureyri er kostnaður þjóðfélagsins af seinkun framkvæmda mikill. Þannig kosti 3 ára bið 420 milljónir kr. – 10 ára bið 1.740 milljónir kr. og 15 ára bið 3.070 milljónir króna.

Hreppsnefnd ósammála Vegagerðinni

Hreppsnefnd Reykhólahrepps hefur síðan eftir kosningar síðastliðin vor ekki verið sammála Vegagerðinni um Þ-H leiðina og óskaði eftir „valkostagreiningu“ frá Lilju Karlsdóttur í haust sem kynnt var 18. desember 2018. Þar er R leiðin metin hagstæðust. Vegagerðin segir hins vegar að umhverfisáhrif af A3/R leiðum hafi ekki verið metin

og því ekki hægt að álykta að vegur um Reykhóla sé hagstæðasta leiðin.

R leiðin verst út frá öryggissjónarmiðum

Þann 4. janúar kom fram umferðaöryggismat fyrir leiðir Þ-H, D2 [jarðgöng undir Hjallaháls], A3 og R leið. Þar kom fram að öryggi Þ-H og A3 leiðar sé svipað en meira en í jarðgangaleið undir Hjallaháls enda sé vegur yfir Ödrjúgsháls þá áfram inni í myndinni. Leið R komi þar verst út með óbreyttum vegi frá Reykhólum til austurs.

Mest stytting og ódýrast að fara um leið Þ-H

Núverandi vegur frá Skálanesi í utanverðum Þorskafirði í Borgarnes er 184 km.

Ef farin yrði Þ-H leið, sem kostar að mati Vegagerðarinnar um 7,3 milljarða, er vegalengdin 163 km og styttist um 21 km. Auk þess er þessi leið samkvæmt umferðaöryggismati talin best eða jafn góð og leið A3 með uppbyggðum nýjum vegi frá Reykhólum í báðar áttir.

Ef farin yrði leið D2 með jarðgöngum, sem talin er kosta 13,3 milljarða, þá er vegalengdin 165 km og styttist vegurinn um 19 km.

Ef farin yrði A3 leið, sem kostar 11,2 milljarða [þar af brúin ein og sér 5.970 milljónir samkv. mati Vegagerðarinnar], yrði vegalengdin 169 km og styttist um 15 km.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps í andstöðu við aðrar sveitarstjórnir á Vestfjörðum:

Reikningur Multiconsult vegna endurskoðunar framkvæmda nemur rúmum 5,6 milljónum króna

– Sveitarstjóri Reykhólahrepps vonast til að Hagkaupsbræður greiði 2,2 milljónir af þeim reikningi

Úttektir að beiðni hreppsnefndar á kostum í veglagningu um Gufudalssveit hafa þegar kostað margar milljónir króna fyrir utan þá valkostagreiningu sem hreppurinn óskaði eftir. Átök hafa harðnað um þetta mál og mikillar óþreyju og óánægju er farið að gæta hjá mörgum sveitarstjórnnum á Vestfjörðum í garð hreppsnefndar á Reykhólum.

Bændablaðið sendi vegna þessa fyrirspurn til Reykhólahrepps og Tryggva Harðarsonar sveitarstjóra í desember. Tryggvi svaraði þeirri fyrirspurn fljótt og vel.




Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri Reykhólahrepps.

hreppsnefndar og annarra sem á bak við þessa endurmatskröfu hafa staðið.

3. Spurt var hvort Reykhólahreppur hafi fengið styrk vegna matsgerðar Multiconsult og ef svo er frá hverjum? Í svari sveitarstjórans segir:

„Sveitarfélagið á von á styrk frá Sigurði Gísla og Jóni Pálmasonum fyrir þeirri upphæð. Sennilega rétt um 2.200.000 íslenskra króna.“

4. Þá var spurt hver bæri kostnaðinn vegna svokallaðrar „valkostagreiningar“ og þar var svarið:



„Sveitarfélagið ber kostnaðinn en mun sækja til Skipulagsstofnunar um þátttöku í þeim kostnaði vegna undirbúnings endurskoðunar Aðalskipulags.“

5. Næst var bent á að nokkrir landeigendur hafi lýst yfir andstöðu við R-leið

1. Spurt var hver væri heildarkostnaður við úttekt verkfræðistofunnar Multiconsult varðandi samanburð á Teigsskóga leið Þ-H og Reykhóla leið. Í svari sveitarstjóra segir:

„Heildarkostnaður Multiconsult stendur í dag í 5.603.466 íslenskum krónum.“

2. Í svari við spurningu um skiptingu kostnaðar af úttekt Multiconsult misskildi sveitarstjóri greinilega spurninguna og segir:

„Honum hefur ekki verið skipt milli verkþátta.“

Því kemur ekkert fram um hvernig kostnaði verður á endanum skipt á milli þeirra sem fara fram á endurmatið, þ.e.



Jónas Á. Ágústsson hefur staðið vaktina við sölu á rafeindavogum og öðrum búnaði allar götur frá því brautryðjendur á heimsvísu hófu þróun á slíkum búnaði á Ísafirði á áttunda áratug síðustu aldar. Hann stofnaði ELTAK ásamt fleirum árið 1991 til þess m.a. að sjá um sölu á Póls rafeindavogum. Mynd / HKr.

Eltak ehf. rekur sögu sína til upphafs rafeindavoganna á Íslandi:

Vigta allt frá títuþrjónum til trukka

— Vaxandi viðskipti við bændur sem leggja áherslu á heimavinnslu á sínum afurðum

Jónas Á. Ágústsson hjá ELTAK ehf. hefur kynnt undir rafeindavoganna allt frá þeirri miklu byltingu sem varð í kjölfar þess að Örn Ingólfsson, rafmagnstæknifræðingur á Ísafirði, hannaði fyrstu íslensku rafeindavogina á 8. áratug síðustu aldar.

„Við erum með vogir fyrir allt sem þarf að vigta á Íslandi, hvort sem það eru títuþrjónar, trukkar eða heybaggar. Á landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöllinni vorum við t.d. að sýna vogir sem henta vel fyrir grænmetisframleiðslu og þökkun. Við eigum mikil viðskipti við grænmetisbændur og síðan eru vaxandi viðskipti við þá sem selja undir slagorðunum „Beint frá býli“. Nú eru fjölmargir bændur farnir að selja sínar vörur beint til neytenda og þá er mikilvægt að vera með nákvæma vigtun. Við bjóðum þar löggildar vogir sem geta sýnt verð á hvert kíló. Þarna sjáum við mikinn vöxt hjá bændum sem eru að selja sínar afurðir til ferðamanna og annarra sem koma beint heim á bæ. Við bjóðum þar upp á mjög góða kosti. Síðan þarf að vigta heybagga og ýmislegt annað sem tilheyrir landbúnaði,“ segir Jónas.

Hann segir að ELTAK sé líka mjög öflugt þegar kemur að tækjabúnaði fyrir kjöt- og fiskvinnslur þar sem fyrirtækið er með áratuga reynslu. Sérhæfir ELTAK sig nú í sölu og þjónustu á rafeindavogum og öðrum búnaði til vigtunar, stýringar, skömmtnar, vörufrágangs og þökkunar.

Uppruninn rakinn til Ísafjarðar

„Uppruni okkar er fyrir vestan. Hugmyndasmiðurinn Örn Ingólfsson starfaði að þróun rafeindavoga innan veggja Pólsins hf. eftir að hann lauk námi í rafmagnstæknifræði í Árósum í Danmörku árið 1977.

Hannaði hann í kjölfarið fyrstu íslensku rafeindavogina og síðan tók boltinn að rúlla með innleiðingu á tölvuvogabyltingunni fyrir fiskvinnslu og útgerðir. Framleiðsla á hinum þekktu Póls vogum hófst svo árið 1978. Pólstækni var síðan stofnað utan um þessa starfsemi á Ísafirði árið 1986.

Ég tók þátt í þeirri byltingu frá byrjun og vogirnar frá Pólstækni vöktu heimsathygli. Fyrirtækið varð svo gjaldþrota og nýtt fyrirtæki, Póls rafeindavörur, tók við hlutverkinu 1991. Þá stofnaði ég mitt fyrirtæki, Eltak, til að annast sölu á þeirra vörum á Íslandi. Í framhaldinu hófum við að flytja inn rafeindavogir og erum nú orðnir mjög stórir á því sviði og höfum á boðstólum vogir fyrir allt mögulegt.“

Velvilji fiskvinnslufyrirtækja á Ísafirði skipti sköpum við þróun rafeindavoga

Jónas segir að margt hafi spilað inn í til að gera þessa tæknibyltingu mögulega á Ísafirði. Þar hafi ekki síst verið um að ræða endalausán velvilja stjórnenda fiskvinnslufyrirtækja á svæðinu, einkum Hraðfrystihúss Norðurtangans og Íshúsfélags Ísfirðinga sem voru á þeim tíma fullkonnustu frystihús landsins. Þar fengu frumkvöðlarnir í tölvuvogum og margvíslegum öðrum búnaði að prófa sig áfram og þróa sínar vörur við raunadstæður á vinnustað. Fyrsta rafeindavogin var einmitt sett upp í Norðurtanganum á Ísafirði, sem innvigtunavog fyrir afla. Var það eins konar karavigt.

Sú ákvörðun sem Jón Baldvin Hannibalsson beitti sér fyrir sem ráðherra, að grænenskum togurum yrði um tíma eingöngu heimilt að landa afla sínum á Ísafirði, hafði einnig gríðarlega mikið að segja fyrir smíði skipavoga á Ísafirði og þróunarvinnu á vörum frá Pólstækni.



Rafmagnstæknifræðingurinn Örn Ingólfsson var mikill frumkvöðull í hönnun og smíði rafeindavoga á Íslandi. Einnig var hann í hópi brautryðjenda á heimsvísu í hönnun rafeindavoga sem nothæfar voru um borð í fiskiskipum í veltungi úti á rúmsjó.



Jónas segir mikinn vöxt í þjónustu við íslenska bændur.

Voru allir grænlenksku togararnir á skömmum tíma komnir með Póls skipavogir um borð.

Þess má geta að Póls vogirnar sem voru í árdaga þessarar byltingar seldar um allan heim eru margar hverjar enn í notkun á markaðnum. Marel eignaðist 76% hlut í



Velvilji stjórnenda hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga og Hraðfrystihúss Norðurtangans á Ísafirði ásamt stjórnendum annarra fiskvinnsluhúsa á Vestfjörðum skipti sköpum í uppbyggingu og þróun fyrirtækja sem nýttu tölvutækni í hönnun búnaðar fyrir matvælaöðnaðinn.

fyrirtækinu 2004 og síðan fyrirtækið að fullu, en frumkvöðlarnir seldu sinn hlut. Framleiðsla voganna var svo hætt á Ísafirði 2007, en fjöldi þeirra er enn í notkun. Marel hélt samt áfram framleiðslu á vörum Póls og er sumt af þeirri hönnun t.d. í samvalsvélum og öðru enn grunnurinn að fjölmörgum framleiðsluvörum Marel. Marel er nú orðið að risa á alþjóðlegum markaði og hefur eignast fjölda annarra fyrirtækja í framleiðslu voga og tækja fyrir matvælagæirann, eins og Scanvægt í Danmörku 2006 og Stork Food Systems í Hollandi árið 2007.

Ný vog í Bolungarvík tekur 60 tonn

Þess má geta að Eltak setti m.a. upp nýja hafnarvog í Bolungarvík í nóvember til að vigta fulllestaða trukka. Sú vog er 18 metra löng og

tekur allt að 60 tonn. Hún ætti því að þola það sæmilega þó einhverjum dytti í hug að stíga á vigtina eftir allt átið um jólin.

„Við erum því enn með mikla tengingu vestur á firði og seljum reyndar mikið út um allt land. Enda teljum við okkur vera sérfræðinga í öllu er varðar vigtun hvort sem um er að ræða lítið eða mikið.“

Mikill vöxtur í þjónustu við bændur

— Þú nefndir landbúnaðinn, sérðu mikil tækifæri á því sviði í framtíðinni?

„Já, það er engin spurning. Við sjáum mikinn vöxt í þjónustu við íslenska bændur. Enda hafa neytendur mjög verið að kalla eftir því að geta verslað beint við bændur. Þar hefur regluverkið svolítið verið að þvælast fyrir mönnum og nokkur umræða hefur verið um það á síðustu misserum hvernig hægt sé að létta á því kerfi. Þannig að þeir bændur sem vilja geti nýtt sér tækifæri á þessu sviði til að auka sínar tekjur og ná meira til sín af virðisaukanum í greininni. Maður sér þetta vera að gerast víða um heim. Fólk vill komast nær frumframleiðendum þeirra matvæla sem það borðar,“ segir Jónas.

ELTAK var með kynningarbás á sýningunni Íslenskur landbúnaður 2018 sem fram fór í Laugardalshöllinni í október. Jónas segir að það hafi verið gott framtak. Fimmtíu ár á milli slíkra sýninga í Reykjavík væri samt of mikið, en sitt mat eftir mikla reynslu á þessu sviði væri að svona sýningu mætti vel setja upp á fimm til sex ára millibili. Þau tíðindi spurðust reyndar út nú fyrir árslok að sýningarhaldarar hafi ákveðið að halda næstu landbúnaðarsýningu í Reykjavík á árinu 2021. /HKr.

Nýsköpunarverðlaun SAF:

Björböðin hlutu hnossið

Björböðin á Árskógssandi fengu nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðapjónustunnar (SAF) fyrir árið 2018. Eliza Reid forsetafrú afhenti Björböðunum verðlaunin á 20 ára afmæli Samtaka ferðapjónustunnar fyrr í þessum mánuði.

Samtök ferðapjónustunnar afhenda árlega nýsköpunarverðlaun fyrir athyglisverðar nýjungar og er markmiðið að hvetja fyrirtæki innan SAF til nýsköpunar og vöruþróunar. Verðlaununum er ætlað að hvetja frumkvöðla landsins til dáða í ferðapjónustu. Þetta er í fimmtánda sinn sem SAF veita nýsköpunarverðlaun samtakanna en þetta árið bárust 33 tilnefningar í samkeppninni um verðlaunin.

Gróska og nýsköpun um allt land

Sem fyrr endurspeglar tilnefningarnar til nýsköpunarverðlauna SAF mikla grósku og nýsköpun í ferðapjónustu um allt land. Hugmyndaauðgi, stórhugur og fagmennska einkennir mörg þau fyrirtæki sem tilnefnd voru, segir í tilkynningu frá SAF, og dómnefnd því ákveðin vandi á höndum. Nefndarmenn voru þó sammála um að Björböðin séu handhafi verðlaunanna í ár.

Björböðin voru opnuð í júní 2017 og vöktu þegar mikla athygli bæði hérlendis sem erlendis, enda er slík böð ekki að finna hvar sem er í heiminum. Fyrirtækið kom því ekki aðeins nýtt inn á markaðinn, heldur kom það inn með glænýja upplifun þar sem vellíðan og slökun gegnir lykilllutverki á nýstárlegan hátt.

Björböðin hafa skapað sér ákveðna sérstöðu í ferðapjónustu og ferðaskrifstofur verið fljótar að taka við sér með því að bjóða upp á ferðir þar sem viðkoma í böðunum er innifalín. Björböðin eru því þegar orðin mikilvægur segull fyrir ferðapjónustu á Norðurlandi og styrkja markaðssetningu áfangastaðarins allt árið um kring.

Áhugaverð ferðavara

Agnes Sigurðardóttir og Ólafur Þróstur Ólafsson, eigendur bruggverksmiðjunnar Kalda á Árskógssandi í Eyjafirði, stofnuðu fyrirtækið Björböðin ehf. árið 2015 ásamt syni þeirra og tengdadóttur. Í björböðunum er ger úr bjórbrugginu nýtt sem annars hefði verið hent. Björböðin eru lýsandi dæmi um frjóan frumkvöðlaanda sem skilar sér í áhugaverðri ferðavöru og atvinnuskapandi starfsemi allt árið um kring. Agnes og Ólafur segjast þakklát og stolt með viðurkenninguna. Þau hafi haft mikla trú á að verkefnið gæti skapað nýja og ógleymanlega upplifun í

ferðapjónustu, en viðbrögð gesta hafi verið góð.

Nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðapjónustunnar voru afhent í fimmtánda sinn, en í hópi þeirra sem áður hafa fengið verðlaunin má nefna, Friðheima, Öbyggðasetur Íslands, Into The Glacier, Gestastofu Þorvaldseyri og Saga Travel. /MPP



Björböðin hlutu nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðapjónustunnar. Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðapjónustunnar og formaður dómnefndar nýsköpunarverðlaunanna, Agnes Sigurðardóttir og Ólafur Þróstur Ólafsson, eigendur Björbaðanna og Eliza Reid forsetafrú.

Mynd / SAF



28.
jan.
mán.

20:30 Verslun Líflands
á Hvolsvelli

29.
jan.
þri.

11:30 Hótel Flúðum
20:30 Verslun Líflands
í Borgarnesi

30.
jan.
mið.

20:30 Verslun Líflands
á Blönduósi

31.
jan.
fim.

11:30 Hótel Varmahlíð
20:30 Verslun Líflands
á Akureyri

Porrapræll, fræðslufundir Líflands verða haldnir 28.-31. janúar 2019.

Að þessu sinni verður fjallað um stein- og bætiefnafóðrun jörturdýra og mikilvægi þeirra í kjöt- og mjólkurframleiðslu.

Fyrirlesarar verða Gerton Huisman og Jacob Huizing, sérfræðingar í fóðrun nautgripa frá Trouw Nutrition, ásamt ráðgjöfum Líflands. Erindin verða flutt á ensku en þýdd á íslensku.

Fundargestir verða leystir út með veglegum gjafapakka með vörum sem nýtast öllum kúabændum. Að auki verða tilboð á bætiefnum og öðrum vörum í verslunum Líflands um allt land meðan á fræðslufundunum stendur.

Boðið verður upp á léttar veitingar.

 **LÍFLAND**
Stofnað 1917

Bændablaðið

Kemur
næst út

31.
janúar

Smáauglýsingar
56-30-300

Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

www.lifland.is
lifland@lifland.is

Reykjavík
Lyngháls

Akureyri
Óseyri

Borgarnes
Borgarbraut

Blönduós
Efstubraut

Hvolsvöllur
Ormsvöllur

ORKUMÁL

Verkfræðistofan Mannvit telur mögulegt að setja upp fjölda smávirjkjana á Norðurlandi vestra:

Í það minnsta 82 virkjanakostir með 49.601 kílówatti í uppsettu afli

Möguleikar í uppsetningu lítilla vatnsaflsvirkjana eru miklir víða um land. Margvísleg tækni hefur komið fram á sjónarsviðið á liðnum árum sem gerir mönnum kleift að framleiða raforku jafnvel án stíflugerðar og með því að nýta hægrennsli lækjarfarvega. Í desember 2016 kynnti Orkustofnun fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hugmynd að smávirkjanaverkefni sem hefði það að markmiði að stuðla að aukinni raforkuframleiðslu á landsbyggðinni.

Hugmynd að verkefninu er til komin vegna alvarlegrar stöðu í raforkuöryggismálum landsins. Fáir álitlegir virkjunarkostir eru í nýtingarflokki í þeirri tillögu sem lögð hefur verið fram á Alþingi, auk þess sem erfiðlega gengur að gera endurbætur á flutningskerfi raforku. Kerfið eins og það er í dag getur ekki staðið undir frekari uppbyggingu á atvinnustarfsemi út um land.

Það er mat Orkustofnunar að nauðsynlegt sé að horfa til staðbundinna lausna og kanna hvaða smærri virkjunarkostir í vatnsafla eru í boði. Hugmyndinni var vel tekið og fékkst fjármagn til verkefnisins í ársbyrjun 2018. Smærri virkjanir geta orðið lyftistöng fyrir bæði bændur og aðra atvinnustarfsemi víða um land, auk þess sem þær geta stuðlað að auknu orkuöryggi í landinu.

Smávirkjanaverkefni Orkustofnunar hefur það að markmiði að stuðla að aukinni raforkuframleiðslu sem víðast á landsbyggðinni og er verkefnið fjórþætt.


1. Safnað er saman gagnlegum upplýsingum og þeim miðlað áfram.
2. Boðið er upp á að stilla upp frumhugmynd að vatnsaflsvirkjun.
3. Veittir eru styrkir til meistaraþrófsverkefna á sviði smávirjkjana.
4. Haldnir eru fundir og kynningar úti um land.

Fjölmarginir smávirkjanakostir á Norðurlandi vestra

Síðla hausts 2017 ákváðu Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra að láta vinna úttekt á smávirkjanakostum á Norðurlandi vestra, óháð áformum landeigenda. Var verkfræðistofan Mannvit fengin til verksins. Úttektin náði til virkjunarkosta innan sveitarfélaganna Akrahrepps, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Blönduósþéjar, Húnavatnshrepps og Húnaþings vestra.

Tilgangurinn var að gera grófa könnun á hvaða möguleikar væru á smávirkjnum af ýmsum stærðum, ekki síst virkjnum sem gætu selt rafmagn inn á dreifikerfið og stuðlað að atvinnuuppbyggingu í sveitarfélögunum.

Í úttekt Mannvits kemur fram að virkjanir hafa verið starfræktar um langt skeið á Norðurlandi vestra, en fyrsta virkjunin sem skýrsluhöfundum er kunnugt um er Laxárvatnsvirkjun sem byggð var 1933. Í dag eru nokkrar virkjanir í rekstri í landshlutunum og ber þar helst að nefna Blönduvirkjun (180.000 kW), Skeiðsfossvirkjun (4.800 kW), Gönguskarðsárvirkjun (1.750 kW) og Sleitustaðavirkjun (218 kW). Þetta er ekki tæmandi listi og eru eflaust bæði minni og stærri



Yfirlitsmynd yfir smávirkjanakosti og vatnasvið á Norðurlandi vestra.

Mynd / Mannvit



Grafargil og Áltaskálará (Álka). Meðal virkjanakosta á Norðurlandi vestra sem nefndir eru í skýrslu Mannvits er Áltaskálará-efri sem rennur í Vatnsdalsá.

Mynd / HKr.

virkanir í rekstri á Norðurlandi vestra, sem skýrsluhöfundum var ekki kunnugt um.

Nokkrir virkjunarkostir eru til umfjöllunar í rammaáætlun en í þessari skýrslu verður ekki fjallað um þá né aðra fyrirhugaða virkjunarkosti, sem ekki falla undir rammaáætlun.

Mannvit skoðaði virkjunarkosti

í vel flestum af stærri vatnsföllum sveitarfélaganna. Ekki var hægt að skoða öll vatnsföll, né heldur hægt að skoða margar útfærslur í hverju vatnsfalli.

Bent er á í skýrslunni að hvert og eitt vatnsfall má virkja á marga mismunandi vegu.

Mikilvægast sé þó að sem víðtækust sátt ríki um þá

virkjunarkosti sem skoðaðir verða nánar.

82 virkjanakostir með 49.601 kílówatti í uppsettu afli

Þó úttektin sé ekki tæmandi er bent á 82 virkjanakosti á svæðinu sem gætu verið samtals í uppsettu afli 49.601 kílówatt. Þær gætu

mögulega skilað orkuframleiðslu upp á 361.330 megawattstundir. Orkuframleiðslan miðast við tvöfalt lágmarksrennsli í viðkomandi vatnsföllum en gæti þó mögulega verið meiri. Það mun þó væntanlega ráðast af frekari rannsóknum. Margir virkjunarkostir sem fjallað er um í þessari skýrslu eru hagkvæmir og væri áhugavert að skoða þá betur að mati skýrsluhöfunda.

Getur tekið 4–8 ár að reisa litla smávirkjun

Gera má ráð fyrir að það taki á bilinu 4–8 ár frá því fyrstu skref eru stigin í undirbúningsvinnu að lítilli smávirkjun þar til hún geti verið komin í gagnið. Stærri smávirkjun tæki lengri tíma.

Fyrsta skref:

Æskilegt væri að fara í vettvangsferð á virkjunarsvæðið, skoða það m.t.t. staðsetningar mannvirkja og kanna hug landeigenda til virkjunaráforma. Þá væri æskilegt að hefja rennsli mælingar en þær þurfa almennt að standa í að lágmarki tvö ár áður en frekari ákvarðanir eru teknar, þrjú ár ef vel á að vera.

Annað skref:

Virkjunin yrði frumhönnuð og stofnkostnaður áætlaður og einnig tengikostnaður við raforkukerfið. Gerð yrði hagkvæmnigreining. Hér væri einnig eðlilegt að gera matsskyldu fyrirspurn. Þessi vinna þarf að byggja á nákvæmari gögnum um t.d. vatnsrennsli og almenna staðhætti.

Þriðja skref:

Virkjunin yrði útboðs- eða fullnaðarhönnuð en það fer eftir stærð virkunar og virkjunaraðila hvor leiðin er valin. Hér þyrfti einnig að huga að aðal- og deiliskipulagsbreytingum og í framhaldi af því er sótt um virkunar- og framkvæmdaleyfi.

Fjórða skref:

Virkjun byggð og sett í rekstur.

Tengingar við orkukerfið

Á Norðurlandi vestra sjá þrjár aðilar um rekstur raforkukerfisins en það eru Landsnet, Orkubú Vestfjarða (OV) og Rarik. Tenging virkjana við raforkukerfið getur bæði verið um nærliggjandi dreifikerfi eða í aðveitustöð/tengivirki en það fer eftir stærð virkjana og flutningsgetu nærliggjandi dreifikerfis. Gera má ráð fyrir því, að virkjanir með uppsett afl meira en 2.500 kW þurfi í öllum tilfellum að tengjast við aðveitustöð/tengivirki.

Á Norðurlandi vestra eru átta aðveitustöðvar/tengivirki og er spennustig mismunandi í aðveitustöð eða tengivirki.

Tengikostnaður virkjana getur verið mjög mismunandi, eða allt frá því að vera lítið brot af stofnkostnaði yfir í margfaldan stofnkostnað virkjana. Ávinningur rekstraraðila raforkukerfis af tengingu virkunar inn á dreifikerfið getur í sumum tilfellum verið það mikill að enginn tengikostnaður fellur á virkjunaraðila. Tengikostnað virkjana við raforkukerfið þarf að skoða í hverju tilviki fyrir sig og er hann því ekki áætlaður í þessari skýrslu Mannvits. /HKr.

Fáðu heyrnartæki til prufu



Um árabil hefur Heyrnartækni veitt þjónustu víðs vegar um landið. Við bjóðum upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum. Kannaðu hvenær Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður næst í nágrenni við þig.



Ákureyri | Akranes | Borgarnes | Egilsstaðir | Reykjanesbær | Sauðárkrúkur | Selfoss

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu í síma 568 6880



Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880 | www.heyrnartaekni.is

ChitoClear

Íslenskt hugvit, hraefni & framleiðsla

Íslenskt sárasprey fyrir öll dýr, stór og smá

Fæst hjá dýralæknum og í hesta- og búvöruverslunum um allt land

- Mjög græðandi og bakteríudrepandi
- Hefur reynst vel við hnjóskum á hrossum
- Myndar filmu og verndar sár
- Dregur úr blæðingu

primex
www.primex.is
s. 460 6900

NÝSKÖPUNARVERDLAUN ÍSLANDS

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

Vetrar- og vinnufatnaður

Dynjandi býður upp á vetrar- og vinnufatnað sem uppfyllir ströngustu kröfur markaðarins. Hafðu samband og við aðstoðum!

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is

**ÍÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR**

- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hraefni.
- Polir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir | Sími 564 0013 | www.ishurdir.is | ishurdir@ishurdir.is

Gámurinn er þarfaping



Til leigu eða sölu:

- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaröppun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Klettagördum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

NÁTTÚRUNÝTING & SJÁLFBÆRNI

Nordregio og evrópska rannsóknarverkefnið BioWiseTrans:

Hagkerfi sem byggist á sjálfbærri nýtingu lands og lífkerfisins getur gjörbreytt þróun dreifbýlis

— Slíkt kallar á mikla samþættingu ólíkra sjónarmiða og endurskoðun á hindrandi regluverki

BioWiseTrans er evrópskt rannsóknarverkefni sem norræna rannsóknastofnunin Nordregio kemur að. Fjallar verkefnið um það hvernig lífhagkerfið og sjálfbær nýting náttúruauðlinda getur stuðlað að atvinnusköpun og byggðapróun í dreifbýli.

Í grein sem birtist um þetta mál í Nordregio Magazine er m.a. vitnað í Karen Refsgaard, rannsóknarstjóra og staðgengil framkvæmdastjóra Nordregio, sem segir:

„Allt sem hægt er að framleiða innan hagkerfisins sem byggir á jarðefnaeldsneyti er einnig hægt að framleiða innan lífríkis. Þú getur búið til mat, orku, fatnað, lyf, plast og úrval annarra efna. Þetta þýðir að það krefjist margs konar hæfileika að byggja upp sterkt og samfellt lífhagkerfi.“

Hún segir að til þess að flýta umskiptum frá jarðefnaeldsneyti yfir í lífhagkerfi, verði hagsmunaaðilar frá öllum hlutum virðisdeðjunnar að vinna saman. Öflugt samstarf um nýsköpun og stjórnunarkerfi verði lykillinn að því að takast á við hugsanleg átök um landnotkun og að skilgreina reglur og reglugerðir sem valda hindrunum við þróun nýs lífhagkerfis.

Norræn rannsóknarstofnun

Nordregio er leiðandi norræn og evrópsk rannsóknamiðstöð sem sett var á fót af Norræna ráðherraráðinu árið 1997, en þar starfa yfir 40 manns. Í stjórn Nordregio sitja fulltrúar allra Norðurlandanna auk áheymanfulltrúa Færeyja, Grænlands og Aalandeyja og fulltrúa sem kosinn er af starfsfólki stofnunarinnar. Er miðstöðinni ætlað að fjalla um þróun dreifðari byggða jafnt og skipulag þéttbýlis og þróun sjálfbærra lausna á norðlægum slóðum í samræmi við sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna. Snertir



Karen Refsgaard.

úrlausnarefnið þá líka stefnumótun og söfnun staðreynda sem geta síðan nýst stjórnálagmönnum til ákvarðanatöku og við reglugerðarsmíði.

Vernd hagsmuna sveitarfélaga og samfélaga ætti að vera aðalatriðið

Í greininni segir einnig að uppbygging lífhagkerfis þýði einstaka möguleika til vaxtar í dreifbýli og strandsvæðum á Norðurlöndum vegna nálægðar við öflugar og fjölbreyttar lífefnauppsprettur. Það sé þó að því tilskildu að auðlindunum sé stjórnað á réttan hátt. Segir Refsgaard að verkefnið snúist m.a. um að þróa ramma um að auðlindirnar verði nýttar á sjálfbæran hátt, bæði í umhverfis- og efnahagslegu tilliti.

„Vernd hagsmuna sveitarfélaga og samfélaga ætti að vera lykilatriði.“ heldur hún áfram. „Stofnanir okkar verða að tryggja að dreifbýli fái rétt til að stjórna, eiga og nýta lífefnauppsprettur og einnig að efnahagslegur ávinningur sé að þessu fyrir samfélagið. Ef við náum árangri í að skapa réttar aðstæður fyrir tækniþróun, menntun og útflutning, gæti lífhagkerfið stuðlað



Michael Kull.

að mikilli uppbyggingu í dreifbýli,“ sagði Karen Refsgaard.

Margvísleg álitamál geta komið upp

„Lífhagkerfið er afar flókið í margvíslegum vandamálum sem upp geta komið. Með aukinni notkun lífmassa er líklegt að við munum sjá meiri landnotkunar samkeppni og átök um landnotkun og málefni sem tengjast regluverki og auðlindastjórnun. Til þess að takast á við þessi mál þarf að skilgreina hagsmunaaðila og koma þeim saman.“

Norrænir framherjar

Þó að lífhagkerfið sé enn á frumstigi, hafa Norðurlöndin gert mikilvægar ráðstafanir til að skapa hagkerfi sem byggist á sjálfbærri nýtingu auðlinda.

„Norrænu ríkin eru á margan hátt í forystu þegar kemur að þróun lífhagkerfis,“ sagði Sveinn Margeirsson, fyrverandi forstjóri Matis á Íslandi, en hann var einn af



Sveinn Margeirsson.

aðal ræðumönnum á ráðstefnunni Nordregio Forum 2018. Hann tók þar líka þátt í umræðum um bláa og græna lífhagkerfið sem fjallaði um nýtingu sjávarauðlinda og landnotkun með sjálfbærum hætti.

„Okkur hefur gengið vel í þróun okkar mannafla, við þekkjum auðlindir okkar vel og höfum mótað góða stefnu fyrir Norðurlöndin.“

Fiskeldi og átök um landnýtingu

Eitt af þeim málum sem fjallað var um er aukin samkeppni milli þéttbýlis og landbúnaðar um landnýtingu, verndun og þróun iðnaðar, framleiðslu matvæla og lífefsneytis. Einnig var þar fjallað um fiskeldi og samþættingu hagsmuna á sjó og á landi.

„Það eru veruleg tækifæri til vaxtar í fiskeldi,“ sagði Sveinn Margeirsson.

„A sama tíma er mikilvægt að meta hvernig vöxtur þeirrar greinar muni hafa áhrif á landsbundna viðskiptahagsmunum og umhverfið. Til dæmis, hvernig það muni hafa áhrif á villta laxastofna á svæðinu eða ferðaþjónustu í sveitunum.“

„Í heimi sem stendur frammi fyrir meiri matvælatengdum áskorunum en nokkru sinni fyrr,

mun spurningin um landnotkun verða sífellt mikilvægari,“ sagði Sveinn.

Hindranir regluverksins

Sveinn benti einnig á að strangar túlkningar reglugerða geti verið mikil hindrun fyrir framtíðarþróun lífhagkerfisins. Smáfyrirtæki eiga oft erfitt með að kynna nýjar vinnsluáferðir matvæla á Norðurlöndum og Evrópu. Hann nefndi slátrun lamba og notkun skordýra sem dæmi.

„Við stöndum frammi fyrir aðstæðum þar sem túlkun okkar á reglugerðum um matvælaöryggi kemur í veg fyrir þróun,“ sagði Sveinn.

„Það snýst um hvernig við metum og vegum áhættu og ávinning. Er ástæða til að ætla að við séum of ströng í túlkun okkar? Í lok dags snýst þetta um sjálfbæra nýtingu lífríkisins og við viljum örugglega ekki sóa þeim möguleikum vegna strangrar túlkunar á reglum.“

Ekki einfalt að breyta reglunum

Michael Kull segir að breyting á reglunum sé ekki einfalt verkefni, ástæðan er flóknir stjórnarhættir á því sviði sem lífeðlisfræðin starfar á.

Það verður að vera hægt að ná fram samlegðaráhrifum af evrópskri löggjöf og löggjöf einstakra ríkja. Hún verður síðan að passa vel inn í staðbundnar og svæðisbundnar lífsstjórnunaraðferðir.

Eitt af markmiðum BioWiseTrans er að tryggja að stefnumótun okkar sé studd af góðum gögnum um þróun lífhagkerfisins og um félagsleg, umhverfisleg og efnahagsleg áhrif. Við þurfum að fá bestu fánlegu gögnin til að búa til upplýst og skilvirkt lífhagkerfi fyrir framtíðina,“ sagði Michael Kull.

/HKr.

Greiðslur fyrir ræktað og uppskorið land:

Flatarmál lands hefur minnkað milli ára

Undanfarin tvö ár hafa landgreiðslur verið greiddar út til bænda, samkvæmt ramma-samningi búvörusamnings frá 2016, þar sem greitt er fyrir land sem uppskorið er til fíðuröflunar og bættust þær við jarðræktarstyrki sem hafa verið greiddir frá 2008 í núverandi mynd. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) hefur birt yfirlit um heildarflatarmál þess lands sem hefur verið greitt fyrir síðustu tvö ár og hefur flatarmál þess minnkað um tæpa 1.000 hektara á milli ára.

Þessar upplýsingar koma úr gögnum frá Matvælastofnun. Raunar minnkar land sem greitt er fyrir, bæði fyrir landgreiðslur og jarðræktarstyrki. Greitt var fyrir 76.988 hektara með landgreiðslum árið 2017 en fyrir 76.587 hektara á síðasta ári. Jarðræktarstyrkir voru greiddir vegna 10.811 hektara árið 2017, en vegna 10.238 hektara á síðasta ári. Þegar tölur um landgreiðslur og jarðræktarstyrki hafa verið lagðar saman minnkar flatarmálið úr 87.799 hekturum í 86.825 hektara.

Nú greitt fyrir útræktað grænmeti

Breytingar á fyrirkomulagi jarð-




Greitt var fyrir 76.988 hektara með landgreiðslum árið 2017 en fyrir 76.587 hektara á síðasta ári.

ræktarstyrkja hafa orðið þannig að nú er greitt fyrir útræktað grænmeti, sem áður var ekki styrkhæft. Einnig eru meiri kröfur um jarðræktarskýrsluhald í Jörð.is en áður var.

Nokkuð um að bændur sækist ekki eftir greiðslum

RML bendir á að enn sé nokkuð um að bændur sækist ekki eftir



Dreifing landnýtingarinnar um landið.

Mynd / RML

greiðslum og einnig sé einhver ræktun sem ekki falli undir þær kröfur sem eru settar í reglugerð.

RML áætla að heildarflatarmál þess lands sem er í virkri nýtingu á Íslandi (ræktað og uppskorið)

sé rúmlega 90 þúsund hektarar. Á meðfylgjandi mynd frá RML má sjá hvernig sú landnýting dreifist. /smh

Blönduós: Óvissa um framtíð Hafísetursins

Hafíseturinu var lokað árið 2015 og ekki verið opið fyrir almenning síðan. Ólíklegt þykir að setrið verði opnað á ný, í það minnsta í óbreyttri mynd m.a. þar sem uppfæra þarf sýninguna. Dr. Þór Jakobsson, veðurfræðingur og upphafsmaður að Hafísetrinu, er ósáttur við stöðu mála og kallar eftir afgerandi svari frá Blönduósbæ, að því er fram kemur í umfjöllun um málið á vef huna.

Rekstur Hafíseturs gekk vel fyrstu árin, en þegar á leið reyndist ekki grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri með tilliti til aðsóknar. Eigandi Hafísetursins og hafissýningarinnar

er Blönduósbær en upphafsmaður og höfundur texta var dr. Þór Jakobsson veðurfræðingur. Sýningarhönnuður var Björn G Björnsson hjá List og sögu ehf. Sýningin í Hafísetrinu er sambland veggspjalda, mynda og muna sem minna á norðurlóðir. Fjallað er um hafis á fjölbreyttan og fræðandi hátt, m.a. um hvað hafis er, norðurlóðir, veðurfarsbreytingar, hafis við Ísland, veðurathuganir á Blönduósi, hafiskannanir fyrr og nú, Austur-Grænland og konung norðursins – hvítaljörnninn.

Þór segir við vefinn huni.is vera orðinn langþreyttur á að fá ekki afgerandi svar frá Blönduósbæ

um framtíð Hafísetursins og hafissýningarinnar. Hvalasafnið á Húsavík er í hópi þeirra sem lýst hafa yfir áhuga á að fá sýninguna og eins hafi Vilhelm Sigfús Sigmundsson, eðlis- og stjórnufræðikennari, sem er að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamennsku að Fögrubrekku rétt hjá Staðarskála fyrir botni Hrutafjarðar, óskað eftir að fá hana til sín. Þór segist engin svör geta gefið, hann bíði svars frá Blönduósbæ um afdrif sýningarinnar. Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri á Blönduósi, segir að ljóst sé að Hafísetrið verði ekki opnað aftur í óbreyttri mynd. /MPÞ



**Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta**

**Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON
á ÍSLANDI**

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

FRÁBÆR TILBOÐ Á LASERUM



LEIÐIÐ UPPLÝSINGA HJÁ SÖLUMÖNNUM.



...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVI BESTA



SÍÐUMULA 28 / 108 REYKJAVÍK
SÍMI 5105100 / ÍSMAR.IS

2017-2018 Fyrirmyndaryrirtaki
Rekstri
Íslagsáttar Meðlón



EYJALIND Startarar og Alternatorar

- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar



Vertu vinnu okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

STRÚKTÚR

Vegg- og þakklæðningar



Við finnum lausn sem hentar þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Stangarhyl 7 | sími: 588 6640 |

VÍKURVAGNAR EHF.

HESTAKERRUR - GRIPAVAGNAR



HESTAKERRA

HB 610 - FYRIR 5-6 HESTA

VERÐ

2.490.000 með vsk.

GRIPAFLUTNINGAKERRA

TA 510 - FYRIR 4-5 HESTA

VERÐ - 1.620.000 með vsk.

TA 510 - FYRIR 4-5 HESTA MEÐ MILLIGÓLFI

VERÐ - 1.895.000 með vsk.

TA 510 - FYRIR 5-6 HESTA MEÐ MILLIGÓLFI


VERÐ - 1.995.000 með vsk



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIDANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson



Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson auglýsir rannsóknastyrki í landgræðslu og skógrækt, með sérstakri áherslu á vistfræði lúpínu og landgræðsluskógrækt með lúpínu. Til úthlutunar verða 5 milljónir króna. Umsóknnum skal skilað eigi síðar en 31. janúar 2019.

Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðum Landgræðslu ríkisins (land.is), Skógræktarinnar (skogur.is) og Skógræktarfélag Íslands (skog.is). Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í einu pappírseintaki og á tölvutæku formi. Ófullgerðum umsóknnum verður vísað frá.

Nánari upplýsingar gefur formaður sjóðsins, Guðbrandur Bynjúlsson í síma 844 0429. Netfang: buvangur@emax.is

Umsóknnum skal skila til: Landgræðslusjóðs, Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík. Skrifu skal skýrt á umslag: „Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson“.

Greinargerð RHA – Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri – um greiðslumark mjólkur:

Býlum með greiðslumark hefur fækkað um rúm 40% frá árinu 2000

– Gera höfundar ráð fyrir að greiðslumarkið haldi áfram og að starfræktur verði miðlægur kvótamarkaður

RH – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – vann greinargerð fyrir Bændasamtök Íslands og Landssamband kúabænda á síðasta ári um greiðslumark mjólkur og tillögur og leiðir vegna sölu og kaupa á kvóta. Greinargerðin var gefin út í desember síðastliðnum og í niðurstöðum er gengið út frá því að greiðslumark haldi áfram eftir endurskoðun búvörusamninga 2019.

Höfundar greinargerðarinnar eru Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Helga Einarsdóttir, Hjalti Jóhannesson og Vífill Karlsson. Í þessari greinargerð eru reifaðir helstu kostir og gallar fyrirverandi kerfa og þau áhrif sem leiðirnar hafa haft í för með sér, samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Þar er fjallað um áhrif á fjölda og stærð býla í mjólkurframleiðslu, mannfjöldapróun, verðlag á greiðslumarki og fleira. Að beiðni verkkaupa voru einnig skoðaðar mögulegar útfærslur á viðskiptum með greiðslumark og gerð grein fyrir líklegum kostum og göllum hverrar leiðar fyrir sig.

Sérstaða íslensks landbúnaðar

Í niðurstöðum höfunda segir að íslenskur landbúnaður hafi sérstöðu hvað varðar ræktunarskilyrði og langa vetur, sem krefjast vandaðra húsa fyrir mjólkurkúr. Þá séu gerðar miklar kröfur um velferð dýra og heilnæmi afurða. Þá segja þau jafnframt:


„Gert er ráð fyrir kvótamarkaði sem MAST héldi utan um, líkt og þann sem var starfræktur 2010 til 2016, sem felst í frjálstri verðlagningu sem ræðst af framboði og eftirspurn. Þá er miðað við að ákveðið þak verði á hámarksgræiðslumarki til hvers og eins. Tekið er tillit til byggðastefnu þannig að mjólkurframleiðslan safnist ekki enn frekar á örfá svæði á landinu og að sem tilbrigði við leið A verði leið sem við köllum A1, sem gengur lengra. Þar er gert ráð fyrir samskonar kerfi framsals og í leið A en til þess að minnka landfræðilega samþjöppun á greiðslumarki væri skoðað að taka upp t.d. fjögur greiðslumarkssvæði á landinu, þar sem ekki verði heimilt að flytja greiðslumark á milli eða hafa tiltekið hámark, sem hvert greiðslumarkssvæði má hafa.

Annað tilbrigði, sem við köllum A2, gengur lengra og miðar við að frekari áhersla verði lögð á að viðhalda rekstri fjölskyldubúa. Settar verði hömlur á að fyrirtæki fái þann ríkisstuðning sem felst í greiðslumarki og keppi við fjölskyldubú um það, s.s. fyrirtæki í lóðréttu eignarhaldi annarra eða í eigu lögaðila sem eru í ótengdum rekstri. Gert er ráð fyrir að mögulegar lánveitingar vegna kaupa á greiðslumarki komi frekar frá fjármálfyrirtækjum eða sjóðum en frá fyrirtækjum í öðrum rekstri, þar sem slíkt getur skekkt samkeppnisstöðu bænda og svæða.“

Helstu niðurstöður


- Breytingar í landbúnaði valda öðrum samfélags- og efnahagslegum breytingum sem verður mest vart í dreifbýli en þó einnig í þéttbýli þar sem þjónusta við landbúnað og dreifbýl héruð er sinnit. Samþjöppun hefur orðið í landbúnaði og jarðir færst

Hlutfallsleg skiptin greiðslumarks eftir landshlutum árið 2017



Heimild: Matvælastofnun 2018

Próun greiðslumarks eftir landshlutum 2000-2017



á færri hendur. Fólki hefur fækkað í sveitum og samsetning mannfjöldans breyst sem kemur fram í mikilli fækkun barna. Þetta hefur áhrif á þjónustu og fleira.

- Mjólkurframleiðsla og annar landbúnaður er grunnatvinnuvegur og forsenda búsetu víða í sveitum. Árið 1985 var fullvirðisréttur tekinn upp sem átti að tryggja bænum fullt verð fyrir ákveðið magn af mjólk. Árið 1992 var greiðslumark innleitt í stað fullvirðisréttar og frjálst framsal á greiðslumarki mjólkur var heimilað. Settur var upp miðlægur tilbodsmarkaður fyrir greiðslumark árið 2010 sem MAST annaðist. Árið 2016 var sett fast verð á greiðslumark
- Býlum með greiðslumark hefur fækkað um rúm 40% frá árinu 2000 og hafa býlin stækkað. Árið 2000 voru samtals 1.023 býli með greiðslumark en 597 árið 2017. Fjórir landshlutar voru með 93% greiðslumarks árið 2017, þú á Suðurlandi með 40%, Norðurland eystra með 25%, Norðurland vestra 16% og Vesturland 13%.

- Hér er gengið út frá því sem megin leið, sem við köllum Leið A að greiðslumark haldi áfram eftir endurskoðun búvörusamninga 2019. Gert er ráð fyrir miðlægum kvótamarkaði, líkt og þeim sem var starfræktur á vegum MAST 2010 til 2016, þar sem verð ræðst af framboði og eftirspurn. Miðað er við að ákveðið þak verði á því greiðslumarki sem hver og einn getur keypt.

- Einnig er bent á leiðir A1 og A2 sem ganga lengra. Þannig nýtist ríkisstuðningurinn, sem greiðslumarkið veitir, betur til að jafna tækifæri til starfa og búsetu. Einnig til að stýða við rekstur fjölskyldubúa og stuðla að jafnari samkeppni. Leið A1 gerir ráð fyrir markaði eins og leið A en til að minnka landfræðilega samþjöppun greiðslumarks væri skoðað að taka upp t.d. 4 svæði sem ekki mega flytja greiðslumark á milli eða hafa tiltekið hámark á hvert svæði. Leið A2 gengur lengra og miðar við að frekari áhersla verði lögð á að viðhalda rekstri fjölskyldubúa. Settar verði hömlur á að fyrirtæki fái ríkisstuðninginn sem felst

í greiðslumarki og keppi við fjölskyldubú um það, s.s. fyrirtæki í lóðréttu eignarhaldi annarra eða í eigu lögaðila í ótengdum rekstri.

- Leið A3 er nokkuð róttækari en hinar þar sem hugmyndin er að skipta greiðslumarkskerfinu upp í annarsvegar stór bú og hinsvegar lítil fjölskyldubú. Viðskipti með greiðslumark væru ekki heimil á milli kerfa en leið A ríkti innan þeirra. Þannig myndi samþjöppun mjólkurframleiðslu halda áfram, einkum í stórbúa kerfinu en lítil bú nyta styrkja til framleiðslu mjólkur og úrvinnslu afurða og hefðu annað hlutverk en stórbúin. Mikilvægt er þó í þessari tillögu, út frá matvælaöryggi, t.d. vegna afleiðinga náttúruhamfara, að stóru búin dreifist á a.m.k. fjögur svæði á landinu.
- Allar tillögurnar hafa það sameiginlegt að hugað er að stærðarhagkvæmni, umhverfisþáttum og nýsköpun og reynt að mæta báðum sjónarmiðum um aukna hagkvæmni en jafnframt dreifða búsetu.

Próun greiðslumarkskerfisins

Framleiðslustýring í mjólkurframleiðslu hefur verið við lýði á Íslandi frá árinu 1979. Það ár var lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins breytt og búmarkskerfi tekið upp vegna offramleiðslu á mjólk.

Fyrsti búvörusamningurinn 1985

Árið 1985 var fyrsti búvörusamningurinn gerður og fullvirðisréttur tekinn upp sem átti að tryggja bænum fullt verð fyrir ákveðið magn af mjólk. Fullvirðisrétturinn var reiknaður út frá framleiðslu einstakra bænda og var skipt á milli framleiðenda innan hvers búmarkssvæðis.

Árið 1992 var greiðslumark innleitt í stað fullvirðisréttar og frjálst framsal á greiðslumarki mjólkur heimilað.

Árið 1985 voru sett ný lög um framleiðslustýringu í landbúnaði, lög um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Samkvæmt lögnum átti ríkið að tryggja, með samningum, fullt verð til bænda fyrir ákveðið magn búvara en skert verð fyrir framleiðslu umfram umsamið magn. Einnig átti að draga úr útflutningsbótum ríkissjóðs. Þetta sama ár var fyrsti búvörusamningurinn gerður á grundvelli búvörulaganna og fullvirðisréttur tekinn upp.

Fullvirðisréttur var það framleiðslumagn sem framleiðendur fengu fullt verð fyrir og var hann ákveðinn sem heild fyrir landið allt og síðan skipt niður, fyrst á búmarkssvæði og síðan á einstaka framleiðendur. Fullvirðisréttur var reiknaður út frá framleiðslu einstakra bænda árin 1981 til 1983 og var framsal á fullvirðisrétti leyfilegt en lítið var þó um viðskipti.

Annar búvörusamningurinn 1987-1992

Annar búvörusamningur var gerður árið 1987, sem gildi til ársins 1992 og var hann í meginatriðum framlanging á fyrri samningi.

Árin 1989 til 1991 giltu strangar reglur um viðskipti með fullvirðisrétt og þar af leiðandi lágu viðskipti að mestu leyti niðri á þeim tíma.

Þriðji búvörusamningurinn 1992-1998

Í þriðja búvörusamningnum, sem gildi árin 1992 til 1998, var aðallega fjallað um sauðfjárframleiðslu.

Mjólkursamningur 1992

Árið 1992 var því gerður mjólkursamningur, þar sem nánari útfærsla á þeim atriðum sem snéru að mjólkurframleiðslu í samningnum frá árinu 1992 kom fram.

Með mjólkursamningnum var greiðslumark innleitt í stað fullvirðisréttar og útflutningsbætur felldar niður. Framleiðslustýring var fest í sessi og frjálst framsal á greiðslumarki mjólkur heimilað. Kvótakerfið átti að auka sveigjanleika í mjólkurframleiðslu, gera bænum kleift að hagræða í rekstri og auka framleiðslu. Því var samið um að mjólkurverð til bænda myndi lækka um ákveðnar prósentur árin 1992, 1993 og 1994.

Margar breytingar höfðu verið

gerðar á búvörulögnum frá því að þau voru sett árið 1985.

Árið 1993 voru allar breytingar, ásamt þeim breytingum sem voru gerðar vegna mjólkursamningsins árið 1992, sameinuð í ein lög, lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993 og eru þau í gildi í dag.

Fimmti mjólkursamningurinn 1998

Fimmti mjólkursamningurinn var gerður árið 1998 og var hann í gildi til ársins 2005. Beingreiðslur frá ríkinu voru teknar upp, þar sem tæpur helmingur greiðslna var háður framleiðslu. Rómur helmingur þeirra var greiddur, óháð framleiðslu, svo lengi sem framleiðsla lögbýlis væri að minnsta kosti 85% greiðslumarks á tímabilinu. Einnig voru gerðar miklar breytingar á verðlagningu mjólkur og greiðslu til framleiðenda. Lágmarksverðið miðaðist við fyrsta flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi og eftir því sem efnainnihaldið varð betra þá hækkadi verðið til framleiðenda.

Sjötti mjólkursamningurinn 2005 með framlengingum

Sjötti mjólkursamningurinn var gerður árið 2005 og var hann í gildi til ársins 2012. Beingreiðslur ríkisins voru ekki lengur ákveðið hlutfall af verði mjólkur heldur fastar verðtryggðar heildarfjárhæðir. Árið 2012 var samningurinn framlengdur í áföngum til ársloka 2016.

Reglugerð um markaðsfyrirkomulag sett 2010

Árið 2010 var sett reglugerð um markaðsfyrirkomulag við aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur á lögbýlum. Reglugerðin tók gildi árið 2011 en með henni var komið á sérstökum kvótamarkaði sem Matvælastofnun átti að annast. Tilboðsmarkaðir fyrir greiðslumark áttu að fara fram tvisvar á ári og tilfærsla, gjafir eða sala greiðslumarks milli lögbýla, utan tilboðsmarkaðar var óheimil.

Nýr búvörusamningur 2017 og greiðslumarkið fjari út

Í gildandi búvörusamningi, frá 1. janúar 2017, kemur fram stefnumörkun um breytingar á því kerfi sem hefur verið við lýði síðastliðinn aldarfjórðung. Í honum segir:

„Stefnt er að því að greiðslumarkið fjari út á samningstímanum, bæði sem viðmiðun fyrir beingreiðslur og kvóti sem tryggir forgang að innanlandsmarkaði. Ákvörðun um afnám kvóta árið 2021 verður þó ekki tekin fyrir en á árinu 2019. Stuðningsformi ríkisins er breytt og byggist á fleiri viðmiðum en áður. Samið er um breytt fyrirkomulag við verðlagningu mjólkur.“

Ný reglugerð 2018

Þann 15. júní 2018 tók í gildi reglugerð, þar sem tekið er fyrir tilfærslu greiðslumarks mjólkur milli lögbýla í eigu sama aðila nema ef jarðirnar eru samliggjandi. Í henni segir:

„Tilfærsla greiðslumarks er þó aðeins heimil ef handhafi getur sýnt fram á með þinglýstu afsali að öll lögbýli sem tilfærsla greiðslumarksins varðar hafi verið skráð í hans eigu fyrir 15. júní 2018“ (Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1181/2017 um stuðning í nautgriparékt, bls. 1). Þessi reglugerð þrengir enn að viðskiptum með greiðslumark.


Í hnotskurn hefur því þróun greiðslumarks frá árinu 1992 skipst upp í þrjú tímabil.

Frjálst framsal

Viðskipti með greiðslumark voru gefin frjálst frá og með árinu 1993. Bændur gátu verslað með greiðslumark að vild. Gallinn við þetta kerfi var hversu dýrt það var fyrir bændur.

Kvótamarkaður með frjálstri verðlagningu

Kvótamarkaði, með frjálstri verðlagningu, var komið á fót í



desember 2010. Ekki var lengur hægt að versla með kvóta bænda á milli. Matvælastofnun var falið að sjá um innlaun og sölu á greiðslumarki.

Kvótamarkaður með föstu verði

Kvótamarkaður með föstu verði er það kerfi sem er við lýði í dag. Kerfið er það sama í stórum dráttum og sett var á laggirnar fyrir 8 árum, að því undanskildu að verð á greiðslumarki ræðst ekki af framboði og eftirspurn. Þak er á því greiðslumarki sem hver aðili getur keypt og er það 15% af því heildargreiðslumarki sem býðst hverju sinni. Við úthlutun greiðslumarks hafa nýliðar forgang, samkvæmt ákveðnum leikreglum. Afurðastöðvunum er skylt að taka við allri mjólk frá framleiðendum en sú mjólk sem framleidd er umfram greiðslumark fer á erlenda markað, nema birgðastaða í landinu gefi tilefni til annars. Öll mjólk sem fer til afurðastöðvar reiknast inn í

uppgjör greiðslumarks viðkomandi lögbýlis. Ef býlið framleiðir ekki alla þá mjólk sem það hefur greiðslumark fyrir er greiðslumark vegna framleiðslu umfram greiðslumark skipt hlutfallslega á milli annarra greiðslumarkshafa eftir ákveðnum reglum. Árið 2016 var ákveðið að festa verðið á greiðslumarki, óháð framboði og eftirspurn. Verðið á greiðslumarki verður lækkað handvirkir á hverju ári þar til það verður verðlaust, nema annað verði ákveðið við endurskoðun búvörusamninga 2019 (Reglugerð um stuðning í nautgriparékt nr. 1181/2017).

Sama þróun úti í heimi

Benda skýrsluhöfundar á að sama þróun hafi orðið í Evrópusambandslöndunum, Noregi og Kanada hvað varðar fækkun og stækkun býla. Þá hafi mjólkurkvóti verið afnuminn í ESB löndunum 2015. Á mótí hafi evrópskir mjólkurbændur möguleika á að

sækja um mismunandi stuðning til yfirvalda og ber þar helst að nefna styrki til ræktunar og gripagreiðslur. Þá geta bændur fengið stuðning frá byggðaaætlun ESB, sem er ætlað að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðunum og styðja við bændur í dreifðum byggðum.

Þar sem Svíþjóð er eitt aðildarlandanna er þeirra kerfi svipað og í ESB. Svíar ganga þó lengra þegar kemur að reglum, t.d. um notkun sýklalyfja, erfðabreytt matvæli, velferð dýra o.fl.

Kerfið í Noregi er að mörgu leyti líkt íslenska kerfinu, þar er mjólkurkvóti og beingreiðslur. Norðmenn skipta landinu upp í 14 greiðslumarkssvæði. Verslun með kvóta verður að eiga sér stað innan hvers svæðis. Eign kvóta fylgir jörðinni og þegar kvóti er seldur skulu að lágmarki 20% hans innleyst af ríkinu. Í Kanada er mjólkurkvóti en þar hafa búin ekki tæknivæðst að sama skapi og hér og í löndunum í kringum okkur. /HKr.



Lítið hús 31 - 40m²

Sælureitur

Þjóðum vönduð heilsárshús, hönnuð og framleidd fyrir íslenskar aðstaður sem henta jafnt sem lítil íbúðarhús, sumarhús og til útleigu.

- Vönduð viðarklæðning á veggjum í lit að eigin vali.
- 150mm einangrun í gólfi og veggjum.
- 225mm einangrun í lofti.
- Vandað vinilparket á gólfum.
- 18m² viðarpallur fylgir með.
- **Þetta hús er einnig fánlegt 35 og 40m².**


Fullbúið 31m² hús með gólfefnum, húsgögnum og palli.

Verð aðeins

kr. **6.990.000**

án vsk (8.667.600 m. vsk)*

Öll húsin eru íslensk hönnun og byggðar í samræmi við íslenskar byggingareglugerðir.



2 fullbúin herbergi - 40m²

Náttstaður

Þjóðum fullbúið 40m² heilsárshús með 2 íbúðum sem hentar mjög vel til útleigu eða sem aðstaða fyrir starfsmenn.

- Vönduð viðarklæðning á veggjum í lit að eigin vali.
- 150mm einangrun í gólfi og veggjum.
- 225mm einangrun í lofti.
- Vandað vinilparket á gólfum.
- Góð hljóðeinangrun á milli herbergja.
- 22m² viðarpallur fylgir með.

Fullbúið hús með gólfefnum, húsgögnum og palli.

Tilboðsverð

kr. **7.980.000**

án vsk (9.895.200 m. vsk)*

Öll húsin eru íslensk hönnun og byggðar í samræmi við íslenskar byggingareglugerðir.

JÖTUNN
BYGGINGAR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Sími 480 0480 // byggingar@jotunn.is // www.jotunn.is

*Öll verð miðast við gengi EUR 133.



Um 67% af 10,5 milljónum bújarða innan Evrópusambandsins eru minni en 5 hektarar:

Um 3,3% býla ráða 52,5% af öllu landbúnaðarlandi í ESB

– Litlum búum hefur fækkað um 4,2 milljónir frá 2005 á sama tíma og stórbúunum fjölga

Í yfirlitsskýrslu um landbúnað í ESB ríkjunum sem kom út hjá Eurostat í nóvember 2018 kemur fram að búum er stöðugt að fækka innan sambandsins og voru þau komin í 10,5 milljónir árið 2016. Hafði búum þá fækkað frá 2005 um 4,2 milljónir.

Hlutfallslega hafa flest bú lagst af í Póllandi frá 2005 og var fækkunin þar 1,1 milljón, eða 43%. Þá hefur hefur einnig fækkað um 34% á Ítalíu en þar er fjöldi búa sem hætt hafa rekstri um 600 þúsund. Í Rúmeníu hafa 800 þúsund bú hætt starfsemi á fyrrnefndu tímabili sem er um 20% af heildarfjöldanum.

Flest búin inna ESB svæðisins eru mjög smá í sniðum og tveir þriðju með innan við 5 hektara jarðnæði. Minnsta fækkun búa hefur verið á Írlandi.

Um fjórðungur, eða 25,1%, allra bænda í ESB sérhæfðu sig í dýraeldi á árinu 2016. Þá var rétt rúmlega helmingur, eða 52,5%, að stunda akuryrkju. Í öðrum og blönduðum búgreinum voru 21,1% bænda.

Heildarnýting landbúnaðar á landi í ESB löndunum er 47,1%

Um 9,7 milljónir manna störfuðu við landbúnað í ESB ríkjunum á árinu 2016. Í heild eru bændur í Evrópusambandslöndunum að nýta 173 milljónir hektara undir sína framleiðslu, en það er 38,8% af landrymi ESB landanna. Þar við bætist reyndar skógrækt með 6,2% og annar landbúnaður með 2,1%. Í heild er því verið að tala um að 47,1% landnýtingar í Evrópusambandslöndunum að meðaltali sé vegna landbúnaðar.

Sum lönd með allt að 70% landrymis undir landbúnað

Landbúnaðarland í sumum ESB landanna er yfirgnæfandi hlutfall alls lands eins og á Írlandi þar sem það er um 70%, í Bretlandi 65,7% og 60,9% í Danmörku. Þessu er öfugt farið í löndum eins og Finnlandi, þar sem ræktarland annað en skógrækt er ekki nema 6,5% lands og í Svíþjóð er hlutfallið litlu meira, eða 6,9%. Þessi tvö norrænu ríki innan ESB eru reyndar einu löndin í sambandinu þar sem skógræktarhluti landbúnaðarins er að nýta meira land en annar landbúnaður.

Stórbýlin ráða ríflega helmingi lands

Einungis um 3,3% býla innan ESB eru með um eða yfir 100 hektara jarðir og hafa þannig undir sínum handarjaðri 52,7% af öllu jarðnæði í landbúnaði í sambandinu. Slíkum risabúum hefur verið að



Einungis um 3,3% býla innan ESB eru með um eða yfir 100 hektara jarðir og hafa þannig undir sínum handarjaðri 52,7% af öllu jarðnæði í landbúnaði í sambandinu. Slíkum risabúum hefur verið að fjölga á undanförunum árum.

Íslandi samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Viðskipti með landbúnaðarvörur voru þá í heild 7,4% af heildar

vöruskiptum Evrópusambandsins á heimsvísu. Hafa slík viðskipti tvöfaldast á 15 árum og námu 275 milljörðum evra á árinu 2017. Hlutfallslega mest milliríkjaviðskipti með landbúnaðarvörur voru við

Bandaríkin, eða sem nam 33,3 milljörðum evra. Þangað fóru líka um 16% af öllum útflutningi landbúnaðarframleiðslu ESB á ári 2017. Mest var hins vegar flutt inn af landbúnaðarafurðum frá Brasilíu.

Hlutfallslega flest bú og minnst framleiðni í Rúmeníu

Hlutfallslega er mestur fjöldi býla í Rúmeníu en þar er einnig hlutfallslega langminnst framleiðni í landbúnaði. Þar á eftir kemur Pólland. Framleiðnin er aftur á móti mest á hvert býli í Hollandi, Danmörku, Frakklandi, Þýskalandi, Belgíu, Bretlandi og í Tékklandi.

Um 310 milljónir tonna af korni

Á árinu 2017 voru framleidd 309,9 milljónir tonna af korni sem var 8,2 milljóna tonna aukning frá árinu áður, en á 1,6 milljónum hektara minna landsvæði. Þar af voru framleidd um 142,6 milljónir tonna af hveiti.

Um 45 milljónir tonna af kjöti

Þá voru framleidd 45,2 milljónir tonna af kjöti á árinu 2017 og um helmingur, eða 23,4 milljónir tonna, af því var svínakjöt. Mjólkurframleiðslan nam svo 170,1 milljón tonna.

Framleiðsla á nautgripakjöti stóð þá í stað á milli ára, en aukning var í öllum öðrum greinum landbúnaðarframleiðslunnar á árinu 2017, nema í svínakjötsframleiðslunni sem dróst um 0,9%.



Verð á landbúnaðarafurðum hækkar

Verð á landbúnaðarafurðum hækkaði talsvert á árinu 2017. Þannig hækkaði meðalverð á mjólk um 17,1%, svínakjöt um 8,3% og korni um 3%. Einnig hækkadi verð á nautakjöti um 2,2% og kjúklingi um 1%. Verð á kinda- og geitakjöti hefur hins vegar verið á niðurleið og lækkaði um 1,4% á árinu 2017.

Nú af hverjum tíu bændum eru eldri karlar

Þegar litið er til kynskiptingar og aldurs í landbúnaði í ESB ríkjunum, þá voru um 71,5% bænda eldri karlar á árinu 2016 og einungis 10,6% þeirra voru 40 ára eða yngri. Fram kemur í skýrslunni að mikill munur er á milli landa hversu hátt verð er á jörðum og leigu jarða. /HK/

Árlegur meðalvöxtur fjárfestinga í landbúnaði 2009 til 2017



Árleg meðalvöxtur fjárfestinga í landbúnaði er lykilatriði til að geta metið framtíðargetu greinarinnar í hverju landi að mati hagfræðinga Eurostat. Eins og sjá má hefur meðalvöxtur fjárfestinga verið næsthæstur á Íslandi svo út frá þeim mælikvarða ættu íslenskir bændur að geta litið bjartari augum til framtíðar en flestar aðrar Evrópuþjóðir. Vaxtaþróun, aukinn innflutningur og gengi krónunnar geta þó skipt sköpum í því dæmi hér á landi eins og reynslan sýnir.

fjölga á undanförunum árum. Þó stórbúin ráði ríflega helmingi landbúnaðarlandsins, þá eru fjölskyldubúin samt enn ríkjandi í evrópskum landbúnaði.

Landbúnaður ESB skilar sama hlutfalli af landsframleiðslu og á Íslandi

Landbúnaður innan Evrópu-

sambandsins skilaði um 1,2% af vergri landsframleiðslu (GDP) ESB ríkjanna á árinu 2017 samkvæmt tölum Eurostat. Það er nákvæmlega sama hlutfall og á



GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Sverðburkni.

Fallegur sverðburkni er híbýlaprýði

Ein af algengustu „grænu“ pottaplöntunum á Íslandi er sverðburkinn (Nephrolepis exaltata) sem prýtt hefur mörg heimili, stofnanir og fyrirtæki til margra áratuga.

Þessi tegund er auðveld í umhirðu og allir sem hafa yndi af pottablómaraektun ættu að ná góðum árangri við ræktun þessarar fallegu stofuplöntu.

Íslenskir garðyrkju-bændur sem sinna framleiðslu pottablóma eru um þessar mundir vel birgir af sverðburkna í gróðurhúsum sínum og því er ekki úr vegi að kynnst honum ögn nánar.

Uppruninn í Mið- og Suður-Afríku

Náttúruleg heimkynni tegundarinnar eru skógar og deiglendi í Mið- og Suður-Ameríku, í Vestur-Indíum og í Afríku. Upp af lágum jarðstöngli sverðburknans vex fjöldi langra laufblaða sem veita plöntunni lögun og form sem minnir á framandi gróður regnskóga og hitabeltis. Margskipt laufblöðin eru ljósgræn með fjöldamörgum hroknum blöðkum, sem aftur geta skipst í enn finlegri smáblöðkur.

Laufkrónan er fagurlega sveigð og myndar glæsilegt, nærri hnöttótt form sem sómir sér hvarvetna vel, jafnt á borði og blómastandi, í gluggakistu sem og í hengipotti.



Þarf að úða reglulega með vatni

Þótt umhirða sverðburkna sé ekki flókin þarf að uppfylla nokkur atriði til að hann nái góðum þrifum. Loftraki þarf að vera nokkru hærri en algengt er í flestu húsnæði. Til að mæta því þarf að úða hann reglulega með finnum vatnsúða við stofuhita og koma honum ekki fyrir nærri ofni eða öðrum hitagjöfum. Miða mætti við 80% loftraka til að honum líði vel.

Sverðburkni þolir vel venjulegan stofuhita en hann getur einnig þrifist við hita allt niður í

10°C um tíma án þess að hljóta skaða af. Ef hitastigið er í hærri lagi þarf sérstaklega að huga að því að úða plöntuna með vatni til að halda nægilega háum loftraka.

Birtukröfurnar eru hóflegar eins og títt er um burkna. Því má velja sverðburknanum stað þar sem nokkurs skugga gætir. Á of dimmum stað dregur þó töluvert úr vexti og fram geta komið blaðskemmdir.

Vöxturinn getur verið hraður frá vori og fram eftir sumri. Búast má við að plantan tvöfalda umfang sitt árlega fyrstu tvö til þrjú árin en eftir það verður vöxturinn hægari. Umpottun á útmánuðum er ætíð til bóta til að tryggja góð þrif. Veljið rakaheldna pottamold sem gjarnan má innihalda dálítið af safnhaugamold.

Auðvelt að fjölga

Auðvelt er að fjölga plöntunum um leið og umpottun er framkvæmd. Hliðargreinar með smárotum eru þá teknar af og komið fyrir í litlum pottum og þeim haldið vel rökum fyrstu vikurnar.

Huga þarf vel að vökvun og gæta þess að pottamoldin þorni aldrei um of. Á mesta vaxtartímanum er sverðburkinn vökvaður tvisvar-þrisvar í viku með daufri áburðarblöndu í annað hvert skipti. Til dæmis má miða við að nota algengan blómaáburð, einn tappa af áburði í 2 l af vatni. Á veturna er haldið áfram að vökva þannig að moldin í pottinum þorni aldrei alveg, en áburðargjöf er óþörf í mesta skammdeginu.

Fallegur sverðburkni er mesta híbýlaprýði, sem veitir fersk og hlýleg hughrif.

*Ingólfur Guðnason,
brautarstjóri garðyrkju-
framleiðsluviðs*

Kálflugudúkar

Við tökum við pöntunum á kálflugudúk til 15. mars n.k.

Garðyrkjubændur athugið!

Við tökum við pöntunum á kálflugudúk til 15. mars n.k.

Stærðir: 13x100m og 13x200m

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Bændablaðið
Auglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

2017-2018 Fyrirmyndaryfirtæki í rekstri
2018 Framfarisskaraendil Yfirtæki

REKI

VIÐ ÞÖKKUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR
30 FARSÆL ÁR Í REKSTRI OG HORFUM
STOLTIR FRAM VEGINN.



REKI EHF

HÖFDABAKKA 9

110 REYKJAVÍK

www.reki.is

SÍMI: 562 2950

Þjónn í 53 ár

– Hörður Sigurjónsson kveður vinnufélagana á Hótel Sögu og segist hafa átt þar dásamlegan tíma á skemmtilegum vinnustað

Hörður Sigurjónsson, gæða- og sölustjóri veitingasviðs Hótel Sögu, hefur starfað í veitingabransanum í 53 ár, lengst af sem þjónn. Hörður, sem hætti störfum í dag, segir þjónsstarfið afskaplega skemmtilegt en á köflum hefði ekki sakað að hafa gráðu í sálfræði eða heimspeki til að grípa til samhliða barþjónustunnar.

„Ég byrjaði á Hótel Sögu sem nemi í framreiðslu 1. maí 1966 og útskrifaðist 1969. Fékk frí frá Hótel Sögu til að taka að mér hóteltjórastarf á Hótel Stykkishólmi og stjórnaði því fyrstu tvö árin og kom svo aftur á Hótel Sögu, og starfaði sem þjónn á Sögu til 1981, eða þar til ég söðlaði um og fór til Ólafs Laufdal sem var að opna Broadway í Mjódd. Var yfirþjónn á Broadway í Mjódd frá því að staðurinn var opnaður 6. nóvember 1981 og flutti síðan á Hótel Ísland í Ármúla 9, þegar sá staður var opnaður sem stærsti skemmtistaður Íslands og tók allt að 1.200 gesti í mat.“

Hörður starfaði sem þjónn á Naustinu í nokkur ár og sölustjóri á Restaurant Reykjavík og FoodCo sem rak á þeim tíma staði eins og Lækjarbrekku, Sjávarkjallarann, Greifann á Akureyri og nokkra skyndibitastaði, eins og til dæmis American Style.

Oft kvöld- og næturvinna

Hörður réði sig svo aftur á Hótel Sögu og hefur starfað þar síðan þá og hefur því alls starfað um þrjátíu ár á hótelinu.

„Samkvæmt kennitölunni átti ég að hætta að vinna fyrir nokkrum árum en hóteltjórinn, Ingibjörg Ólafsdóttir, sagði að ég mætti vinna eins lengi og ég vildi, en núna er kominn tími til að hægja á eftir 53 ár.“

Þjónsstarfið felur oft í sér óreglulegan vinnutíma en fyrstu árin mín á Sögu vann ég mest á Grillinu og þá vorum við búnir á kristilegum tíma. Þetta voru morgun- og kvöldvaktir og vinnutíminn þá oftast undir miðnætti og maður var kominn heim fljótlega eftir það. Eftir að ég flutti mig á Broadway breyttist vinnutíminn mikið og alltaf opið til þrjú á nóttunni um helgar og maður oft ekki kominn heim fyrr en undir fimm til sex á morgnana.“

Skemmtilegt á Astralbarnum


„Af minni reynslu er mjög skemmtilegt að vinna sem þjónn. Sérstaklega fannst mér gaman að starfa sem barþjónn á Astralbarnum á Sögu sem var opinn í hádegina og á kvöldin þar sem ég var í mörg ár. Á þeim tíma var maður mikið í spjallinu meðfram því að skenkja í glös. Það voru minni læti á barnum á þeim tíma og menn komu til að fá sér drykk. Það var mikið um fastakúna sem komu til að spjalla og þá hefði oft verið gott að hafa gráðu í sálfræði og jafnvel heimspeki meðfram þjónsreynslunni, sérstaklega þegar umræðurnar urðu þungar. Sama stemning var oft til staðar á Naustinu.“

Stemningin var aftur á móti önnur á Broadway sem var stór



Hörður Sigurjónsson, gæða- og sölustjóri veitingasviðs Hótel Sögu, lætur af störfum í dag eftir 53 ára starf í veitingabransanum.

Mynd / HKR.



Hörður nýbyrjaður í námi hjá Grillinu á Sögu árið 1966.



Hörður ásamt Rannveigu Ingvarsdóttur, eiginkonu sinni, í afmæli finnsku barþjónasamtakanna um borð í ferju á siglingu milli Helsinki og Stokkholms. Hörður var á þessum tíma formaður Barþjónaklúbbs Íslands.



Formenn Norrænu barþjónasamtakanna í 30 ára afmælishófi Barþjónaklúbbs Íslands sem var haldið á Naustinu 1993.

skemmtistaður og satt best að segja urðu einhvers konar straumhvörf í veitingabransanum með tilkomu staðarins. Með opnun Broadway í Mjódd skapaðist stemning fyrir því að mæta klukkan sjö og fá sér að borða, síðan var sýning, oft með frægum erlendum skemmtikröftum, og ball á eftir. Oft skiptist kúnnahópurinn um það leyti sem

böllin voru að hefjast. Fólk sem kom í mat og á sýninguna fór iðulega milli ellefu og hálf tólf eftir að hafa tekið nokkra snúninga og í þeirra stað kom balltraffíkin með yngra fólki og biðröð dauðans fyrir utan.

Oft kom það fyrir að ég þekkti svo marga sem voru að biða eftir að komast inn að það þýddi ekkert

fyrir mig að fara í anddyrið því þar voru svo margir sem maður þekkti að biðja mann um að taka sig inn fram fyrir röðina sem var alltaf fyrir utan. Staðurinn var með leyfi fyrir ákveðnum fjölda gesta og þegar var orðinn húsfyllir mátti bara hleypta inn jafnmörgum og fóru út.

Síðar breyttist þessi ballmenning mikið þegar pöbbarnir opnuðu hver af öðrum í miðbænum.

Túr með Gullfossi

„Á meðan ég var lærlingur á Sögu, 1968, hafði Guðmundur bryti samband við mig og spyr hvort ég geti farið einn jólatúr með Gullfossi og reddað öðrum þjóni með mér. Ég fékk félagá minn sem var að læra með mér á Sögu að koma með mér og við samþykktum túrinn með því skilyrði að konurnar okkar kæmu með og það var samþykkt, og var hann mjög skemmtilegur fyrir okkur.

Jólatúrinn var árviss og farið til Leith í Skotlandi, Kaupmannahafnar og Hamborgar og sömu leið heim. Siglingin var vinsæl og merkisfólk í þjóðfélaginu sem fór með ár eftir ár. Í þessum ferðum voru kvöldvökur og dansleikir á kvöldin um borð á siglingunni og mjög langur vinnudagur hjá þjónustuliði og hljómsveitinni um borð, við félagarnir tókum flestar morgunvaktirnar og þess vegna urðu vinnudagarnir ansi langir, en skemmtilegar minningar eftir á.

Kynntist konunni á Sögu

Hörður kynntist Rannveigu Ingvarsdóttur, eiginkonu sinni, á Hótel Sögu þar sem hún var að læra hárgreiðslu.

„Rannveig hóf nám í hárgreiðslu sama dag og ég hóf þjónanám. Það var ball í Sigtúni, gamla Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll, um kvöldið þar sem Dúmbó og Steini voru að spila. Þar dansaði ég við Rannveigu fyrsta dansinn og við höfum dansað saman í 53 ár síðan þá.

Margar skemmtilegar uppákomur

Að sögn Harðar man hann eftir mörgum skemmtilegum uppákomum í gegnum tíðina.

„Ég gæti eflaust skrifað eina eða tvær bækur með skemmtilegum sögum af viðskiptavinum á barnum en við framreiðslumenn erum bundnir þagnarskyldu, eins og lækna og prestar, enda kæmumst við ekki í gegnum starfið ef við værum alltaf að bláða um kunnana. Ég lít reyndar svo á að fólk verði að njóta ákveðinnar friðhelgi þegar það er komið inn á skemmtistaði.

Árið 1973, þegar Danadrottning kom í opinbera heimsókn til Kristjáns Eldjárn og Halldóru, var

Tveir af verðlaunadrykkjum Harðar í kokteilkeppnum Stripper

Fyrstu verðlaun 1981

3 cl. vodka
1,5 cl kakólikjör, ljós
1,5 cl kókoslíkjör
barsk. flórsykur

Hristur
Fyllt með appelsínusafa
Skreyting:

Ferskur ananas, 2 rauð kirsuber, rör, hræripinni, barskeið Grenadine á toppinn á drykknum.

Brodway önnur verðlaun 1982

2 cl Rom Bacardi
1 cl amaretto
3 cl appelsínusafi Trópíkana
Dash bananalíkjör Bols
Dash bananacolada mix

Hristur
Skreyting: Sítrónusneið, tvö kirsuber, kokteilpinni



Árshátíð í átthagasal Hótel Sögu sem var forveri Sunnasalarins.

haldin veisla fyrir drottninguna í Súlnasalnum. Eins og margir vita reykir Margrét Þórhildur mikið og ég hafði það eina hlutverk um kvöldið að standa, ekki allt of nærri henni, með öskubakka og passa að hún dræpi í sigarettunum í honum. Þegar Margrét kom svo aftur í ár varð ég þeirrar ánægju aðnjótandi að vinna í móttöku fyrir hana í Veröld – Húsi Vigdísar Finnbogadóttur. Henni var sagt þá að ég hefði líka verið í veislunni 1973 og henni fannst það skemmtilegt og tók í höndina á mér og þakkaði mér fyrir.

Margir þekktir gestir komu á Sögu á árum áður og er mér sérstaklega minnisstæður leikarinn Alec Guinness, sem kom í nokkur skipti og borðaði alltaf morgunmat við sama borðið á Grillinu. Hann sagði mér að hann kæmi til Íslands

til að slaka á og fá að vera í friði með konunni sinni og laus við allt áreiti.

Ég afgreiddi líka hér á Sögu meðal annarra Charlton Heston, Ellu Fitzgerald og Louis Armstrong,“ segir Hörður.

Dásamlegur tími á skemmtilegum vinnustað

„Seinni árin mín á Sögu hef ég lítið verið í beinni þjónustu við kunnana en því meira í stjórnun og gæðamálunum. Mig langar í lokin að fá að þakka öllu því góða fólki sem ég hef unnið með og kynnst í húsinu fyrir gott samstarf og góð kynni og gildir það jafnt fyrir alla, hvaða starfi sem þeir starfa í húsinu. Þetta er búið að vera dásamlegur tími á skemmtilegum vinnustað og takk fyrir mig.“

/VH



baenda
FERDIR

Páskaveisla í Vínarborg

13. - 20. apríl

Vor 3

Fararstjóri: Sigrún Valbergadóttir

Þessi glæsilega páskaveisla hefst í Passau sem er við ármót Dónár, Inn og Ilz í Bæjaralandi og margir telja eitt fegursta borgarstaði Evrópu. Þaðan verður farið til Vínarborgar þar sem fagar byggingar prýða borgina og munum við skoða helstu staði hennar svo sem Schönbrunn höllina og hið þekktu hús Hundertwasser. Ferðin endar svo í hinni heillandi München.

Verð: 214.400 kr. á mann í tvíbýli.

Mjög mikið innifalið!



Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík

spor.ett



Skógræktin auglýsir eftir aðilum til að framleiða alaskaösp

í fjölpottabökkum (FP24/35) til afhendingar árin 2020 og 2021

Lágmarksmagn á framleiðanda er 500 bakkar

Nánari upplýsingar og afhending frekari gagna um framleiðsluna er á hendi Valgerðar Jónsdóttur, verkefnisstjóra fjölgunarefnis

valgerdur@skogur.is

skogræktin

Þýskar 2ja og 3ja hesta kerrur

Opnanlegar bæði með hlera og hurð

Ríkulegur útbúnaður

2ja hesta kerrur frá kr. 1.345.000 m/vsk

3ja hesta kerrur frá kr. 1.590.000 m/vsk



BRIMCO

EFRIBRAUT 6 (við Reykjaland)
270 MOSFELLSBÆ SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



Ein af þremur Caterpillar Twin D8 síamstvíburavélum sem smíðaðar voru af Peterson Caterpillar í Kaliforníu árið 1949 og síðar.

Síamstvíbura-jarðýtur

Þótt Íslendingar megi oft kallast tæknióðir og séu nýjungagjarnir og fljótir til að nýta sér margvíslega tækni, þá er þar margt sem ekki rekur á okkar fjörur. Þar á meðal má nefna síams tví- og þríbura-dráttarvélar og jarðýtur.

Ein slík síamstvíbura-jarðýta var af gerðinni Caterpillar Twin D8. Einungis munu hafa verið smíðaðar þrjár slíkar vélar og því ekki skritið að þær hafi ekki ratað til Íslands.


Var fyrsta slíka vélin smíðuð af Peterson Caterpillar í Kaliforníu fyrir verkataka sem vann við að ryðja skógi við gerð Hungry Horse-stíflunnar í Montana í Bandaríkjunum 1949. Var hún stundum nefnd „Super Pusher Cat“, eða súperýta. Hún var að öllum líkindum notuð til að draga slóða eða stóra stálkúlu sem fest var við keðjur og víra til að rífa niður tré á byggingarsvæði stíflunnar. Einnig mögulega til að draga plóg og eða jarðvegsskrapara [scraper] líkt og notaður var við gerð Ísafjarðarflugvallar í upphafi sjöunda áratugar síðustu aldar.

Önnur síamstvíburavélin fór til kolaorkuvers í Ohio og var ætlað að ryðja upp stórum kolahaugum fyrir orkuverið og var hún með hefðbundinni en risastóri ýtutönn (22 fet) og með vírahífinu.

Líklegt er að þessi sama vél hafi verið notuð við gerð á Garrison-stíflunni á árunum 1950 til 1959 og sjá má á póstkorti frá þeim tíma.




Caterpillar Twin D8 að aftan.



Fyrsta Caterpillar Twin D8 fór til að ryðja skóg við Hungry Horse stífluna í Montana í Bandaríkjunum.



Uppgerð Caterpillar Twin D8 í jarðvegsvinnu.




Póstkort af Caterpillar Twin D8 við Garrison stíflugerðina, sennilega sama vél og var notuð við að ryðja kolum fyrir kolaorkuver í Ohio.



Þriðja síamsvélin af Caterpillar D8 var smíðuð fyrir King Ranch í Texas. Hún var útbúin Holt Funnel trjáruðningsplóg. Hér er hún og líklega er það sonur ýtustjórans sem hér sést stoltur í forgrunni á sinni leikfangaytu.

Þriðja síamsvélin af Caterpillar D8 gerð var smíðuð fyrir King Ranch í Texas. Hún var útbúin með eins konar trjáruðningsplóg [Holt Funnel] sem smíðaður var af Holt Caterpillar umboðsaðilanum í Texas og var beitt með vírahífinu en ekki glussatjökkum. Var vélin notuð til að rífa upp mesquite tré og rótarhnyðjur á King Ranch búgarðinum. Seinna mun Caterpillar D9G hafa tekið við þessu hlutverki tvíburavélarinnar. /HKr.



Holt Funnel trjáruðningsplógur var hannaður til að rífa upp mesquite tré og rótarhnyðjur á King Ranch búgarðinum.



Við Nofima-matvælastofnunina í Noregi starfa um 400 manns á 5 starfsstöðvum víðs vegar um landið sem sérhæfa sig í rannsóknum á sviði matvæla.

Hús máltíðarinnar lyftir matvælum á hærra plan

Matvælastofnunin Nofima í Noregi er ein af stærstu stofnunum í Evrópu innan rannsókna og þróunar sem sérhæfir sig í fiskeldi, sjávarútvegi og matvælaíðnaði. Stofnunin lætur frá sér viðurkenndar alþjóðlegar rannsóknarniðurstöður og lausnir sem gefur atvinnulífina samkeppnisforskot í allri virðiskeðjunni. Velta Nofima á ári er í kringum 7 milljarðar íslenskra króna og eru starfsmennirnir hátt í 400 talsins sem starfa í húsi máltíðarinnar (Máltidets hus) á fimm ólíkum stöðum í Noregi.

Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í Tromsø í Norður-Noregi en rannsóknarhlutinn fer fram á fimm ólíkum stöðum, í Ási, Bergen, Tromsø, Sunndalsøra og Stavanger. Stofnunin skilar rannsóknum til stóra aðila í matvælageiranum eins og mjólkursamlagsins Tine og Orkla en einnig verkefni fyrir iðnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið til að veita ráðgjöf um vélar og umbúðir sem dæmi.

„Hér í Stavanger, í Máltidets Hus, er deild sem sérhæfir sig í aðferðartækni. Deildin hér sérhæfði sig áður fyrr í að þjónusta iðnað sem framleiðir afurðir úr sjó og að finna leiðir til að auka geymsluþol fiskmatvæla. Hér er því unnið með að viðhalda og lengja hráefnisgæðin með notkun á aðferðartækni. Okkar hlutverk er að bæði rannsóknartengd kunnátta og reynslutengd kunnátta matreiðslumeistarara sé tengt saman þegar nýjar vörur og ferlar eru þróaðir. Rannsóknir hjá okkur ná yfir allt frá klassískri hitameðhöndlun og því að varðveita matvælin með sótthreinsun og gerilsneyðingu yfir í nýlegri ferla eins og sous-vide tæknina, hraðri hitameðhöndlun, þökkunartækni, örbylgjum og vinnslu með miklum þrýstingi,“ segir Morten Sivertsvik, rannsóknarstjóri í Stavanger.

Rannsóknarferlið verður að söluveru

Tilraunaherbergi og rannsóknarstofur sem stofnunin hefur yfir að ráða eru í kringum þúsund fermetrar að stærð og gefur örlitla sýn á hversu stór starfsemin er. Deildunum er skipt í fiskihöll, rannsóknarhöll, þökkunarhöll, hitameðhöndlun og rannsóknarstofur.

„Samstarf okkar við matvælafyrirtækið Fjordland er skólábókardæmi í því hvernig rannsóknarhlutinn hjá okkur gefur raunhæfar niðurstöður á matvælum sem fara beint á markað. Fyrirtækið selur meðal annars tilbúna rétti sem urðu til eftir rannsóknir á sous-vide tækninni hérna hjá okkur þar sem maður sýður matinn í þar til gerðum vaccum-pokum,“ segir Morten og bætir við:

„Við vildum iðnvæða sous-vide ferlið og taka það frá pottinum og yfir í stórframleiðslu. Eftir tveggja ára rannsóknir var byrjað að framleiða Fjordland-réttina og nú í dag, 17 árum eftir að þessu var komið á, eru nú 40 mismunandi tilbúnir réttir til sölu í verslunum frá fyrirtækinu og deild Nofima innan aðferðartækni hefur tekið þátt í þróun á mörgum þeirra. Það er engin spurning að við það að safna saman sterku faglegu fólki í eitt hús, eins og hús máltíðarinnar er, þá verður til sameiginlegt svæði þar sem tengslanet skapast, hugmyndir og vörur þróast og niðurstöðurnar verða að söluveru. Með því er markmiði með starfseminni náð.“

/ehg





UTAN ÚR HEIMI

Undur erfðatekninnar:

Klóna forna rauðaviði

Erfðafræðingum hefur tekist að klóna og rækta græðlinga úr stubbum elstu og stærstu rauðaviðartrjánnum sem er að finna Oregon-ríki í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

Samkvæmt frétt sem fréttaritari Bændablaðsins í San Francisco sendi fyrir skömmu hefur hópi plöntu erfðafræðinga, garðyrkjumanna og skógfræðinga tekist að klóna og rækta græðlinga af stubbum rauðaviðartrjáa, Sequoia sempervirens, sem voru felld á síðustu og þarsíðustu öld.

Trén fimm sem verið er að klóna og rækta voru sum hver um 3.000 ára gömul og rúmur 90 metrar að hæð og tíu metrar að þvermáli þegar þau voru felld.

Trén sem búið er að klóna voru valin með tilliti til stærðar og aldurs þeirra. Skógarhöggsmenn fyrr á



Sagan segir að tré á myndinni hafi verið felld árið 1890 vegna veðmáls sem var gert á fyllirri og snerist um það hvort hægt væri að koma 40 manns eða fleiri fyrir á stofni þess.

tímum völdu yfirleitt stærstu og fallgustu trén til að fella þar sem þeir fengu mest fyrir þau. Á sama tíma var oft og tíðum verið að fella trén með besta erfðaefnið og eftir stóðu lakari einstaklingar.

Erfðaefnið sem notað var til að klóna trén fannst í lifandi vef

í rótum trjána og einstaka sinnum í lifandi rötarskotum eða greinum sem trén höfðu sent frá sér eftir að þau voru felld.

Auk þess sem erfðaefni til klónunar var tekið úr rauðaviðartré sem kallast General Sherman og er eitt af allra stærstu trjám í heimi í dag.

Búið er að gróðursetja 75 slíka græðlinga í Presidio þjóðgarðinum skammt frá San Francisco-borg þar sem þeir dafna vel. Eitt hundrað græðlingum hefur líka verið plantað í Cornwall á Bretlandseyjum í samvinnu við Eden-plöntugarðinn. Á næstu misserum stendur til að gróðursetja rauðaviðargræðlinga í að minnsta kosti níu öðrum löndum.

Trén sem um ræðir geta vaxið um allt að þrjú metra á ári og binda gríðarlega mikinn koltvísýring úr andrúmsloftinu á líftíma sínum. /VH

Útivistafatnaður

Thinsulate



Kr: 14.900



Deerhunter

Verðun jakkinn frá Deerhunter er þægilegur og léttur. 3M™ Thinsulate™ Særðir S - 5XL

OLYMPIA

Mjúk og hlý nærföt í störf og leik 100% merino ull allar stærðir



Kr: 5.490

AIRFLO

Airflo Thermotex jakkinn Sterk ytra efni Mjög léttur Sérlega hlýr Tveir renndir vasar Renndur brjóst vasi Góð öndun Hetta stillanleg Stærðir M-XXXL



Kr: 12.900

Vesturröst

Vesturröst - Laugaveg 178 - sími 551 6770 - www.vesturröst.is - vesturröst@vesturröst.is

BÆNDUR ATHUGIÐ

Framleiðnisjóður landbúnaðarins kallar eftir umsóknum 2019

Framleiðnisjóður landbúnaðarins er leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins og kallar nú eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði nýsköpunar og þróunar á bújörðum á vegum bænda (B flokkur).

Forgangs njóta þau verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni, sem líkleg eru til að leiða af sér umtalsverða atvinnusköpun og þar sem stuðningur sjóðsins hefur verulega þýðingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem er að finna á heimasíðu sjóðsins, www.fl.is.

Mikilvægt er að vanda til gerðar umsókna og gera grein fyrir öllum efnisatriðum sem farið er fram á í umsóknareyðublöðunum. Sjóðurinn leggur ríka áherslu á að vanda skuli til gerðar fylgigagna umsókna, s.s. stofnkostnaðar- og rekstraráætla.

Umsóknafrestur er til 7. febrúar 2019 (póststimpill gildir).

Umsóknum skal skilað til **Framleiðnisjóðs landbúnaðarins**, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sjóðsins. Sími 430-4300 / netfang fl@fl.is.



Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes
Sími 430-4300



MouseShield músakítti

Lokar sprungum, rifum og götum til að hindra umferð nagdýra og skordýra



Sölustaðir

Bústópi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
Verzlunin Eyri
Vélavali

STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri

S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

www.bbl.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA
FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm



HUSQVARNA
K 770
Sögunardýpt 12,5 sm



HUSQVARNA
K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm



HUSQVARNA
K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm



HUSQVARNA
DM 230



HUSQVARNA
Steinsagarblöð
og kjarnaborar



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verzlun ehf | Víkurharf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Línuppskera á Bessastöðum á Álftanesi árið 1950.

Mynd / Vigfús Sigurgeirsson og birt með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

Hör spunnið í lín

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Nytjar á hör eru einkum tvenns konar. Annars vegar er plantan ræktuð vegna fræjanna sem hörleisla á hörfræi og hins vegar til að vinna úr henni trefjar sem unnar eru í lín. Línúkar fundust meðal Dauðahafshandritanna og er talið að þeim hafi verið ætlað að verja handritin skemmdum. Plantan er einnig ræktuð sem skrautjurt í gördum.

Tölur um ræktun og uppskeru hörs í heiminum er skipt eftir því hvort plantan er ræktuð til framleiðslu á hörfræi og línolíu eða til textílgerðar. Framleiðsla til textílgerðar er rúmlega 2,6 milljón tonn og um þrjú milljón tonn af fræjum eru framleidd árlega. Tölur frá 2014 sýna að ræktun á hör hefur aukist lítillega undanfarin ár.

Lönd í heiminum sem rækta mest af hör til textílgerðar eru Kanada um 874 þúsund tonn, Kasakstan 420 þúsund tonn, Kína um 390 þúsund tonn, Rússland 365 og Bandaríki Norður-Ameríku tæp 162 þúsund tonn. Af öðrum löndum sem rækta talsvert af hör til vefnaðar má nefna Indland, Frakkland, Úkraínu, Argentínu og Ítalíu.

Kína, Ítalía, Túnis og Litháen eru þau lönd í heiminum sem flytja út mest af líni.

Þegar kemur að framleiðslu á hörfræi er Rússland atkvæðamest og framleiddi tæp 673 þúsund tonn



Hörfræ og línolía.



Hör, hespa og dúkur.

árið 2016. Næst á eftir koma Kanada með 579 þúsund tonn, Kasakstan með um 652 þúsund tonn, Kína 362 þúsund tonn, Bandaríki Norður-

Ameríku rétt rúm 220 og Ítalía með 125 þúsund tonn.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn rúm

59,7 tonn af línfræi til landsins árið 2018. Mestur er innflutningurinn frá Hollandi, rúm 25 tonn, Kasakstan rúm 11,5 tonn og Kína tæp 10 tonn. Auk þess sem línfræi eru flutt inn frá Indlandi, Danmörku, Kanada og Ungverjalandi svo dæmi séu nefnd.

Af hrá-línolíu voru flutt inn rúm 3,8 tonn og þar af mest frá Ítalíu um 2,7 tonn. Af því sem kallað er önnur línolía nam innflutningurinn rétt rúmum tveimur tonnum, þar af 704 kíló frá Ítalíu og 555 kíló frá Finnlandi.

Af ein-, tví- og margþráða hör-garni voru flutt inn 73 kíló og mest frá Egyptalandi, 43. Af öðrum eða bleyttum hör voru flutt inn 800 kíló frá Hollandi árið 2017. Af tánum eða forunnum en óspunnum hör rúm 1,6 tonn og mest frá Belgíu og 65 kíló af hörredda og hörúrgangi frá Ítalíu, Belgíu og Kína.

Auk þess sem talsvert er flutt inn af líni og hör sem vefnaðarvara og klæðnaður

Ættkvíslin Linium

Um 200 tegundir blómstrandi plantna tilheyrja ættkvíslinni Linium, allar eru upprunar í tempraða beltinu og eru ein- eða fjölærar. Talsvert útlitsleg líkindi eru með plöntum innan ættkvíslarinnar. Flestar bera blá eða gul blóm, en einstaka skarta hvítum, bleikum eða rauðum blómum, með mislögum frævlum og stílum.

Villilín, *L. catharticum*, finnst villt á nokkrum stöðum á Íslandi þar sem það vex á láglendi með öðrum gróðri í graskennendum mómum og hlíðum.

Jurtin er fingerð 10 til 20 sentimetrar að hæð og með hvítum og allmörgum blómum á hverri plöntu. Rót villilíns er sögð losandi og eru alþýðuheitin laxerlín á sænsku og purgerlín á norsku og dönsku dregin af því.

L. usitatissimum er mest ræktaða lín í heimi og plantan frænka íslenska villilínsins.

Linium usitatissimum

Einaer jurt. Upp af trefjarót vex grannur stöngull sem nær allt að 120 sentimetrar hæð og ber nokkur hvít eða ljósblá og fimmdeild blóm sem eru milli 15 og 25 millimetrar að þvermáli og vaxa nokkur saman í kvíslskúf. Býflugur sjá um frjóvgun blómanna. Blöðin blágræn, mjólesulaga 20 til 40 millimetrar að lengd og þrjú millimetrar að breidd. Aldnið belgaga 5 til 9 millimetrar í þvermál og fræin brún eða gulleit og sviðuð eplafræjum að lögun, 4 til 7 millimetrar að lengd.

L. usitatissimum er helsta nytjaplantan innan ættkvíslarinnar og með elstu plöntum í heimi sem ræktaðar eru vegna trefjanna og til textílgerðar. Í dag er plantan einnig og ekki síður ræktuð vegna fræjanna og úr þeim unnin línolía.

Plantan þekktist ekki villt í náttúrunni en er líklega ræktunarafríggði *L. biennne* sem er upprunnin við Miðjarðarhafið og austanverðri Evrópu. Líkt og með aðrar plöntur sem lengi hafa verið í ræktun er til fjöldi höryrkja hvort sem er afbrigðum sem eru ræktað og kynbætt til trefja- eða fræframleiðslu.

Helga Kristín Sæbjörnsdóttir ráðin verkefnastjóri nýs Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál á Laugarvatni:

Snýst um aukna upplýsingamiðlun, námskeiðahald fyrir fulltrúa stjórnsýslunnar og stefnumótun

Helga Kristín Sæbjörnsdóttir hefur verið ráðin verkefnisstjóri nýs Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál sem hefur tekið til starfa á Laugarvatni í húsnæðinu þar sem íþrótafræðasetur Háskóla Íslands var áður á Laugarvatni.

— Ríkið leggur 36 milljónir króna til nýja setursins næstu þrjú árin. En hver er Helga Kristín og út á hvað gengur nýja starfið?

„Ég er fædd í Reykjavík en ólst upp á Egilsstöðum í eldri hluta bæjarins í nálægð við Egilsstaðabýlið og með útsýni til Snæfells. Ég kláraði stúdentspróf við Menntaskólann á Egilsstöðum, kom við á Hólum í Hjaltadal þar sem ég nam ferðamálafræði og lauk þaðan diplómaprófi. Síðan lá leiðin um allar trissur en ég endaði á Laugarvatni þar sem ég hóf nám í íþrótafræði við Kennaraháskólann sem varð svo að Háskóla Íslands meðan á náminu stóð. Ég lauk námi í íþróta- og heilsufræði með kennararéttindi 2010. Ég og maðurinn minn, Bjarni D. Danielsson, drifum okkur saman í meistaranám en við förum í fjarnám í forystu og stjórnun við Háskólann á Bifröst haustið 2016 og útskrifuðumst árið 2018, ég í febrúar en hann í ágúst.“

Helga Kristín og Bjarni kynntust í gegnum Björgunarsveitina Ingunni á Laugarvatni þar sem hann sinnti formennsku. Þau bjuggu í Miðdal þar til sumarið 2017 þegar þau fluttu á Laugarvatn. Saman eiga þau tvö börn, Theodóru Þuríði, fæddá 2010 og Arnald Inga, fæddan 2012. Bjarni átti þrjú börn fyrir sem eru í dag orðin stálpuð og búa í Reykjavík og Danmörku. Fjölskyldan á einn heimilisvininn og hundinn Lisu.

Langar að hafa jákvæð áhrif á stjórnsýsluna

— En hvað kom til að Helga Kristín ákvað á sækja um nýja starfið á Laugarvatni?

„Mig langaði að breyta til og láta til mín taka á nýjum vettvangi. Í gegnum námið á Bifröst jókst áhugi minn á stjórnun og þá sérstaklega breytinga- og krísustjórnun. Þegar ég skrifaði meistaraverkefnið mitt las ég mikið um hið opinbera og þá starfsemi sem á sér stað innan stjórnsýslunnar og það vakti áhuga minn. Þar að auki þurfti ég að hafa samband við nokkur sveitarfélög í tengslum við rannsóknina mína sem fjallaði um innleiðingu heilsueflandi samfélags í opinberum rekstri. Sú upplifun var áhugaverð og jókst þá áhugi minn enn frekar á starfsemi opinberra stofnana. Mig langar að hafa jákvæð áhrif á stjórnsýsluna og það verður mitt markmið með starfinu sem leggst afar vel í mig.“

Upplýsingamiðlun, námskeið og stefnumótun

Helga Kristín segir að starfið sé nýtt og í mótun og því erfitt að segja nákvæmlega út á hvað það gangi en ákveðin sýn sé þó komin á hlutina sem á eftir að festa betur í stefnu og markmiðasetningu fyrir Rannsóknasetrið.

„Í mjög stuttu máli sagt er aukin upplýsingamiðlun, námskeiðahald fyrir fulltrúa stjórnsýslunnar og stefnumótun þó stór partur af því sem fram undan er, auk þess að styðja þarf vel við rannsóknir og þróun í stjórnsýslufræðum. Þau verkefni sem unnið verður að til að byrja með munu miðast við þessa þætti meðal annars, en listinn er langur og skemmtilegur og af nógu að taka. Ég verð ein með aðsetur á Laugarvatni en í góðu samstarfi við fulltrúa okkar



Helga Kristín sem er fædd í Reykjavík en ólst upp á Egilsstöðum. Í dag býr hún á Laugarvatni með eiginmanni og börnum. Mynd / Ivar Sæland



Helga Kristín að róla með Theodóru Þuríði og Arnaldi Inga í skóginum á Laugarvatni. Mynd / einkasafn

innan félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Teymisvinna er mikilvæg í starfi sem þessu og mun ég því ferðast eitthvað á milli,“ segir Helga Kristín.

Horfir á pólitík með opnu hugarfari

Þegar Helga Kristín er spurð um



Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands og Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra sveitarstjórnarmála, undirrituðu samning um nýja rannsóknar- og fræðasetrið á Laugarvatni í haust á ársfundum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Nýja setrið er hluti af Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands en stofnunin og stjórnmálafræðideild skólans hafa lagt áherslu á rannsóknir á sviði sveitarstjórnarmála. Mynd /Magnus Hlynur Hreiðarsson



Helga Kristín og Bjarni Dan giftu sig 25. júlí 2015, mynd tekin við Laugarvatn. Mynd / einkasafn

áhuga sinn á sveitarstjórnarmálum er hún ekki lengi að svara.

„Já, mér finnst sveitarstjórnarmál mjög áhugaverð. Uppbygging sveitarfélaganna er svo fjölbreytt en samt þurfa allir að starfa innan sama ákveðna ramma. Svo bætist við rekstur og samkeppni einkaaðila sem veitir þessu enn meiri fjölbreytni

og flækjustigið eykst þegar horft er á stærð og ekki síður staðsetningu. Þessi fjölbreytni í annars hægu umhverfi getur verið mjög áhugaverð og margir sem geta lært af reynslu og þekkingu annarra þegar kemur að sveitarstjórnarmálum. Ég hef aldrei setið í sveitarstjórn, er óflokksbundin og reyni frekar að horfa á pólitík með opnu hugarfari.“

Efla þarf landsbyggðina

Helga Kristín segir mjög brýnt að efla sveitarstjórnartígið enda sé það mjög mikilvægt í íslensku samfélagi. Öllum sveitarfélögum ber jú að veita grunnþjónustu óháð kostnaði og hlúa að íbúum á þann hátt að það sé eftirsóknarvert að búa og starfa innan hvers sveitarfélags.

„Mér finnst það í raun og veru segja allt sem þarf. Ef kjörnir fulltrúar eru ekki samvinnuþýðir til uppbyggingar þá er ólíklegt að fólk vilji staldra við. Kröfur um þjónustu hafa aukist á sama tíma og þjónusta dregst saman og það er töluvert á skjön við það sem ætti að vera. Það verður að vera öflugt samstarf hagsmunaaðila og vilji til samvinnu því bæjarfélögin byggja oftar en ekki á krafti fólksins. Ef fólk er ekki til staðar þá er ekki mikil orka í sveitarstjórnarmálum og hlutir komast síður í framkvæmd. Að mínu mati þarf að efla landsbyggðina og ýta undir þekkingu og reynslu þeirra sem þar vilja búa en fyrst verður að tryggja að grunnþjónusta sé til staðar.“

Fyrstu verkefni

Fyrstu verkefni Helgu Kristínar eru að hitta samstarfsfólk sitt í Reykjavík hjá Háskóla Íslands og koma sér svo fyrir á Laugarvatni. Fram undan er frekari stefnumótun og markmiðasetning fyrir Rannsóknasetrið, sækja þarf um styrki til frekari rannsókna og efla upplýsingamiðlun. Hún segist reikna fastlega með því að verkefnum verði forgangsraðað fljótlega eftir að formleg opnun setursins er afstaðin.

Staðsetningin frábær á Laugarvatni

— En hvað með staðsetningu nýja Rannsóknasetursins á Laugarvatni, er það heppilegur staður undir svona starfsemi?

„Já, staðsetningin er frábær því við höfum mjög gott húsnæði sem nýtist undir ráðstefnur, styttri námskeið eða lengri og kennslu. Auk þess höfum við flotta möguleika á gistingu, frábært drifandi umhverfi í kyrrðinni og yndislegt útsýni og möguleika á útiveru. Í dag fer mikið af samskiptum fram í gegnum netið og því skiptir staðsetningin ekki öllu máli hvað varðar upplýsingamiðlun. En tækifærin eru ótal mörg og styrkir samfélagið okkar herna enn frekar,“ segir Helga Kristín um leið og hún hvetur alla áhugasama að kíkja inn á Facebook-síðuna sem heitir einfaldlega; „Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála“ og svo er líka hægt að fara inn á heimasíðuna www.stjornsyslustofnun.hi.is /MHH



Fjölskyldan fagnar hér afmæli Bjarna Dan í Perlunni, talið frá vinstri: Bjarni Daniel Danielsson, Bjarni Smári Nordby Bjarnason, Þorsteinn Bjarnason, Daniela Karen Bjarnadóttir, Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, Arnaldur Ingi Bjarnason og Theodóra Þuríður Bjarnadóttir. Mynd / einkasafn

Breytingar á regluverki í landbúnaði

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, undirritaði fjórar reglugerðir í landbúnaði 20. desember sl. sem tóku gildi frá og með 1. janúar 2019.

Um er að ræða regluverk í tengslum við framkvæmd á búvörusamningum milli ríkis og bænda. Reglugerðirnar eru að mestu óbreyttar á milli ára, en þetta eru reglugerðir um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018, um stuðning við nautgriparkætt nr. 1261/2018, um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1262/2018 og um stuðning við garðyrkju nr. 1263/2018. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vann að endurskoðun reglugerðanna í samstarfi við búnaðarstofu Matvælastofnunar og Bændasamtök Íslands.

Þó að ekki hafi verið gerðar grundvallarbreytingar á regluverkinu, þá þurfti að gera ákveðnar breytingar í ljósi reynslunnar og skal gerð grein fyrir helstu breytingum í þessari grein.

Pak sett á tilboð um kaup á greiðslumarki í mjólk

Í reglugerð um stuðning við nautgriparkætt er sett þak á það magn sem framleiðandi getur óskað eftir kaupum á. Þakið er 100.000 lítrar á búsnúmer sem framleiðandi getur óskað eftir á hverjum innlausnardegi. Þessi breyting er gerð þar sem tilboð um kaup á greiðslumarki var komið upp úr öllu valdi, og t.a.m. óskaði einn framleiðandi á síðasta ári eftir kaupum á 145 milljónir lítra, það er allt heildargreiðslumark mjólkur í landinu. Úthlutun greiðslumarks sem er í boði hverju sinni er skipt hlutfallslega í samræmi við þann lítrafjölda sem framleiðandi óskaði eftir.

Þá var innlausnardegi fækkað úr fjórum í þrjú. Innlausnardegar eru þá 1. mars, 1. maí og 1. nóvember.

Á síðasta ári var tekið fyrir tilfærslu greiðslumarks milli lögbýla í eigu sama aðila, sem var undanþága frá meginreglu laga um að aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur eru óheimil.

Heildargreiðslumark mjólkur á framleiðsluárinu 2019 verður óbreytt, eða 145 milljónir lítra, og framleiðsluskylda verður áfram 95%.

Í reglugerðinni um stuðning við nautgriparkætt eru skilgreiningar á mjólkurkúm og holdakúm gerðar ítarlegri í tengslum við gripagreiðslurnar. Þýðingarmikið er að bændur yfirfari skráningar á stofni og framleiðsluformi í HUPPU, skýrsluhaldskerfinu í nautgriparkætt.

Í fjárfestingarstuðningi í nautgriparkætt og sauðfjárrækt er tæknibúnaður, sem ekki getur talist fylgífé fasteignar lögum skv., ekki styrkhæfur. Það hefur skapað ákveðna óvissu með hvaða tæknibúnaður er styrkhæfur, og hver ekki, en nú er þetta skýrt í reglugerðinni.

Stuðningsgreiðslum í sauðfjárrækt flýtt

Ráðherra ákvað með setningu nýrrar reglugerðar að fyrsta greiðsla stuðningsgreiðslna yrði um miðjan janúar í stað febrúar áður. Búnaðarstofa mun greiða mánaðargreiðslur fyrir janúar og febrúar, og næsta greiðsla, sem verður einnig tvöföld (mars og nóvember mánaðargreiðsla), verður þá fyrsta virkan dag í marsmánuði. Greiðslan í janúar byggir á bráðabirgðaársáætlun



Jón Baldur Lorange.

búnaðarstofu, sem verður endurskoðuð fyrir greiðslu í mars. Ársuppgjör stuðningsgreiðslna í sauðfjárrækt fyrir árið 2018 verður síðan að venju í febrúar.

Hvað varðar svæðisbundinn stuðning í sauðfjárrækt þá er bráðabirgðaákvæði um 250 ær fallið úr gildi. Rétthafar stuðnings er þá þeir framleiðendur sem eiga 300 vetrarfóðraðar kindur eða fleiri samkvæmt haustskýrslu 2018. Framleiðendur í Árneshreppi þurfa þó aðeins að eiga 100 vetrarfóðraðar kindur eða fleiri.

Umsóknarfrestur jarðræktarstyrkja og landgreiðslna verður 1. október

Umsóknarfrestur jarðræktarstyrkja og landgreiðslna er færður fram um 3 vikur, eða frá 20. október til 1. október. Þetta er gert til að lengri tími vinnist til úttektarvinnu, sem búnaðarsambönd annast í umboði Matvælastofnunar. Á móti kemur að bændur þurfa að ganga frá umsóknum fyrir.

Ef veðurfar var slæmt undir lok ársins gat reynst erfitt fyrir úttektarfolk að fara í vettvangsheimsóknir á tímabilinu 20. október til 15. nóvember. Heimilt er að vettvangsúttekt fari einungis fram með tilviljunarkenndu úrtaki, óháð umfangi ræktunar. Ef til staðar eru fullnægjandi gervihnattamyndir af umsóttum spildum, sem nægja til úttektar á umsókn, telst það fullgild vettvangsúttekt.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga ákvað fyrir áramót að bæta tjón vegna ágangs álfta og gæsa á árinu 2019. Það er í fyrsta skipti sem slíkt verður gert. Fjármunir verða teknir af potti fyrir jarðræktarstyrki. Umhverfisstofnun er hinn faglegi aðili sem leggur mat á úttektarvinnu í tengslum við bæturnar í samvinnu við búnaðarstofu Matvælastofnunar. Ráðherra styrkti reglugerð um almennan stuðning við landbúnað hvað varðar þennan stuðning. Bændur skulu skila inn rafrænni tjónaskýrslu um leið og tjóns verður vart í umsóknarkerfi Matvælastofnunar, þó eigi síðar en 20. október á því ári sem tjón verður. Bætt verður hlutfallslegt tjón á uppskeru vegna ágangs álfta og gæsa.

Þá er rétt að vekja athygli á að nýting kornhálmis til uppræktunar jarðvegs í útiræktun grænmetis telst styrkhæf og að ræktun vetraryrkja sem sáð er um mitt sumar og endurræktun túna er tekin út á ræktunarári en ekki uppskeruári eins og áður.

Umsóknarfrestur nýliðunarstuðnings í landbúnaði breytist, færst til 1. september og skal búnaðarstofa svara umsóknum fyrir 1. desember.

Bændur eru hvattir til að kynna sér vel allar reglugerðirnar til að kynna sér alla umsóknarfresti og reglur í tengslum við stuðningsgreiðslurnar. Reglugerðirnar má finna á heimasíðu Matvælastofnunar undir Lög og reglur.

Jón Baldur Lorange,
framkvæmdastjóri
búnaðarstofu
Matvælastofnunar.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg
Skiptiholt 50b, 105 Reykjavík

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300



Þjóðhátíðar- og ævintýraferð til Noregs 16. – 20. maí 2019

Flogið í beinu flugi til Bergen með Icelandair, gist í 4 nætur í Bergen. Ferðin er stútfull af áhugaverðri dagskrá og hér má sjá brot af því sem þátttakendur munu upplifa:

- Heimsækjum bændur sem selja beint frá býli og fáum þjóðlegar veitingar
- Fáum leiðsögn um safn og heimili tónskáldsins Edvard Grieg, Trolldhaugen
- Fögnum þjóðhátíðardegi Norðmanna, 17. maí, með innfæddum. Einstök upplifun að vera í Noregi á þjóðhátíðardegi heimamanna
- Förum í siglingu og hátíðarkvöldverð á hinum margrómaða Cornelius-veitingastað
- Tökum lest um fallegustu lestarleið í heimi með Flámsbana.
- Siglum inn Nærøfjorden í Sognafirði sem er á heimsminjaskrá UNESCO



Verð á mann í tvíbýli: 151.630,-
Verð á mann í einbýli: 174.030,-

(Allt innifalið fyrir utan hádegisverðir og einn kvöldverður ásamt drykkjum)

Fararstjóri: Erla Hjördís Gunnarsdóttir, epla- og eggjabóndi í Harðangursfirði í Noregi og blaðamaður Bændablaðsins. Skráning á erlagunn@gmail.com fyrir 15. janúar 2019.

Fyrir frekari upplýsingar og ferðadagskrá er hægt að senda tölvupóst á erlagunn@gmail.com eða í sínum 563-0320 og 0047 923 16 250.

TRYGG
Nøstet Kjetting as

Vertu viðbúinn vetrinum LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR SNJÓKEÐJUR

Ný
hönnun

Hafðu samband og kynntu þér
vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL

Ísfell ehf., Öseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

LESENDABÁS

Framtíðarhorfur í kúabúskap, kvóti eða frjáls framleiðsla?

Nú líður að kosningum, vilja kúabændur búa áfram við framleiðslustýringu á mjólk eða fella kvótann niður eins og gert var í Evrópusambandinu?

Þessar kosningar eru fyrsta skrefið í endurskoðun nágildandi búvörusaminga, en líklegt má telja að þeir hafi verið samþykktir vegna loforðs um atkvæðagreiðslu um framtíð kvótakerfisins.

Hver er framtíðarsýn mjólkurframleiðenda?

Undanfarin ár hafa markast af sveiflum í mjólkurframleiðslunni. Íslenskir kúabændur og íslensku mjólkurkúrnar hafa sýnt fram á að hægt er að framleiða hér miklu meiri mjólk en það sem íslenskir neytendur og erlendir ferðamenn geta torgað.

Afurðir úr umfram mjólk hafa því verið fluttar út en því miður hefur umfram mjólk verið keypt of háu verði af bændum. Því hrikur í afkomu afurðastöðva, verðlagið hefur einnig vakið upp of miklar væntingar hjá einstaka bændum sem hafa farið út í dýrar fjárfestingar.

Að okkar mati er stjórnun framleiðslunnar með kvótakerfi nauðsynleg svo ætíð sé tryggð hæfileg framleiðsla fyrir innanlandsmarkað. Umframleiðslu á aðeins að kaupa á því verði sem erlendir markaðir eru reiðubúnir að greiða hverju sinni. Hvernig stjórnunin á að vera og hvernig færa má framleiðsluheimildir milli búa er verkefni sem verður að útfæra í takt við þarfir hvers tíma.

Framleiðsla án stýringar hefur reynst íslenskum bændum illa. Kartöflubændur hafa td. lengi mátt þola miklar afkomusveiflur, flestir sjá hvaða áhrif aftenging

framleiðslustýringarinnar hefur haft á sauðfjárframleiðsluna.

Rétt er líka að líta til þróunarinnar í Evrópu eftir að kvótinn var felldur niður. Afkoma kúabænda versnaði mjög og margir hafa lagt upp laupana. „Við sterkustu og stærstu lífum“ sagði danskur stórbóndi vinur okkar, hann var sannspár þar eins og oft áður.

Niðurfelling kvótans hefur einnig haft mikil áhrif á afurðastöðvar í Evrópu og þar með afkomu bænda. Dæmi eru um að afurðastöðvar hafi sagt upp innleggjendum sínum, við höfum séð svipað hér hjá sláturhúsum. Svínabændur hafa iðulega liðið fyrir þetta, kúabændur þekkja mikla bið eftir slátrun og sl. haust neituðu einstaka sláturhús að taka við nýjum sauðfjárlagsgjöldum.

Aukinn innflutningur á mjólkurafurðum eykur enn á þrýstinginn um samstöðu bænda um nákvæma stjórnu framleiðslunnar. Mikil hagræðing hefur orðið hjá afurðastöðvunum, brýnt er að þar verði haldið áfram góðu þróunarstarfi og framleiðslu fjölbreyttra afurða sem neytendur vilja og velja.

Okkar framtíðarsýn er að hag okkar sé best borgið með kvótastýringu mjólkurframleiðslunnar. Við hvetjum bændur til að hugsa til framtíðar og samstöðu, þannig getum við tekist á við komandi áskoranir.

Sveinn Ingvarsson
bóndi og fv. varaformaður BÍ,
Katrín Andrésdóttir
fv. héraðsdýralæknir,
Ingvar Hersir Sveinsson og
Melissa Boehme
verðandi kúabændur í
Reykjahlið á Skeidum

Öll erum við sammála um að hlutverk kúabænda sé að sjá neytendum fyrir úrvals mjólkurafurðum sem framleiddar eru í sátt við umhverfið og velferðar dýranna sé gætt í hvívetna.

Sömuleiðis verður afkoma bænda að vera þannig tryggð að hægt sé að skipuleggja reksturinn til lengri tíma og eðlileg endurnýjun geti orðið í stéttinni.

LÍF & STARF

Þorrapræll Líflands 2019

Lífland hefur síðustu ár staðið fyrir fræðslufundum fyrir bændur. Hefur fyrirtækið fengið til liðs við sig sérfræðinga frá sínum helstu fódurráðgjöfum hjá Trow Nutrition í Hollandi.

Hollensku sérfræðingarnir hafa staðið að öflugri rannsóknar- og þróunarstarfi í fódurfræði nautgripa um allan heim og hefur fyrirtækið verið einn helsti ráðgjafi og bakhjarl Líflands er varðar fódur á Íslandi í meira en áratug.

Stein- og snefilefnaskortur er algengt vandamál í íslenskum landbúnaði. Því er mikilvægt fyrir búfjáreigendur að hyggja vel að bætiefnagjöf sem samræmist best því gróf- og kjarnfóðri sem gefið er hverju sinni. Lífland býður upp á fjölbreytt úrval bætiefna og fódurtengdra hjálparefna fyrir búfænað, meðal annars við kálfaskitu, selenskortu, doða, súrdoða og öðrum þekktum kvillum.

Að þessu sinni munu fræðslufundirnir vera með áherslu á

mikilvægi stein-, snefil- og bætiefna fyrir mjólkurkúr, kálfa og naut. Þá verður einnig, í stuttu máli, farið yfir það vöruúrval sem er í boði í dag, notkun og sérstöðu þeirra. Gestir Þorrapræls verða leystir út með veglegum bætiefnapakka að lokinni fræðslu auk þess sem boðið verður upp á léttar veitingar á fræðslufundinum.

Fundirnir verða haldnir á eftirfarandi stöðum 28.–31. janúar 2019:

- Mánudagur 28. janúar**
- 20.30 Verslun Líflands á Hvolsvelli
- Þriðjudagur 29. janúar**
- 11.30 Hótel Flúðum
 - 20.30 Verslun Líflands í Borgarnesi
- Miðvikudagur 30. janúar**
- 20.30 Verslun Líflands á Blönduósi
- Fimmtudagur 31. janúar**
- 11.30 Hótel Varmahlíð
 - 20.30 Verslun Líflands á Akureyri



YAMAHA VENTURE MULTI PURPOSE PZ50

**TILBOÐSVERÐ:
KR. 1.990.000,-**

Yamaha Venture Multi Purpose er einn áreiðanlegasti og fjölhæfasti vélsleði sem er í boði í dag, hvort heldur sem vinnutæki eða til ferðalaga.

- Hagkvæmur í rekstri og viðhaldi
- 500cc fjörgengismotor
- Tveggja manna, rúmgott farpegasæti með góðu baki
- Hiti í handföngum
- Bakkjör
- Rúmgóð farangursgrind



ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4980

www.yamaha.is

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

Tímarit Bændablaðsins 2019

Tryggðu þér auglýsingapláss í tíma

Þann 8. mars 2019 kemur út Tímarit Bændablaðsins.

Tímaritið tekur á helstu málefnum landbúnaðarins og eru efnistökin fjölbreytt. Það verður prentað í 8.000 eintökum og dreift til allra áskrifenda, á öll lögbýli landsins og í fyrirtæki sem tengjast landbúnaðinum.

Lengd ritins er yfir 100 síður og það er prentað á glanstímaritapappír í stærðinni A4.

Þetta er kjörinn vettvangur til að koma starfsemi og nýjungum á framfæri. Tímaritið liggur á borðum landsmanna svo mánuðum skiptir og því má segja að auglýsingar í slíkum blöðum séu langlíf.

Við bjóðum upp á hefðbundnar auglýsingar í ritinu en í seinni hluta þess er pláss fyrir kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn.

Verðskrá auglýsinga:

- Heilsíða: 160.000 kr. án vsk.
- Hálfsíða: 95.000 kr. án vsk.
- Opna: 230.000 kr. án vsk.
- Baksíða: 250.000 kr. án vsk.
- Lógó/styrktarlína: 25.000 kr. án vsk.

Verðskrá kynninga:

- Vinsamlegast pantið fyrir 1. febrúar
- Heilsíða: 130.000 kr. án vsk.
- Hálfsíða: 85.000 kr. án vsk.
- Opna: 210.000 kr. án vsk.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 563-0303 og gegnum netfangið ghp@bondi.is



Hægt er að skoða fyrri Tímarit Bændablaðsins á bbl.is



UTAN ÚR HEIMI



Greining hænsnfugla í kyn í eggjum tekur innan við sekúndu fyrir hvert egg.

Eggjaframleiðsla:

Kyn hænsnfugla greint í eggjum

Ný tækni gerir eggjaframleiðendum kleift að greina kyn hænsnfugla í eggjum og sparar þannig útungun og slátrun hana við eggjaframleiðslu.

Eins og að líkum lætur er helmingur hænsnfugla sem klekjast úr eggjum hana og helmingurinn hænur. Einungis hænurnar eru valdar til áframeldis en varphönnunum, eins og þeir eru stundum nefndir, er slátrað. Talið er að 4–6 milljörðum varphana sé slátrað í heiminum árlega.

Greining hænsnfugla í kyn eftir varp er vandasamt verk og þarf til

þess góða sjón og æft auga. Með nýrri tækni sem kallast „Seleegt“ er hægt að greina kyn fuglanna í eggjum 21 degi eftir varp. Hanaeggjum eru fjarlægð úr útungunarlúnum og þau notuð í dýrafóður. Auk þess að vera skref í átt til meiri dýravelferðar sparar tækni eggjaframleiðenda bæði pláss og fóður.

Tæknin sem um ræðir byggir á því að greina hormóna í eggjum með því að bora örfint gat í skelina og sækja í eggjum eilítla eggjahvítu sem síðan er hormónagreind. Greingin tekur innan við sekúndu fyrir hvert egg. *NVH*

Gróður Jarðar:

128 nýjar plöntutegundir greindar 2018

Á síðasta ári voru greindar 128 æðplöntur sem grasafraeðingum var ekki kunnugt um. Auk þess voru 44 áður skráðir sveppir greindir. Margar af þessum plöntum og sveppum eru svo fágætir að tegundirnar hafa þegar verið settar á lista yfir lífverur í útrýmingarhættu.

Meðal plantna er tré í regnskógum Gíneu sem getur náð 24 metra hæð og fékk latinuheitid *Talbotiella cheekii*. Á ólöglegum plöntumarkaði í Laos fannst áður óþekkt orkidea sem talið er að innihaldi efni sem gætu reynst nothæf í baráttunni við krabbamein. Auk þess sem ný klifurtegund af rótdálinu yam fannst í Suður-Afríku

Það voru grasafraeðingar og útsendarar Kew grasagarðsins



Orkidean, *Paphiopedilum papill-laoticus*, var uppgötvuð af grasafraeðingum á ólöglegum blómamarkaði í Laos.

sem fundu og greindu flestar tegundirnar. *NVH*

Gróður jarðar:

Fækkun í flóru Ástralíu

Talið er að meira en fimmtíu plöntutegundir sem eingöngu finnast í Ástralíu geti dáið út á næsta áratug. Einungis tólf þeirra er fríðaðar.

Gróður og dýralíf í Ástralíu er einstakt að því leyti að þar finnast bæði plöntur og dýr sem hvergi er að finna annars staðar í



Wollemifura.

heiminum. Nýleg rannsókn á flóru álfunnar sýndi að meira en fimmtíu tegundir plantna sem bundnar eru við Ástralíu eru í hættu á að deyja út verði ekkert að gert til að vernda þær og kjörlendi þeirra. Athugun sýndi einnig að einungis tólf af plöntunum eru á opinberum lista yfir plöntur í útrýmingarhættu í Ástralíu.

Ólíkar plöntutegundir eru nú þegar um 70% lífvera á lista Ástralíu yfir dýr og jurtir sem taldar eru í hættu.

Ein þessara plantna er Wollemifura en aðeins er vitað um 39 slíka í heiminum. Þar af er eina að finna í grasagarðinum í Kew þar sem hún er afgirt. *NVH*



Wollemifura, *Wollemia nobilis*, sem fannst fyrst árið 1994 þrátt fyrir að vera frá tíma risaöldanna er planta sem talin er vera í útrýmingarhættu. Aðeins er vitað um 39 slíkar í heiminum. *Mynd / VH.*

Á FAGLEGUM NÓTUM



Sjö fyrirtæki sem hlutu gullverðlaun fyrir nýjungar á landbúnaðarsýningunni Agrómeke sem haldin var í Herning í Danmörku seinnipartinn í nóvember 2018. *Myndir / Agrómeke.dk*

Agrómeke alltaf jafn áhugaverð



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Landbúnaðarsýningin Agrómeke var venju samkvæmt haldin í Herning í Danmörku seinnipartinn í nóvember sl. Þetta er stærsta landbúnaðarsýningin í Norður-Evrópu og hefur hún haldið velli þrátt fyrir að vera á svipuðum tíma og Eurotier landbúnaðarsýningin er haldin, en sú sýning er sú stærsta sem er haldin í heimi.

Agrómeke er Íslendingum afar kunn og hefur verið sótt af bæði bændum og þjónustuaðilum héðan í áratugi. Sýningin í ár, sem var sú 41. í röðinni, var venju samkvæmt fjölbreytt og nokkuð breytt frá því hún var síðast haldin, en það var í nóvember 2016.

540 sýningaradilar

Að þessu sinni höfðu 540 sýningaradilar komið sér fyrir í 13 mismunandi sýningarhöllum á sýningarsvæðinu í Herning og var sýningunni skipt upp eftir faggreinum innan landbúnaðarins. Sýningin stóð í fjóra daga og voru gestir hennar rúmlega 40 þúsund og þó svo að flestir gestanna hafi verið frá Danmörku þá sækja hana alltaf margir erlendir gestir bæði frá Norðurlöndunum og ýmsum öðrum löndum. Það er sérstaklega áhugi erlendra aðila á nautgriparrækt og svínarækt sem dregur einna mest að, en þar sem Agrómeke er fjölbreytt landbúnaðarsýning er hún einnig hentug fyrir þá sem eru t.d. eingöngu í jarðrækt.

Gullregn

Líkt og á mörgum landbúnaðarsýningum keppast sýnendur við að



Þarna fór fram verkleg sýning í viðgerðum og viðhaldi á tækjum.



Fjölmarginir fyrirlestrar voru á sýningunni.



Það var margt að sjá á Agrómeke.

kynna nýjungar og ef nýjungarnar flokkast sem „heimsfurmsýningar“ geta þær hlotið sérstök gullverðlaun sem er einskonar viðurkenning um sérstöðu kynningarinnar. Að þessu sinni höfðu sýnendur sent inn tillögur um 128 nýjungar sem kepptu svo sín á milli um hylli dómnefndarinnar. Dómnefndin gaf hverri tilnefningu einkunn og af þessum 128 tilnefningum hlutu 7 þeirra gullverðlaun en hinar 121 tilnefningar þá annað hvort silfur- eða bronsverðlaun. Þau fyrirtæki

sem hlutu gullverðlaun fyrir nýjungar að þessu sinni voru:

Pöttinger Scandinavia A/S – fyrir nýja diskaslátuvél án knosara sem kallast „Cross Flow“. Þessi slátuvél, sem fæst í vinnslubreidd frá 3,5 metrum og upp í 10 metra, færir sláttuskárann inn að miðju og skilur grasið eftir í háum múga sem loft getur leikið um og þannig forþurrkað grasið.

Yding Smedie A/S – fyrir nýjungu sína „MSR OptiWeeder“, en þetta tæki er sérstaklega hannað til þess að eyða illgresi við kartöflurækt, án þess að notast við eitru.

Staldmæglerne A/S – fyrir nýjungu sína „Aquaclim“, en þetta er vatnskæld dýna fyrir legubása kúa (sjá sérstaka umfjöllun síðar).

VengSystem A/S – fyrir sérstakt mælitæki sem mælir uppgufun á ammoníaki frá landbúnaði með einföldum en öruggum hætti.

Euromaster Danmark A/S – fyrir „Michelin EvoBib“ sem er ný tegund af dráttarvéladekkjum frá Michelin, en notagildi dekkjanna

VOTTANIR & UPPRUNAMERKINGAR MATVÆLA

„Free From“ vottanir

Oddný Anna Björnsdóttir
objornsdottir@gmail.com



Mikill vöxtur er í markaðssetningu og sölu á matvælum sem eru laus við innihaldsefni sem sístækkandi hópar fólks annaðhvort kjósa eða þurfa að forðast.

Skilgreiningin „Free-From“ – sem má þýða yfir á íslensku sem „laust við“ – er gjarnan notuð af erlendum framleiðendum og söluaðilum til að aðgreina þau matvæli frá öðrum matvælum.

Vöxtur „Free-From“ vara í Vestur-Evrópu sem dæmi var 11,5%

árið 2015 á meðan vöxtur lifrænt vottaðra vara (e: organic) var 5,4% (sjá mynd).

Þurfa eða kjósa að forðast


Þau innihaldsefni sem ákveðnir hópar fólks verða að forðast eru ofnæmis- og óþolsvaldar og eru þeir 14 algengustu tilgreindir á bls. 34 í viðauka II við reglugerð ESB nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Þeir þurfa allir að vera merktir með skýrum hætti á umbúðum. Talið er að um 15–22% neytenda séu með ofnæmi eða óþol fyrir ákveðnum hráefnum en sífellt fleiri kjósa að forðast sum þeirra af heilsufarsástæðum.

Mjólk, laktósi og glúten bera höfuð og herðar yfir þá ofnæmis- og óþolsvalda sem nýr markaður hefur skapað fyrir að framleiða vörur lausar við. Á heimsvísu hefur laktósaóþol verið áætlað um 65%; frá 10% í Norður-Evrópu til allt að 95% í hluta Asíu og Afríku. Talið er að um 1% heimsbyggðarinnar þjáist af glútenofnæmi en miklum mun fleiri af glútenóþoli eða forðist glúten af heilsufarslegum ástæðum. Sem dæmi allt að þriðjungur í Kanada. Eins er aukning í framboði á vörum án allra þekktra ofnæmis- og óþolsvalda.

Þau hráefni sem sístækkandi hópar fólks kjósa að forðast – óháð því hvort þau séu ofnæmis- og óþolsvaldar – eru dýraafurðir (grænkerar/grænmetisætur), erfðabreyttar vörur, tilbúin aukefni (t.d. rotvarnarefni og MSG) og svo ýmis náttúruleg hráefni sem teljast óæskileg ef þeirra er neytt í miklu magni s.s. viðbættur sykur, salt, mettuð fita og transfita. Hvaða hráefni teljast óæskileg er þó mismunandi eftir því hvaða næringarstefnu fólk aðhyllist.

Gríðarleg aukning

Til að koma til móts við þá hópa hefur úrvalið af vörum sem eru sérstaklega merktar án eða með skertu innihaldi þessara efna aukist gríðarlega og algengara að hægt sé



Sýna fram á réttmæti

að velja á milli ólíkra valkosta innan sömu vörulínu.

Auk þeirra minni fyrirtækja sem sérhæfa sig í slíkum vörum og ruddu brautina hafa stórfyrirtæki stokkið á vagninn vegna þrýstings frá neytendum og smásölum. Talið er að þessi þróun sé komin til að vera og að ekki sé lengur lítið á slíkar vörur einungis sem sérfaði fyrir fólk með ofnæmi eða óþol, eða óhefðbundnar skoðanir, heldur séu þær að verða „mainstream“. Það leiði svo til þess að verðið fari lækkandi.

Eins er aukin eftirspurn eftir og framboð á svokölluðum „Clean labels“ eða „hreinum vörum/merkjum“ en almennt falla undir þá skilgreiningu matvörur með einfalda, auðskiljanlega innihaldslýsingu sem eru úr náttúrulegum og sem minnst unnum hráefnum, án kemískra aukefna. Engin alþjóðleg skilgreining er til og fullyrðingin ekki lögvernduð.

Þess ber að geta að þó vara sé ekki vottuð án tiltekinna efna þurfa fyrirtæki að geta sýnt fram á að vörur þeirra séu í samræmi við innihaldslýsingu sem og réttmæti þeirra fullyrðinga sem á vörunni er, sé þess krafist af eftirlitsaðilum eða neytendum.

Í næstu greinum verður fjallað um þær víðurkenndu vottanir sem til eru fyrir þennan hóp vara.

– Oddný Anna Björnsdóttir er sjálfstætt starfandi ráðgjafi og bóndi í Gautavík. Greinar í Bændablaðinu um vottanir og upprunamerkingar byggjast á verkefni sem hún vann fyrir Íslandsstofu veturinn 2018. Greiningin er aðgengileg í heild sinni á vef Íslandsstofu.



LESENDABÁS

Nýtt „landbúnaðar- og matvælaráðuneyti“ og ný Bændasamtök

Árið 2007 var framið hryðjuverk á landbúnaðarráðuneytinu. Það var höggvið í spað, fyrirgefið orðavalið en ég hef sagt þetta oft áður og er staðreynd. Þetta gerðu stjórnmalamenn í vanhugsun sinni eða til að huga að inngöngu í ESB. Og áfram var haldið 2009 þegar fyrir lá að sækja átti um aðild að ESB með braki og bramli við Jón blesaðan Bjarnason ráðherra sem var á endanum settur af að kröfu heilagrar Jóhönnu. Síðar var gengið að kröfum ESB um að Gelda Bændasamtökin fjárhagslega.

Nú er hún Snorrabúð stekkur og landbúnaðarráðuneytið aðeins til að nafninu í ógnar stóri hit sem snýst um allt önnur verkefni. Því er full þörf fyrir alla vini landbúnaðarins að snúa vörn í sókn. Landbúnaðurinn er enn vinsælasta atvinnugrein á Íslandi og jafn mikilvæg og við upphaf byggðar. Ekkert síður vinsæl á höfuðborgarsvæðinu en í landsbyggðunum. Engin ríkisstjórn hefur síðan reynt að snúa ofan af vitleysunni, þó hafa átta ráðherrar gegnt starfi landbúnaðarráðherra frá 2007 á sl. ellefu árum. Landbúnaðarráðuneytið er ekki til undir feldi embættismanna atvinnuvegaráðuneytisins og allir sérfræðingar í landbúnaði horfnir á braut, nema vinur minn Sigurgeir Þorgeirsson sem sinnir feittum makríl. Tolla- og búvörusamningar eru lifandi dæmi um hvernig komið er. Nú síðast var starfskröftum Ernu Bjarnadóttur hafnað sem sagnar að sérþekking er ekki á dagskrá ráðuneytisins og verkefni Ólafs Friðrikssonar setti í alþjóðlega deild, búvörusamningar og tollamál. Erna er vel menntuð og mjög fær um allt sem snýr að landbúnaði.



Guðni Ágústsson.

Hennar starfskröftum var ekki hægt að hafna nema með klækjum. Nú eiga stuðningsmenn og vinir landbúnaðarins aðeins tvo kosti eins og mál eru að þróast, að stofna annaðhvort grasrótarhreyfingu eða stjórnmalaflokk, sem er síðri kostur. Betra er að vinna með þeim flokkum sem eru starfandi og skera upp herör til varnar bændum og sveitum landsins og landbúnaðarvörum okkar. Þær eru hreinustu og heilnæmstu landbúnaðarafurðir í allri veröldinni. Það byggir á einstaklega heilbrigðu búfé, óspilltum jarðvegi, kaldavatnsauðlind sem engin önnur þjóð á sambærilega og tiltölulega kaldri veðráttu sem á sinn hátt er auðlind. Það vex eingöngu hreint upp úr hreinu. Verði þetta skemmt einu sinni er aldrei hægt að lagfæra það.

Öllu þessu verður að gæta að og varðveita sem augastein sinn.

Hvernig landbúnaðarráðuneyti? Hvernig Bændasamtök?

Hvað þarf að gerast? Landbúnaðarráðuneytið verður að rísa á ný með sérfróðu fólki svo rödd þessa grundvallarvinnuvegar sé til í stjórnarráðinu og þar með þarf að huga að matvælaráðuneyti. Landbúnaðar- og matvælaráðuneyti og jafnvel með t.d. byggðamálum. Þjóð verður þjóð ef m.a. gætt er að undirstöðu þess að vera sjálfbær um að skaffa sér frumþarfir sínar. Það verður heldur ekki skilið frá forsendum búsetu í landinu. Landbúnaður kafnar í ráðuneyti með hinum stóra en mikilvæga og umdeilda sjávarútvegi. Bændasamtökin og félagsleg hreyfing bænda er sundruð, fjárvana

og veikburða. Horfa ber til sterkrar félagsheildar – einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Ég gagnrýni ekki einn einasta forystumann í BÍ eða búgreinafélögum, en staðan og sundrunin bera í sér að sóknin er veik. Það er vilji, sókn, samstaða og sannfæring sem slík heildarsamtök verða að hafa að leiðarljósi. Því verða bændur að endurskipuleggja sín félagsmál. Hyggilegt væri að horfa t.d. til sjávarútvegsins sem aflagði LÍÚ en stofnaði Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Forystumenn í sjávarútvegi sögðu einfaldlega þetta:

„Samtök landbúnaðarins“

„Það felast mikil tækifæri í því fyrir sjávarútveginn að sameina fyrirtæki sem starfa að veiðum, vinnslu, sölu og markaðssetningu sjávarafurða í ein, öflug samtök. Sambærilegt væri

„Samtök landbúnaðarins“. Jafnvel enn meiri þörf, smæðarinnar vegna?

Að þessari hreyfingu kæmi nýtt árlegt þing landbúnaðar (Landbúnaðarþing) og ný stjórn Samtaka landbúnaðarins yrði kosin þar. Að þessum nýju samtökum stæðu öll búgreinafélög, búnaðarsambönd, afurðastöðvar í mjólk og kjóti, framleiðslu- og þökkunarfyrirtæki í grænmeti, RML og grasrótarhreyfingar í landbúnaði. Búnaðarstofa einnig sem er staðsett undir MAST með öll sín verkefni, sjálft gamla Búnaðarfélagið, nú staðsett í MAST, stangast trúlega á við lög og stjórnarskrá. Þetta tvennt, nýtt ráðuneyti með þekkingu og ábyrgð í stjórnarráði landsins og endurskipulögð félagsleg hreyfing landbúnaðarins eru mikilvæg grundvallaratriði.

Allir þeir sem ábyrgð bera á matvæla- og landbúnaðarframleiðslu ættu með þessu fulltrúa á nýju Landbúnaðarþingi og ný stjórn Samtaka landbúnaðarins væri kosin af öllum hagsmunaaðilum á ársþingi.

Það er landbúnaðinum lífsnauðsynlegt að ná vopnum sínum til þess að hann öðlist burði til þess að standa vörð um grunnstoðir matvælaframleiðslu, sem er ein af frumþörfum okkar, ekki síður en húsaskjól og klæði. Það má margt læra af Norðmönnum um hvernig þeir halda utan um sína landbúnaðarauðlind í stjórnarráði og félagsskap bænda.

Bið bæði bændur og stjórnmalamenn að hugsa málið en það þolir enga bið. Besta vörnin er fölginn í sókn og flestir landsmenn vilja standa með ykkur, bændur, matvaranna vegna ekki síst, og að þið rekið heilnæman búskap með fjölskyldufólki ykkar.

Guðni Ágústsson, fyrrum landbúnaðarráðherra

Atkvæðagreiðsla meðal mjólkurframleiðanda

Fyrirhugað er að Bændasamtök Íslands boði til atkvæðagreiðslu meðal mjólkurframleiðanda á grundvelli gildandi samnings frá 2016 um starfsskilyrði nautgripæræktar um hvort að kvótakerfi í mjólkurframleiðslu skuli afnumið eða ekki frá og með 1. janúar 2021.

Kosningarétt hafa allir mjólkurframleiðendur án tillits til félagsaðildar. Hver innleggjandi hefur eitt atkvæði. Kosningarétt hafa jafnt lögaðilar og einstaklingar.

Áformað er að atkvæðagreiðslan muni fara fram með rafrænum hætti í febrúar 2019. Boðað verður til atkvæðagreiðslunnar með formlegum hætti með auglýsingu í Bændablaðinu sem kemur út þann 31. janúar 2019. Þá verða allar upplýsingar um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar jafnframt kynntar.

Kjörstjórn

Í kjörstjórn sitja *Eliás Blöndal Guðjónsson formaður, Guðbjörg Jónsdóttir og Guðrún Vaka Steingrimsdóttir* og er netfang kjörstjórnar kjorstjorn@bondi.is



Atkvæðagreiðsla um sauðfjársamning

Fyrirhugað er að Bændasamtök Íslands boði til atkvæðagreiðslu um samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 2016. Kosningarétt hafa einstaklingar sem eru félagsmenn í Bændasamtökum Íslands og/eða Landssamtökum sauðfjábænda og eru jafnframt með virkt bú í skýrsluhaldi Bændasamtakanna.

Áformað er að atkvæðagreiðslan muni fara fram með rafrænum hætti í febrúar og/eða mars 2019. Boðað verður til atkvæðagreiðslunnar með formlegum hætti með auglýsingu í Bændablaðinu sem kemur út þann 14. febrúar 2019. Þá verða allar upplýsingar um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar jafnframt kynntar.

Kjörstjórn

Í kjörstjórn sitja *Eliás Blöndal Guðjónsson formaður, Guðbjörg Jónsdóttir og Guðrún Vaka Steingrimsdóttir* og er netfang kjörstjórnar kjorstjorn@bondi.is



Lausn á jólakrossgátu Bændablaðsins 2018

	VIÐUR	HUNDA- STAND	ÞÁT- TAKANDI	ÞYRRIHÖFN FYRIRTEKI	Ó	ERFIÐI KROTA	P	NOT MÚLEINDA	G	MEKKI	H	VINNIVÉL	LEIKNI AND- SPENIS	F	
SKELLUR	H	L	A	M	M	ÁRA	P	Ú	K	A	K	A	G	G	I
VÍSA LEIÐ FLUS	L	Ó	Þ	S	A	OFANÁLAG GAS	Á	L	E	G	G	S	M	K	R
	H	Ý	Þ	I	K	KIRNA TVEIR EINS	E	R	F	N	Æ	S	V	A	G
ÍÞRÓTT	R	A	L	L	T	STERKTUR MELLI- EINING	A	G	L	BLINDUR VÍSA	S	V	E	F	N
SEFA	KVIKMYND MUNABUR	F	I	L	M	UNRÓT NUDDA	R	A	S	K	ÁLITS FLÓKTA	M	A	T	S
	R	Ó	A	F	I	SPYR BYLTA	I	N	N	I	BANKHELI FULLTINDIS	T	A	B	Ú
SKEINA ÖGNA	H	R	U	F	L	RÁNDYRA SKRIFA	Ú	L	F	A	UPP- TALNING Í RÖÐ	L	I	S	T
	L	NJÓG	KETTIST TILDIR	H	AUSTUR- ÁLFA	KALLORO LÖNG	H	Ó	S	VIK	F	A	L	S	L
MAULA	J	A	P	L	A	SAM- KVÆMI	H	Ó	F	ÞVÍLLÉKT EFNI	S	L	I	K	T
ÖSKYR VABA	Ó	L	J	Ó	S	SNÆÐI BLAÐUR	Á	T	A	AD BAK	T	I	L	R	U
	Ó	S	L	A	SVELL FLAN	MJAKA DÁÐ	A	K	A	SEGLA- DUKUR	HJÓTA HEIMLA	F	Á	E	I
	U	OJA STELA	T	R	A	RÖTA SKÖLI	R	U	S	L	A	T	I	Æ	S
MÆRA	M	A	T	A	ÞURRKA ÓT	SONGRÖÐ BEITTUR	T	E	N	Ó	R	A	F	H	J
TVEIR EINS RÍKI Í SV-ÁÐU	P	P	S	Y	K	R	A	D	Ó	P	H	R	Y	G	G
	I	R	A	K	S	K	E	F	L	OÐ	S	V	I	F	P
	Y	RÉKUN SANKINDI	L	Á	T	TVEIR EINS BLONDA	K	K	SEYTLAR LÍK	A	G	A	R	F	A
TÝRIT	T	V	I	T	A	SKRAMI FERD	A	N	S	I	E	I	S	A	M
TINKRUS LÆRA	T	I	N	A	FRAMRÁS PAR	Ú	T	R	Á	S	ÓTLUTA RAUL	M	I	Ð	L
	L	É	S	A	SANN- FÆRINGAR HANKI	T	R	Ú	A	R	LÓP BETLARI	S	A	K	K
I RÖÐ	R	S	DIMNT TVEIR EINS	S	V	A	R	T	S	Ó	K	A	U	G	N
SLÉTTI	J	A	F	N	I	HAMINGJU JAFN- FRAMT SNIKLI	E	I	N	N	I	G	N	Á	N
	Ó	HANDAMA HLJÓMA	F	A	N	G	A	L	A	G	SÍÐA LOFT- TEIGND	A	G	A	P
KUSK LSTRA	L	Ó	R	I	S	MÁLUR ÁTT	F	A	P	L	Ó	M	A	K	Á
	V	A	M	B	I	GEIUR ORUFLA	F	Æ	L	N	I	S	A	F	I
SAMRÉÐA	T	A	L	G	U	T	L	A	V	O	N	B	Ö	L	V
	R	FISKUR BORÐA	Y	S	A	SANTÖK STELKA	A	A	R	Á	N	M	Ú	M	Í
TVEIR EINS	É	MÁK KLAFI	O	R	M	NUDDA BRESTA	N	Ú	A	KOMAST JARÐBIK	L	I	Ð	K	R
	T	O	R	F	Æ	R	HALARÓFA FARFA	R	U	N	A	S	A	L	A
VÖL- MABUR	V	A	K	T	A	R	I	B	L	Á	S	A	R	Ó	H
	H	N	I	T	G	A	M	L	A	S	K	A	U	T	R
	A	T	T	A	L	A	B	L	A	S	T	A	M	S	T
	A	R	I	N	B	U	R	T	V	E	R	K	A	T	A
FELÐUR	S	K	I	N	N	A	Á	A	P	I	S	K	I	R	N
SKÍÐA	T	Á	L	G	A	GÍPA	S	K	Á	L	G	O	O	Á	N
	J	Ó	L	A	L	Ö	G	I	N	B	L	I	Ð	O	G



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 31. janúar

BÖRN OG VÉL- KNÚIN ÖKUTÆKI

Bílar, dráttarvélar, vöruflutninga- eða mjólkurbílar ættu aldrei að nálgast leiksvæði barna.

Það er góð hugmynd að girða leikvelli tryggilega af og sjá til þess að vélknúin ökutæki þurfi ekki að snúa eða bakka í námunda við þá.



Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is



ER ÞITT BÚ
ÖRUGGUR
OG GÓÐUR
VINNUSTADUR?



OPID	BREIDD Virka daga 8-18:30 Laugardaga 10-18 Sunnudaga 11-17	BYKO GERUM ÞETTA SAMAN
	SELFOSS Virka daga 8-18 Laugardaga 10-16 Sunnudaga LOKAÐ	
	SUDURNES Virka daga 8-18 Laugardaga 10-14 Sunnudaga LOKAÐ	

VÉLABÁSINN

Persónulegt mat á bestu bílum sem prófaðir voru 2018: Bílar verða stöðugt betri og valið erfiðara, en gæði og þægindi kosta

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Af jeppum og jeplingum voru prófaðir níu bílar. Hagstæðustu kaupin eru sennilega í Dacia Duster sem kostar ekki nema um fjórar milljónir. Af þessum níu bílum flokka ég aðeins einn þeirra sem jeppa, en til að ég kalli bíl jeppa þarf hann að vera byggður á grind og vera með hátt og lágt drif. Þessi bíll er Suzuki Jimmy sem verður tilbúinn til afhendingar nýjum eigendum í byrjun árs 2019.

Jepp besti jeplingurinn

Mitsubishi Outlanderinn sem ég hef í tvígang kosið besta bíl ársins er vissulega góður og nokkuð örugglega sá ódýrasti í rekstri af þeim jeplingum sem prófaðir voru, en tækninýjungar frá öðrum bílaframleiðendum og þægindi settu Outlander í þriðja sæti hjá mér. Lokavalið stendur á milli Jaguar E-Pace og Jeep Grand Cherokee Trailhawk sem var 33 tommu breyttur. Jaguarinn var óbreyttur og kostar frá tæpum 6–10 milljónir og er hreinn unaður að keyra. Jeep-bíllinn var vissulega eigulegri og vel útbúinn til aksturs á íslenskum vegum og því vel ég hann sem skemmtilegasta jeplinginn.

Pallbílar

Ekki voru nema þrjú pallbílar prófaðir á síðasta ári og líktust ekkert hver öðrum. Þetta voru IVECO (hálfert torfærutróll), Benz X-Class og MMC L200 pallbíll með minna húsi en í flestum pallbílum. Mjög ólíkir í alla staði og hver þeirra með sérstaka eiginleika. Þó að Benz pallbíllinn hafi verið með minnsta pallinn fannst mér hann eigulegastur af pallbílum.

Fólksbílar

Fimm fólksbílar voru prófaðir og af þeim var einn fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll. Hagstæðustu kaupin eru klárlega í Dacia Sandero sem er í verðflokk smábíla, en er miðlungs fólksbíll með ótrúlega mikið pláss og kostar aðeins 1.990.000. Hins vegar var Jaguar I-Pace rafmagnsbíllinn sem kom hingað til lands sem frumgerð (prototype) og var prófaður við íslenskar aðstæður á haustmánuðum langsamlega skemmtilegasti bíllinn sem ég prófaði á síðasta ári, 400+ hestöfl og kemst yfir 400 km á hleðslu. Þessi



Polaris sexhjólíð gat mun meira en ég gerði mér í hugarlund.



Suzuki Jimmy er eini alvöru jeppinn sem var prófaður, á grind með hátt og lágt drif.

Myndir / HLJ



Jeep er bíll ársins í sínum flokki. Hann er eigulegur 33 tommu breyttur jeplingur.



Hagstæðustu fólksbíla kaupin eru klárlega í Dacia Sandero.



„Bóndabíllinn“ eins og ég kaus að kalla álitlegasta vinnutækið.

bíll er nú að fara í framleiðslu og ætti að vera tilbúinn til afhendingar í mars/apríl á þessu ári og kostar hann um 12 milljónir.

Vinnutæki

„Þrjú“ traktorar voru prófaðir, lítill og stór og það sem ég kaus að kalla „Bóndabíll“, en morgunstrákarnir á útvarpsstöðinni Bylgjunni voru eitthvað ósáttir við nafnbótina og vildu kalla hann „Golfbíll“. Báðir hefðbundnu traktorarnir voru vel brúlegir á sinn hátt, en þann stærri mundi ég velja til vinnu. „Bóndabíllinn“ væri ég alveg til í að eiga sérstaklega eins og hann var afhentur nýjum eiganda sínum, en þá var búið að setja hann á belti sem eru sérstaklega ætluð til aksturs á snjó, en gagnast líka vel í miklu votlendi. Einnig prófaði ég sexhjól frá Polaris, en vélin í því var ekki nema 570 cc. Þrátt fyrir litla vél vann það vel við að skafa snjó og krapa.

Mótorhjól og leiktæki

Þrjú gjörólík mótorhjól voru prófuð,



Jaguar I-Pace rafmagnsbíllinn sem kom hingað til lands sem frumgerð (prototype) var langsamlega skemmtilegasti bíllinn sem ég prófaði.



Það kom mér á óvart hversu auðvelt var að keyra þetta Beta 300 tvígenis torfæruhjól við mismunandi aðstæður.



Arctic Cat Textron Off Road Buggy er skemmtilegasta leiktækið.

aðeins eitt þeirra mundi gagnast sem vinnutæki í smölun, en það hjól var Beta 300 tvígenis torfæruhjól með götuskráningu og kostar ekki nema rúma milljón. KTM 1090 ferðahjól, sem er vissulega eigulegur gripur, en of kraftmikið fyrir mig, 125 hestöfl hefðu hentað mér fyrir 10–15 árum, en ekki í dag. Síðasta hjólið var indverskt og er allhliða hjól fyrir malbikaða og malarvegi,

en er ekki nema 25 hestöfl og er hjól sem hentar vel fyrir byrjendur í mótorhjólakstri og þá sem ekki eru að flýta sér of mikið og er ódýrt mótorhjól. Mesta leiktækið sem prófað var var án efa Arctic Cat Textron Off Road Buggy sem er kraftmikið og skemmtilegt leikfang fyrir hestaflásjúka og áhættufikla sem vilja upplifa kraft og góða fjöðrun vinna saman.

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Hjónin Gylfi Sigríðarson og Hrönn Jónsdóttir búa í Háholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Gylfi er frá Steinsholti í Gnúpverjahreppi og Hrönn frá Lundi í Lundarreykjadal.

Þau kaupa fé sitt og leigja jörðina haustið 2017 en eigandi jarðarinnar er Margrét Steinþórsdóttir og býr hún einnig á bænum.

Býli: Háholt.

Staðsett í sveit: Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ábúendur: Gylfi Sigríðarson, Hrönn Jónsdóttir og Þórður Gylfason, tveggja mánaða.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Auk okkar þriggja eru tveir hundar, þeir Þjakkur og Lubbi, sem og gamli fjárhúskötturinn sem sér um meindýravarnir.

Stærð jarðar? 160 hektarar.

Gerð bús? Sauðfjárnú.

Fjöldi búfjár og tegundir? Um 400 fjár.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Það fer allt eftir árstíma. Gylfi vinnur við smíðar á veturna og landbúnaðarverktöku á sumrin. Hrönn vinnur sem verslunarstjóri hjá Fóðurbliðndunni á Selfossi og Hellu en er sem stendur í fæðingarorlofi. Þegar við erum



bæði að vinna úti fá þá er það oft þannig að Hrönn gefur í fjárhúsinu fyrir vinnu og Gylfi eftir vinnu og svo förum við saman í stóru verkefni um helgar.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast finnst okkur sauðburður og smalamennskur. Leiðinlegast er eiginlega þegar mann langar að gera alls konar smáverk í fjárhúsunum en hefur ekki tíma og gjafir og allt er gert á hlaupum.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir



Háholt

fimm ár? Við höfum leigusamning í fjögur ár til viðbótar og sjáum búskapinn með sama sniði þann tíma. Markmið okkar er svo að halda áfram búskap hvar svo sem það verður.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Við höfum eiginlega bæði ýmsar skoðanir á þeim og á sama tíma ekki skoðun, nema bara þá að félagsmál eru skemmtileg. Það er öllum hollt að taka þátt og mikilvægt bæði einstaklingnum og heildinni að sem flestir taki þátt í félagsstörfum bænda og láti sig málin varða.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Við teljum að íslenskur landbúnaður muni halda áfram að þróast og vera öflugur.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Við teljum að stærstu tækifærin liggi í hreinleika afurðanna okkar og strangra reglugerða um aðbúnað.

Hvað er alltaf til í ísskápnunum? Smjör, mjólk og bjór.

Hver er vinsælasti maturinn á

heimilinu? Vinsælast hjá okkur hjónum er eiginlega að þratta um það hvað er gott og hvernig er *best* að elda það ... en eitt erum við sammála um: grillað lambakjöt. Svo það er alltaf öruggt val.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Sennilega er ekki neitt eitt atvik sem stendur upp úr en við erum búnin að fara í gegnum „einn sauðburður“ og það í svakalegri rigninga- og kuldatíð sem gerði allt dálítið erfitt.

En samt var það mjög skemmtilegur tími og stendur eiginlega upp úr þessu ári í búskap.

MATARKRÓKURINN

Smjörhjúpáð naut og girnilegt eggaldin



Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari



Fyrir stuttu horfði ég á myndband þar sem matreiðslumaður sagðist búinn að finna bestu aðferð fyrir meyrnun eða þurrverkun á nautakjöti (dryage), sem er að hjúpa vöðvann með smjöri og láta hann meyrna þannig í kæli í 60 daga.

Stundum er notað lard (svinafeiti) við verkun á kjöti, til dæmis á Parmaskinku, og er líka ódýrara hráefni en smjörið.

Reyndar er lard blanda af hakkaðri fitu af svíni, með viðbót af salti og pipar, stundum einnig hrisgrjónamjöli.

Rósmarín extract er líka hægt að nota sem gott náttúrulegt rotvarnarefni.

Rósmarínþykkni er gert með eimingu á rósmarínlaufum og er öflugt rotvarnarefni sem virkar sem skjöldur fyrir kjötið þannig að það eldast hægar og rotnar síður.

Í manngynssögunni hefur baráttan um geymslu á matvælum, varðveislu og bragðbætingu leitt af



sér ýmsar kryddblöndur og efni til að kjöt og matvæli geti geymst lengur.

Svartur pipar er hugsanlega fyrsta hráefnið sem var reglulega notað bæði sem krydd og rotvarnarefni. Salt er líka skilvirkt rotvarnarefni – vegna eiginleikans að taka vökva úr matvælum – en er líka örverueyðandi einis og piparinn.

Ég mæli með að fólk geri tilraunir með að láta kjöt meyrna við bestu aðstæður og er betra að nota ferskt kjöt frekar en frosið, vegna vökvatapsins sem verður við þiðingu.

Svo er tilvalið að elda kjötið eftir smekk hvers – og með uppáhalds meðlætinu.

Bakað eggaldin með eggi og tómát

Hér eru svo uppskriftir til að auka við grænmetisátið eftir hátíðarnar.

- › Ólífuoía fyrir steikingu
- › 2 stór eggaldin, sneidd
- › ½ rauðlaukur, sneiddur
- › 1 rif hvítlaukur, fint saxaður
- › 8 stórir tómatar saxaðir
- › 125 ml tómatsafi eða tómátpassata
- › ½ tsk. salt
- › ½ msk. svartur pipar
- › ½ tsk. broddkúmen (valfrjálst)
- › 6 stór egg

- › 100 g fetastur
- › Pítubrauð
- › Kryddjurtil að eigin vali, til dæmis steinselja og mint

Aðferð

Forhitið ofninn í 220 gráður. Hitið eina matskeið af olíu í pönnu. Steikið eggaldinsneidar í 3–4 mínútur á hvorri hlið eða þangað til þær eru fallega brúnar og mjúkar – og steikið í skömmtum ef þær komast ekki allar í einu.

Bætið við meiri olíu á pönnuna ef þess þarf. Færið sneiðarnar á disk. Hitið tvær matskeiðar af olíu í miðlungstórri pönnu og mýkið

laukinn í olíunni. Hræðið hvítlauk saman við og eldið í aðra mínútu til viðbótar. Bætið tómötum við ásamt tómatsafanum og eldið í um átta mínútur þar til tómatarinn hafa brotnað niður og sósan þykknað aðeins. Kryddið með salti, svörtum pipar og broddkúmeni.

Setjið lag af eggaldinsneiðum yfir botninn á stóru fati, setjið helming tómatsósunnar yfir. Endurtakið með önnur tvö lög. Gerið holi í sósunu með bakinu á stórrí skeið og brjótið egg þar ofan í. Gerið það sama allt um fatið þar til öll eggin eru komin í sína holi og stráði fetastu yfir. Bakið í ofninum í fimm mínútur. Skreytið með steinselju og mintu og framreiðið með pítubrauði.

Hummus

- › 2 dósir soðnar kjúklingabaunir (500 g)
- › 75 ml ferskur sitrónusafi
- › 1–2 rif hvítlaukur
- › 150 g tahini (sesampaste)

Aðferð

Unnið saman þar til það er rjómakent (þarf stundum auka vatn eða kjúklingasoð).

Kryddið með ögn af broddkúmeni eftir smekk, salti og pipar og bragðbætið með sitrónusafa, hvítlauk og tahini.

Svo er hægt að krydda á ýmsan hátt; með jalapeno-chili, karrí, turmerik eða nota bakað eggaldin – sem er ein frægasta uppskriftin og heitir þá *baba ganoush*. Þá er steiktu eggaldini blandað við tahini þar til blandan er orðin þykk. Þá er hún bragðbætt með sitrónusafa, hvítlauk, saxaðri steinselju og salti.

Borið fram með flatbrauði, fersku grænmeti og ólífuoíu.

HANNYRÐAHORNID

Fura – heklað eyrnaband

Stærð: S/M – M/L

Höfuðmál: 54/56 – 56/58 cm

Breidd: ca 11-13 cm.

Garn: Drops Cotton Merino, fæst í Handverkskúnst 100-100 g litur 11, skógargrænn

Hekluál: 4 mm

Heklfesta: 18 hálfir stuðlar og 14,5 umferðir = 10 x 10 cm.

Stutt útskýring á stykki:

- Stykkið er heklað fram og til baka í vinkel.
- Hver umferð með hálfum stuðlum byrja með 2 loftlykkjum (koma EKKI í stað fyrsta hálfu stuðul), t



Uppskriftin:

Heklið 26-32 loftlykkjur (meðtaldar 2 loftlykkjur til að snúa við með) með heklunál 4.

Heklið 1 hálfan stuðul í 3. loftlykkju frá heklunálinni (= 1 hálfur stuðull) – sjá stutta útskýringu að ofan, heklið 1 hálfan stuðul í hverja og eina af næstu 11-14 lykkjum, heklið 3 loftlykkjur, heklið 1 hálfan stuðul í hverja og eina af næstu 12-15 loftlykkjum = 24-30 hálfir stuðlar.

Heklið A.1 yfir fyrstu 5 hálfu stuðlana, A.2 yfir næstu 6-9 hálfu stuðla, A.3 yfir næsta hálfu stuðul + loftlykkjuboga + hálfan stuðul, A.2 yfir næstu 6-9 hálfan stuðul og endið með A.4 yfir síðustu 5 hálfu stuðla.

Haldið svona áfram með mynstur. Fækkið um 1 lykkju í hverri umferð í A.1 og A.4 og aukið út um 1 lykkju hvoru megin við loftlykkjuboga í A.3 (= 2 lykkjur fleiri í hverri umferð í A.3), þ.e.a.s. lykkjufjöldinn verður sá sami. Athugið heklfestuna.

Þegar stykkið mælist 49-51 cm þar sem það er lengst, klippið frá og festið enda. Saumið eyrnabandið saman í ystu lykkjubogana á hvorri hlið.


Mynstur:

- † = hálfur stuðull í lykkju
- Λ = heklið 2 hálfu stuðla saman þannig: * Bregðið

bandi um heklunálinna, stingið heklunálinni í gegnum næstu lykkju, sækið bandið *, heklið frá *.* einu sinni til viðbótar, bregðið bandinu um heklunálinna og dragið bandið í gegnum allar 5 lykkjurnar á heklunálinni (= 1 hálfur stuðull færri).

- † = hstuðull í aftari lykkjubogann frá réttu
- Λ = heklið 2 hálfu stuðla saman í aftari lykkjubogann
- = hálfur stuðull um loftlykkjuboga
- = 3 loftlykkjur

* = fyrsta umferð hefur nú þegar verið hekluð, þetta sýnir bara hvernig hekla á næstu umferð í um lykkjurnar



Létt

5	9			2	8		6
		3		1			4 9
2	1	7	4				
		8		7	3		
7		6				4	5
			5	6		8	
					9	1	8 2
1	6			3		5	
	4		2	5			3 7

Miðlungs

	9		4		7		1
7							9
	1	2				8	4
		1		3		7	
	5		6		4		8
		7		9		4	
	7	8				9	5
6							3
	2		7		5		6

Þung

					1		
			5	9	7		
	4					6	
					4		3
		8		2	5		
1		9					
		7					9
			3	8	6		
			4				

Þyngst

	6		9	8			
				2		4	3
							8
				5			9
7	3			4			1 2
	8				6		
4							
2		3		7			
				9	1		5

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Athugið að verslunin er flutt í Hraunbæ 102a, var áður til húsa í Hraunbæ 102b.

Drops garn á Drops verði
...og mörg hundruð friar uppskriftir með því

Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 587-6662

Fatnaður og skór fyrir fagfólkið **praxis**
...Þegar þú vilt þægindi

Mikið úrval af fatnaði sem þolir hátt hitastig í þvotti, ótrúlega góð efni.

Kíkið á praxis.is

Mikið úrval af klossum

Gæða bómullarbolir fyrir dómur og herra, stuttermá og síðerma, í mörgum fallegum litum.

Erum með fatnað og skó fyrir þá sem gera kröfur

Bonito ehf. • Praxis • Faxafan 10 • 108 Reykjavík • Sími 568 2870
www.praxis.is • Opió mán. og mið. 13-17, fim. 16-18.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Ætlar að verða sauðfjárbóndi

Stella Björk Harðardóttir býr á Efri-Ey 1 í Skaftárhreppi og ætlar að verða sauðfjárbóndi. Henni finnst gaman að spila fótbolta.

Nafn: Stella Björk Harðardóttir.

Aldur: 12 ára.

Stjórnumerkí: Bogamaður.

Búseta: Efri -Ey 1 í Skaftárhreppi.

Skóli: Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundar og kettir.

Uppáhaldsmatur: Lambakjöt.

Uppáhaldshljómsveit: Ég veit það ekki.

Uppáhaldskvikmynd: The Fast and the Furious-myndirnar.

Fyrsta minning þín? Leika með Sígga og Lárusi í leikskólanum.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfi fótbolta.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Sauðfjárbóndi.



Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Ég veit það ekki.

Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt á nýju ári? Spila fótbolta, sigla kajak og vera með fjölskyldunni.

Næst » Ég skora á Lárus Guðbrands-son minn að svara næst.

STARFSMENN

til fjölbreyttra
starfa um lengri
eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannþjónusta

551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Til sölu. Erum með tvo grillskála á útsölu, tilvaldir til að lengja grilltímabilið út árið. Verð 756.000 kr. Eignum einnig 60 m² bílskúr á gamla verðinu. Standard stærðir: 40 m², 60 m², 84 m², 112 m², 140 m². Einnig nokkrar stærðir af hesthúsum og reiðskemmum. Fermetraverð byrjar ca í 19.500 kr. +vsk. í óeinangruðu. Tökum einnig við sérþóttunum. Upplýsingar fást á vefsíðunum www.bruarsmidir.is og www.sparenergihus.dk. Netföng: raggi@bruarsmidir.is og grs@sparenergihus.dk eða í síma 862-8810, Ragnar.



Nýkomnir á lager. VERDO gæða spónaköggjar í 15 kg pokum. Frábær sérstaklega meðhöndlaður undirburður fyrir hross. Brettaafsláttur og brettið keyrt frítt heim á höfuðborgarsvæðinu. Brimco ehf. S. 894-5111 - www.brimco.is. Opíð frá kl. 13-16.30.



Við hjá Front-X ehf. bjóðum upp á vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir í öllum stærðum. <https://www.frontx.is/>



VW Transporter. 8 manna. 6 dyra. Beinskíptur 6 girja. Dísel. Fjór hjóladríf. Sumardekk. Dráttarbeiðli. Árg. 2007. Ekinn 257.000 km. Verð: 700.000 kr. Uppl. í síma 660-3958 / Axel.



Toyota LC GX90, árg. 1999. Ekinn 301 þús. km. 8 manna, sjálfskíptur, dráttarkrókur. Ný tímareim, smurbók, einn eig. á Akureyri sl. 10 ár. Gott eintak. Verð 990.000 kr. Uppl. í s. 866-4085.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Glussaknunar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Brynningartæki. Úrval af brynningar-tækjum frá kr. 5.900 m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð kl. 13-16.30. www.brimco.is



Tym 503HST 4x4
NÝR - Til á lager
Nýtt í ýmis verkefni!



Mercedes-Benz 212D
Árgerð: 1996
Notkun: 240.000 km



Eigum til á lager nýjar
Bobcat mini-gröfur
2.7 tonn og 3.6 tonn



Bobcat A300
Árgerð: 2005 - Notkun: 5.277 vst.
Skófla fylgir



Kato HD 1430
Árgerð: 2007
Notkun: 3.320 vinnustundir
Smurkerfi, hraðtengi og skófla

Margar aðrar vélar í boði.
Skoðaðu úrvalið á:
www.vinnuvelar.is



Vinnuvelar

Kistumel 2 • 116 Reykjavík
Sími 480 0444
vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is



Burstabærir í garða með ljósi, vitar með ljósi og skipalíkon til sölu. Uppl. í síma 694-4429.



Lítið notuð og mjög vel með farin Hegner tifsög m. fæti. Mesta sögunarbreidd 56 cm. Hljóðlát með hraðastilli og öflugum mótör. Svona vél kostar yfir 300 þúsund kr. í Handverkshúsinu en þessi fer á 150 þúsund kr. með fæti. Upplýsingar í síma 846-9993.



Norskar skádælur. 5" eða 6" dælurör, 4,3 m eða lengra. Dælugeta, frá 8.000 L/min. Hræristútur sem hægt er að snúa 360° Skurðarblöð á dæluhjól. Þarf op sem er 70 cm x 70 cm. Hákonarson ehf, hak@hak.is, s. 892-4163.



Taðgreip, Breiddir: 1,2 - 2,5 m. Mjög vandaður og sterkur búnaður, framleiddur í Póllandi. Allar festingar í boði, festingar og slöngur fylgja. Eigum greipar á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



DAF 85, árg. 2000, ekinn 300 þús. km + Sigga súrvagn. Einn frábær í sveitina, einfalt kram og ekkert vesen. Ásett verð 3.000.000 kr. Er í samningastuði. Uppl. í síma 897-6705.



Þurrkaður hænsnaskítur: Nú er fyrirtækið/framleiðslan okkar til sölu sem sérhæfir sig í þurrkuðum hænsnaskít. Um er að ræða tæki og tól til þurrkunar á hænsnaskít, töluvert af umbúðum og viðskiptavild. Nánari upplýsingar í síma 892-5440 (Rúnar).



Patrol árg. 2004 til sölu. Nýskoðaður án athugasemda. Nýtt þúst og bremsur. Tilboð óskast. Uppl. í síma 820-8587, Sigurður.



Toyota Hilux árg. 1992, 2,4 dísel. Ekinn 310.000 km. Fornbíll. Tilboð. Uppl. í síma 861-3157.

KRAFTVÉLAR

Til sölu



John Deere 6430

Árgerð 2012, vinnustundir 3,370.
120 hö, girrkassi 16x16.

Verð 7.290.000.- kr. án vsk.
9.039.600.- kr. með vsk.



New Holland T4.105 DC

Árgerð 2017, vinnustundir 670.
107 hö, girrkassi 24x24,
ALÖ X36 ámoksturtaeki.

Verð 6.890.000.- kr. án vsk.
8.543.600.- kr. með vsk.



New Holland T5.105 DC

Árgerð 2014, vinnustundir 5,130.
107 hö, girrkassi 24x24,
ALÖ X46 ámoksturtaeki.

Verð 5.390.000.- kr. án vsk.
6.683.600.- kr. með vsk.



New Holland TS100A

Árgerð 2005, vinnustundir 6,650.
100 hö, girrkassi 16x16,
Alö 10.60 ámoksturtaeki.

Verð 3.390.000.- kr. án vsk.
4.203.600.- kr. með vsk.



Valtra N123 HiTech 3

Árgerð 2014, vinnustundir 2,000.
135 hö, girrkassi 36x36.

Verð 7.560.000.- kr. án vsk.
9.374.400.- kr. með vsk.

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Draupnigata 6 / 603 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



Fjölplógur PUV3300
Breidd 3,3m, án festinga
Verð: 735.000 kr. + vsk



Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Án festinga
2,6m Verð: 830.000 kr. + vsk
2,8m Verð: 850.000 kr. + vsk
3,0m Verð: 890.000 kr. + vsk
3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk



Fjölplógur PUV „HD“
Án festinga
3,6m Verð: 1.190.000 kr. + vsk
4,0m Verð: 1.270.000 kr. + vsk



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m³, rafstýður, 12V
Verð: 1.250.000 kr. + vsk



Sjnjótönn fyrir lyftara
2,5m breið.
Verð: 175.000 kr. + vsk



Sjnjótönn, 3000 HD
3m, Euro festing
Verð: 315.000 kr. + vsk



Sanddreifarar
3P og EURO festing
1,5m Verð: 450.000 kr. + vsk
2m Verð: 495.000 kr. + vsk
2,3m Verð: 545.000 kr. + vsk
Aukabúnaður: Glussatjakkur



Flaghefinn 310-70
3m, +/- 32°, 1692 kg
Verð: 625.000 kr + vsk



Aflvélar ehf., Vesturhrauni 3,
210 Garðabær, sími: 480-0000
aflvelar.is - sala@aflvelar.is



Talia og hlaupaköttur, lyftigeta allt að
1 tonn. Búvís. Sími 465-1332.



Subaru Outback árg. 2007 er
tilsölu. Sjálfskiptur, ekinn 209.000
km. Billinn er með krók og í góðu
ásigkomulagi. Verð kr. 790.000.
Upplýsingar: Höfðahöllin, eða sími
895-2730.



Vara- og aukahlutir í flestar gerðir af
kerrum. Sendum um land allt. Brimco
ehf. Efríbraut 6, Mos. S. 894-5111.
Opíð frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is




Magnaðir gafflar í hirðinguna og
önnur störf. Álskaft og plastgreiða
nær óbrjótanleg. 900 g að þyngd.
Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um
land allt. Brimco ehf. Efríbraut 6, Mos.
S. 894-5111. Opíð frá kl. 13-16.30.



Göweil brýnsluvélar fyrir rúlluveláhnifana.
Verð kr. 272.000 án vsk.
Tryggið ykkur eintak fyrir heyskapinn
2019. Nánari upplýsingar í s. 465-1332.



Útsala dekk 205/75 R 17.5, 245/70 R
19.5 275/70 R 22.5 1.stk. af 16.9 30,
11.2 28,14.9 24, 12.4 24, 1400-24 38
x1 5.5 R 16.5 (Super Swamper) og
fl. stærðir. Uppl. í s. 820-1071.



Vorum að fá ýmsar stærðir af traktorsdekkjum.
Búvís, sími 465-1332.



Keðjutalia og hlaupaköttur. Búvís.
Sími 465-1332.



Gunnar Hippe norskar kerrur í úrvali.
Búvís, s. 465-1332.



Rafstöðvar með original Honda
vélum og Yanmar dísil á lager.
Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á
Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig
hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna.
Við bjóðum upp á allar gerðir af
rafstöðvum. Mjög hagstætt verð.
Hákonarson ehf., www.hak.is,
s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Sicam SBM 800s jafnvægisstillingarvél
fyrir vörubíla. 45 tonna
tjakkur. Öryggisbúr fyrir stór dekk.
Loftlykill. Uppl. í síma 820-1071.



Matador vetrardekk (Continental) og
Kebek dekk útsala, 225/70 R 16,
215/55 R 16, 225/65 R 17, 235/45
R 17, 235/60 R 18, 225/45 R 18,
255/50 R 19 235/65 R 16 C, og fleiri
stærðir. Uppl. í s. 820-1071.



Skotbómur á vinnuvélar. Sérsmíðaður
vandaður búnaður frá Póllandi. Allar
festingar fánlegar. Mjög hagstætt
verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163.
hak@hak.is - www.hak.is



Traktorsdrifnar brunndælur með
mikla hrærigetu. Margar stærðir og
útfærslur fyrir bændur og verktaka.
Dælugeta allt að 27.300 L / mín.
Stuttur afgreiðslutími. Hákonarson ehf.
S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Vinnufataskápar. Öryggisskápar
fyrir hættuleg efni. Þriggja sæta nýr
bekkur fyrir Mercedes Benz Sprinter
og stól. Uppl. í síma 820-1071.



Mercedes Benz C250 árg. 2013.
Ekinn 104.000 km. Fourmatic.
Sjálfskiptur, distronic fjarlægðar-
stillir, panorama þakkluggar, raf-
magnssæti, rúður o.fl. Uppl. í síma
820-1071.



Amerísk vél til að gufuþvo vélarhluti.
Nýjar 17 tomnu Land Rover Freelander
felgur. Bílalyftur fyrir dekkjaverkstæði.
Uppl. í síma 720-1071.



Hljóðlátar rafstöðvar fyrir ferða-
vagna. Eigum á lager, japanskar
rafstöðvar með Subaru vélum.
Hljóðdempun er mjög góð, 56 dbA
@ 7 m. Hákonarson ehf. S. 892-
4163, hak@hak.is - www.hak.is



M&B WB680P nýleg ítölsk jafn-
vægisstillingarvél til sölu. Einnig
notaðar umfelgunarvélar og lyftur.
Uppl. í síma 820-1071.



Sjnjóblásarar, greinakurlarar, afrúll-
arar, rúlluspjót og margar sortir af
hagasláttuvélum. Margt nýtt á traktorinn
á hardskafi.is. Uppl. í s. 896-5486.



Til sölu Musso með bilaðan mótör.
Dísel, árg. '99, ekinn um 300.000 km.
Skoaður '19, sjálfskiptur. Billinn er á
mjög góðum heilsársdekkjum. Lítur
þokkalega út. Verð er ekki heilagt.
Tilboð óskast. Frekari uppl. í síma
866-6766.



Góð vél í snjómokstur. Caterpillar
IT 14, árg. 1997. 6.500 klst. Allar
upplýsingar í síma 480-0444 og
767-5050, Heimir.



Scania R730 6x4
Árg. 2017. Ekinn 120.000 km.
Einn með öllu m.a. dælu.
Verð: 16.500.000 + vsk.



Scania R620 6x4
Árg. 2013. Ekinn 520.000 km.
Einn með öllu m.a. dælu.
Verð: 7.700.000 + vsk.



Scania R730 6x4
Árg. 2011. Ekinn 523.000 km.
Einn með öllu.
Verð: 6.900.000 + vsk.



Scania R620 6x2/4
Árg. 2007. Ekinn 670.000 km.
Með dælu.
Verð: 2.900.000 + vsk.



Scania P230
Árg. 2007. Ekinn 800.000 km.
Með heilopnun á kassa, 2 tonna
lyftu og Thermoking frystivél.
Verð: 3.500.000 + vsk.



Scania P94/310
Árg. 1997. Ekinn aðeins
310.000 km. Lítið keyrður bíll
í mjög góðu standi.
Verð: 1.250.000 + vsk.



Pacton flatvagn
13 m flatvagn fyrir 10 hjóla bíl.
Búkki á fyrsta öxli,
aftasta hásing stýranleg.
Verð: 1.500.000 + vsk.

Frekari upplýsingar
í síma 7731630.

FRAKT LAUSNIR

Vilko og Ölgerðin í samstarf: Styrkir atvinnulífið á Norðurlandi vestra

Samningur um vinnslu og pökkun á nokkrum vörutegundum fyrir Ölgerðina hefur verið undirritaður, m.a. olíum, kryddum og poppi. Það er Vilko á Blönduósi sem pakkar. Kári Kárasón, framkvæmdastjóri Vilko og Gunnar B. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs Ölgerðarinnar, undirrituðu samninginn.

Verkefnið skapar framtíðarstörf hjá Vilko og gerir félaginu kleift að nýta þann vélakost sem það hefur fjárfest í undanfarin ár. Samningurinn er því jákvæður

fyrir félagið, segir á Facebook-síðu Vilko.

Þar segir einnig að forsvarsmenn beggja fyrirtækja séu samtaka um að auka þetta samstarf enn frekar á komandi mánuðum og árum sem sé kærkomið fyrir atvinnulífið á Norðurlandi vestra. Áætlað er að hefja framleiðslu fyrir áramót og verða nýjar vélar settar upp af því tilefni.

„Þetta verkefni skapar ekki bara störf í Vilko heldur mun þetta fara hátt í að tvöfalda vörumagn sem við sendum frá okkur með flutningsfyrirtækjum auk þess sem vélar og tæki þarf að þjónusta og viðhalda,“ segir á síðunni. /MPP

Íbúum við Þjóðveg 711 þykir hægt miða með úrbætur: Slæmt ástand vegar eykur kostnað við viðhald bílanna

Íbúar við Þjóðveg númer 711 í Vesturhópi og á Vatnsnesi í Húnaþingi vestra héldu nýlega fund um vegamál þar sem markmiðið var að fara yfir stöðuna, m.a. hverju fyrri fundur um málið hefði skilað og til að skiptast á skoðunum, en einnig til að undirbúa fund með samgönguráðherra, fulltrúum Vegagerðar, sveitarstjórn Húnaþings vestra og fleiri aðilum. Fundurinn var vel sóttur.

Fram kom að þingmenn kjördæmisins hefðu lítil viðbrögð sýnt við ályktun fyrri íbúafundar um vegamál og vakti það undrun fundarmanna. Eins hefðu þeir viljað sjá sterkari viðbrögð frá ferðaþjónustuaðilum og félagasamtökum í heimabyggð. Þjóðvegur 711 er enn afleitur þrátt fyrir heflun og á vestanverðu Vatnsnesi er enn 30 kílómetra hámarkshraði á hluta vegarins, en þar hafa engar úrbætur verið gerðar.

Einn fundarmanna stundar bílavíðgerðir og kom fram hjá honum að viðhaldskostnaður bíla á svæðinu hefur hækkað mikið undanfarin ár, bremsubúnaður, höggdeyfar og aðrir slitfletir endast skamman tíma miðað við eðlilegt ástand. Kemur þetta ekki síst niður á þeim sem aka til og frá vinnu, skólabílum, póstbíl og öðrum þjónustuaðilum.

Börn gubba í skólabílum

Fram kom einnig að börn í

skólaakstri kasti upp af og til vegna hristings og þá er hávaði inni í bílnum meiri þegar þeir skella ofan í holum á veginum. Ferðatími til og frá skóla hefur lengst mikið vegna ástands vegarins. Á fundinum var rætt um að sennilega yrði þess ekki langt að biða að foreldrar hætti að senda börn í skóla og að sú ráðstöfun yrði á ábyrgð stjórnvalda. /MPP

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Sérverslun með dróna



Mavic 2 Pro

dji | REYKJAVÍK
AUTHORIZED RETAIL STORE
dji.is
Lækjargata 2a
Sími 519 4747

SUEVIA

Veltanleg vatnskör



Verð frá kr. 92.272

Með gólf- eða veggfestingum

Útsölastaðir:
Landstólpi - Egilsstöðum
Vélavali - Varmahlíð



Drottinn horfir á mennina af himnum ofan til þess að sjá hvort nokkur sé hygginn, nokkur sem leiti Guðs.

Sálm. 14.2

biblian.is

www.bbl.is

12.500 kr Kuldagallar á tilboði

Hver galli Hydrowear kuldagalli blár

- Loðfóðraður en vattfóðraður í ermum og skálmum
- Efnið í gallanum er vatnsfráhrindandi
- Rennilás að framan og á skálmum. • Stærðir S – 3XL.

Jobman vetrargalli svartur Frí sendingarkostnaður

- Léttur vattfóðraður galli.
- Pólýester með PU-húð að innan sem ver gegn vindi og vatni.
- Rennilásar á skálmum upp að mjöðm auðveldar að fara úr og í.
- Stærðir: S-3XL

Wenaas kuldagalli gulur/svartur

- Léttur og þægilegur
- Vattfóðraður með rennilás. • Stærðir: M - 2XL

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

EYJALIND **GRAMMER**

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Allar gerðir startara og alternatora



ASCO

461 1092 • asco.is

BÍLARAFMAGN

Bændablaðið
kemur næst út
31. janúar



Til sölu: Öflug RUSLAPRESSA

ORWAK 5030 fyrir atvinnurekstur. Pressar í svarta ruslapoka, 10x þrýstingur. Verð samkomulag.

Einnig til sölu nokkur falleg skrifborð, stólar og lágir skápar+ margir hvítir Billy skápar. Allt vel með farið. Skoðum öll tilboð.

Upplýsingar í s. 660-5440



Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB traktorsgröfur

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is



Minnkum kolefnasporið saman



Áburðartegundir sem hafa nítrat sem undirstöðuefni eins og ammóníumnítrat, kalsíumammóníumnítrat og NPK-blöndur eru með hreinum næringarefnum sem bjóða upp á þá nákvæmni, skilvirkni og áreiðanleika sem þörf er á, út frá jarðræktar-, umhverfis- og sjálfbærnis-sjónarmiðum í landbúnaði.

Nítratáburðartegundir Yara hafa mjög lítið kolefnisspor og eru því besta lausnin fyrir bændur sem vilja uppskeru en ekki CO₂.

Öll verð á Yara áburði má sjá á heimasíðu okkar, www.yara.is og í áburðartímaritinu **Kornið** sem var sent út með Póstinum í síðustu viku. Sölumenn okkar um land allt veita frekari upplýsingar um Yara áburð.